


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Uppskerutíð í mýrinni
*Gestum Norræna hússins verður boðið að smakka á uppskerunni og taka þátt í sultukeppni*
allt 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
10. september 2010
212. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Möguleikhúsið 20 ára
*Er með átta sýningar á afmælisdagskránni.*
tímamót 26

## Góðir gestir
*Magnús Þór Gylfason með erlenda rappara á nýrri plötu.*
fólk 42



## Treysta ekki Erlendi
*KR-ingar vilja ekki að Erlendur Eiríksson dæmi leik ÍBV og KR.*
sport 38



**NÍÐST Á NÝNEMUM** Eldri nemendur Kvennaskólans í Reykjavík létu nýnema bugta sig og beygja þegar busavígsla skólans fór fram í gær. Það er gömul hefð í ýmsum framhaldsskólum að eldri nemendur láti nýnemana finna til tevatnsins í upphafi skólaárs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svikahnappur kemur upp um 39 svindlara

**Tilkynningahnappur um bótasvik á heimasíðu Tryggingastofnunar skilaði á sjöunda tug ábendinga á tveimur mánuðum. Tilkynningar eru oftast nær á rökum reistar. Inngrip lögreglu í málunum hefur átt sér stað í kjölfarið.**

TRYGGINGAR Upp hefur komist um 39 svindlara á síðustu tveimur mánuðum fyrir tilstilli tilkynningahnapps um bótasvik á heimasíðu Tryggingastofnunar (TR). Hnappnum var komið fyrir á síðunni fyrir ári síðan en frá 1. júlí í ár hafa 63 ábendingar um bótasvik borist. Af þeim reyndust 39 mál réttmæt og voru send til frekari skoðunar eða aðgerða.

Ásta Arnardóttir, deildarstjóri kynningarmála hjá TR, segir flestar ábendingar varða sambúð fólks sem ekki er skráð. Ferli stofnunarinnar gangi þá svo fyrir sig að þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um brot á lögheimilislögum er haft samband við þjóðskrá sem lætur kanna málið frekar og krefur einstaklinga skýringa.

Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár, segir að ekki sé hægt að skylda fólk til að skrá sig í sambúð, þó svo tveir einstaklingar búi saman. En njóti einstaklingar bóta sem þeim ber ekki réttur til og hafi ekki veitt þjóðskrá fullnægjandi skýringar, er lögreglu falið að rannsaka málið.

Lögregla hefur þegar farið í heimsóknir til þess að staðreyna búsetu fólks eftir ábendingar sem bárust í gegnum hnappinn. Í flestum tilvikum hefur grunurinn verið á rökum reistur og lögheimili viðkomandi er þá leiðrétt. Bótagreiðslur eru þá einnig leiðréttar í kjölfarið.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir lögreglunni bera skylda til að aðstoða Þjóðskrá og TR þegar óskað er eftir því. Í tilvikum sem þessum mætir lögregla á staðinn þar sem fólkið býr og ræðir við það. Upplýsingum er svo komið til þjóðskrár. Hins vegar ef um grunsemdir um bótasvik er að ræða er málið rannsakað sem sakamál.

„Þetta eru tvö aðskilin atriði. Annars vegar aðstoð við Tryggingastofnun og þjóðskrá til að staðfesta hvort viðkomandi búi á tilteknum stað eða ekki. Það er ekki rannsakað sem sakamál," segir Stefán. „Hins vegar þegar um er að ræða grunsemdir um bótasvik, þá fer málið í hefðbundinn farveg sem rannsókn á sakamáli hjá lögreglu."

Þeir aðilar sem hafa ranglega sagt til um búsetu sína hjá þjóðskrá eru ekki sektaðir, sé málið ekki rannsakað sem sakamál hjá lögreglu. - sv

Sirkusatriði bannað í Ástralíu:
## Má ekki kyngja lifandi fiskum

ÁSTRALÍA Sirkusatriði þar sem maður kyngir og selur upp lifandi fiski hefur verið bannað í Ástralíu þar sem yfirvöld þar í landi telja illa farið með dýrið.

Atriðið er eitt af mörgum sem sýnt er í Moskvusirkusnum sem hefur verið á ferðalagi um Ástralíu. Yfirvöld ákváðu að skoða málið vegna fjölda kvartana sem bárust frá áhorfendum.

Dýraverndunarsamtök í Ástralíu fögnuðu banninu. - kh

## veðrið í dag




**DÁLÍTIL RIGNING** verður víða um land og frekar hægur vindur. Hiti verður á bilinu 10 til 17 stig, svalast með austurströndinni.
VEÐUR 4


Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.








## SPURNING DAGSINS



*Finnur, er allt gull sem glóir?*

„Nei, oft leynist nú flagð undir fögru skinni.“

Finnur Guðni Þórðarson, gullsmiður á Akranesi, hefur vakið athygli fyrir skartgripi sem hann vinnur sumpart úr gömlu gulli.

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins telur ákærur á ráðherra kunna að leiða til gjaldþrots ríkisins:

# Þriðja hrunið er í nánd segir Vilhjálmur

**FJÁRMÁL** „Það þarf að hætta að slátra köttum en fara á fullt í að veiða mýs,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og varar við afleiðingum þess að fyrrverandi ráðherrar verði ákærðir fyrir vanrækslu í starfi í aðdraganda bankahrunsins.

Vilhjámur segir í pistli á heimasíðu SA að ekki sé útilokað að annað hrun verði í fjármálakerfinu ef allt fari á versta veg fyrir fjármálafyrirtækin vegna ólögmætis gengisbundinna lána. „Þriðja hrunið er ennfremur raunhæfur möguleiki en það gæti gert sjálft ríkið gjaldþrota,“ skrifar Vilhjálmur og bendir á að senn ákveði Alþingi hvort sækja eigi nokkra fyrrverandi ráðherra til saka fyrir vanrækslu. „Vandséð er hvernig hægt er að sakfella þetta fólk fyrir vanrækslu án þess að ríkið sjálft verði þá bótaskylt vegna afleiðinga meintra misgjörða þeirra.“

Vilhjálmur segir að vera megi „að einhver mikil réttlætisþörf búi að baki áformum um að hafa æru af“ viðkomandi ráðherrum. „En spurningin er hvort þjóðin hafi efni á slíku réttlæti? Er það ekki hún sjálf sem hlýtur þá mestu refsinguna með hugsanlegu gjaldþroti ríkisins?“ skrifar Viljálmur og kveður nær að líta til þjóða sem farið hafi leið sátta og samstöðu til að gera upp erfið mál.

„Alþingismenn þurfa að sjást fyrir í stórfum sínum. Það er ekki ráðlegt að svala pólitískum hefndarþorsta sínum með því að setja framtíð ríkisins í óvissu. Því menningarbyltingarkennda ástandi sem ríkt hefur þarf að linna.“ - gar



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Ekki hægt að sakfella ráðherra fyrir bankahrunið án þess að ríkið verði bótaskylt segir framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Jón Gnarr notar netið í gúggl:

## Klám er kynlíf án kærleika

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr borgarstjóri segir ummæli sín um klámnotkun við frönsku fréttastofuna AFP hafa verið tekin úr samhengi.



**JÓN GNARR**

Spurður af AFP um netnotkun svaraði borgarstjórinn því til að hann notaði netið mest til að skoða klám. Haft var eftir honum á Vísi að hann hafi strax tekið fram við franska fréttamanninn að ummælin um klámið væru grín. Hið rétta væri að hann notaði netið aðallega til að fara á Facebook og „gúggla“. Þetta kom þó ekki fram í viðtalinu í AFP.

Þá sagði Jón aðspurður að klám og klámnotkun væri sorgleg. „Þetta er kærleikslaus heimur og óaðlaðandi. Þetta er kynlíf án kærleika sem er bara dýrslegt og ógeðfellt,“ hefur Vísir eftir borgarstjóranum.

Ummæli Jóns vöktu hörð viðbrögð, sérstaklega meðal fulltrúa minnihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur. Málið var rætt í borgarráði í gær. - gar

La Nina vaknar til lífs:

## Búist við öflugum fellibyljum

**BANDARÍKIN, AP Veðurfyrirbrigðið La Nina er í vexti þessa dagana, sem eykur líkurnar á því að fellibylir í Karíbahafi og vestanverðu Atlantshafi verði öflugri þetta árið en annars hefði orðið.**

**La Nina einkennist af því að hlýr sjór í austanverðu Kyrrahafinu kólnar nokkuð. Búast má við því að þetta ástand vari eitthvað fram á næsta ár.**

**Fellibyljatíminn á Atlantshafi er í hámarki þessar vikurnar.** - gb

# Tæp milljón hvarf að næturlagi í Búðardal

**Þjófur sem virðist hafa haft lykil að Samkaupum í Búðardal stal þaðan tæplega níu hundruð þúsund krónum að næturlagi í síðustu viku. Bæði lögregla og Samkaup verjast allra frétta af málinu sem er sagt viðkvæmt fyrir bæjarbúa.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega níu hundruð þúsund krónum í peningum var stolið í síðustu viku úr Samkaupum í Búðardal.

Engar upplýsingar hafa fengist frá lögreglu um þjófnaðinn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hurfu peningarnir úr Samkaupum á tímabilinu frá því eftir lokun seint á sunnudagskvöld þar til verslunin var opnuð að morgni mánudags. Sérstakt er við málið að ekki virðist hafa verið brotist inn heldur hafi þjófurinn einfaldlega hleypt sér inn með lykli.

Mikill þagnarhjúpur umlykur málavexti enn sem komið er. Rannsóknardeild lögreglunnar á Akranesi fer með rannsókn málsins en ekki fékkst viðtal við liðsmenn deildarinnar í gærkvöldi. Almennir lögreglumenn sem rætt var við sögðust ekkert geta sagt um framgang rannsóknarinnar. Starfsmaður Samkaupa í Búðardal sagðist sömuleiðis ekkert hafa um málið að segja og vísaði á aðalskrifstofu fyrirtækisins í Reykjanesbæ.

„Það er svo margt einkennilegt við þetta. Þess vegna viljum við að lögreglan fái frið til að vinna í málinu,“ segir Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, sem aðspurður játar að um algerlega einstakt mál sé að ræða í sögu Samkaupa.

Þar sem svo virðist sem þjófurinn hafi einfaldlega haft lykil að versluninni beinist grunur að þeim sem þar hafa lyklavöld. Málið er því sérstaklega viðkvæmt í svo litlum bæ eins og Búðardalur er. „Allt svona er leiðinlegt í fámenni,“ segir Ómar en bendir um leið á að ekki sé vitað hver þjófurinn sé. „Samgöngur eru góðar og það er mikið af fólki á ferðinni á þjóðvegum þannig að það er ekkert hægt að fullyrða í þessu.“

Ómar segir að peningarnir sem stolið var hafi verið sala helgarinnar. Féð hafi verið geymt í læstu peningahólfi. „Þar sem aðstaða er til, eins og á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, er náttúrulega verið að nota öryggisþjónustu til peningaflutninga. Á minni stöðum úti á landi er ekki boðið upp á slíkt,“ segir Ómar sem vill ekki svara því hvort peningaþjófurinn hafi sést í eftirlitsmyndavélunum sem eru á staðnum.

„Lögreglan er að rannsaka málið og það er best að segja sem minnst á meðan,“ ítrekar hann og útskýrir að ekki sé ástæða til að fjalla um málið í fjölmiðlum á meðan ekki sé vitað hvað gerðist. „Það er spurning hverju það skilar til bæjarbúa á meðan við vitum ekki meira. Þetta er bara ákveðin varkárni hjá okkur.“ gar@frettabladid.is



**BÚÐARDALUR** Samkaup reka verslun og söluskála í þjóðbraut í Búðardal. Eftir lokun á sunnudagskvöld í síðusti viku hurfu tæplega níu hundruð þúsund krónur úr versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLI KRISTJÁN



**SÍGAUNAR** Frakklandsforseti hefur sagt búðir rómafólks í landinu gróðrastíu glæpa. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuþing ósátt við Frakka:

## Sagt að hætta brottrekstri

**FRAKKLAND, AP Evrópuþingið samþykkti í gær, með 337 atkvæðum gegn 245, harðorða ályktun þar sem þess er krafist að frönsk stjórnvöld hætti þegar í stað að vísa rómafólki, eða sígaunum, úr landi.**

**Eric Besson, innflytjendaráðherra frönsku stjórnarinnar, sagði ekkert hæft í því að aðgerðum sé sérstaklega beint gegn rómafólki. Einungis sé um almennar aðgerðir að ræða gegn ólöglegum innflytjendum.**

**Sjaldgæft er að Evrópuþingið gagnrýni aðildarríki Evrópusambandsins með jafn ótvíræðum hætti.** - gb

Rangæingar vilja ljósleiðara:

## Segja ADSL ófullnægjandi

**FJARSKIPTI** Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur ákveðið að láta kanna möguleika á ljósleiðaravæðingu í dreifbýli. „Hröð framþróun í upplýsingatækni og sjónvarpsmiðlun, möguleikar vegna fjarvinnslu og tilkoma nýrrar tækni, svo sem tölvuskýja, gerir það að verkum að núverandi örbylgjusamband eða ADSL fullnægja ekki þörfum fólks í nútíð, hvað þá í framtíð. Nauðsynlegt er að byggðirnar fylgi þessari þróun ef þær eiga að vera aðlaðandi valkostur til búsetu,“ segir í samþykkt sveitarstjórnarinnar. - gar






Fidel Castro segir efnahagskerfi kommúnismans á Kúbu ekki henta öðrum:

# Virkar ekki einu sinni á Kúbu

**KÚBA, AP** „Kúbukerfið virkar ekki einu sinni fyrir okkur lengur,“ sagði Fidel Castro, fyrrverandi Kúbuleiðtogi, í samtali við bandaríska blaðamanninn Jeffrey Goldberg.

Goldberg skýrir frá þessu á bloggsíðu sinni hjá tímaritinu The Atlantic. Hann segir Castro hafa svarað þessu til þegar hann var spurður hvort efnahagskerfið á Kúbu gæti enn verið nothæft í öðrum ríkjum.

Svar Castros kom nokkuð á óvart, því hann hefur forðast að ræða innanríkismál síðan hann vék úr embætti af heilsufarsástæðum fyrir fjórum árum. Bróðir hans, Raul, sem tók við stjórnartaumunum, hefur hins vegar ítrekað sagt þetta sama.

Meira en 90 prósent fyrirtækja á Kúbu eru enn í ríkiseigu. Ríkið borgar starfsfólkinu um það bil 2.400 krónur í mánaðarlaun, en útvegar fólki í staðinn ókeypis heilsugæslu og menntun og nærri ókeypis samgöngur og húsnæði. Matur er að hluta niðurgreiddur af ríkinu.

Kúbustjórn segir efnahagserfiðleika landsins að miklu leyti viðskiptabanni Bandaríkjanna að kenna, sem hefur verið í gildi í 48 ár. - gb



**FIDEL CASTRO** Kominn í gamla græna búninginn þegar hann ávarpaði háskólanema fyrir viku. NORDICPHOTOS/AFP


FLUGFELAG.IS
AKUREYRI 1995
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 51063 08/10

**GENGIÐ 09.09.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,14 | 118,70 |
| Sterlingspund | 181,99 | 182,87 |
| Evra | 150,17 | 151,01 |
| Dönsk króna | 20,165 | 20,283 |
| Norsk króna | 19,088 | 19,200 |
| Sænsk króna | 16,231 | 16,327 |
| Japanskt jen | 1,4113 | 1,4195 |
| SDR | 178,57 | 179,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,1216

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ýmis frumvörp voru send til lokaumræðu í nefndum Alþingis í gær og fyrradag:

# Nokkur frumvörp afgreidd á lokametrunum

**ALÞINGI** Nokkur stjórnarfrumvörp hafa verið afgreidd til nefnda og þriðju umræðu á Alþingi í fyrradag og í gær. Reyna á að afgreiða þau sem lög frá þinginu áður en því verður slitið í lok næstu viku.

Í gær var frumvarp um breytingar á stjórnarráðinu afgreitt sem lög. Það kveður á um sameiningu dómsmála-, mannréttinda og samgönguráðuneytanna í eitt innanríkisráðuneyti og heilbrigðis-, félags- og tryggingamálaráðuneytisins í eitt velferðarráðuneyti. Þær breytingar eiga að taka gildi um áramót. Þá munu iðnaðar-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sameinast í atvinnumálaráðuneyti og umhverfisráðuneytið einnig verða ráðuneyti auðlindamála. Síðari breytingarnar munu taka gildi 1. apríl. 2011.

Þá var frumvarp umhverfisráðherra til skipulagslaga, sem kveða á um landnýtingu til framtíðar, afgreitt til nefndar. Frumvarpið er í 57 liðum og mjög viðamikið.

Frumvarp iðnaðarráðherra um afnám iðnaðargjalda, í samræmi við dóm Mannréttindadómstóls Evrópu um ólögmæti þess, og endurráðstöfun þeirra gjalda sem þegar hafa verið innheimt, var einnig afgreitt til þriðju umræðu, sem og þrjú frumvörp dómsmálaráðherra um aukin réttindi innflytjenda og hælisleitenda.

Í gær fór svo frumvarp um stjórnlagaþing einnig til þriðju og síðustu umræðu. **- sh**



**AF ÞINGI** Alþingismenn hyggjast afgreiða hin og þessi frumvörp sem lög fyrir lok næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



**BARACK OBAMA** Segir brennuna brjóta gegn siðferðisgildum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama í sjónvarpsviðtali:

## Hvetur prest til að hætta við

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hvetur leiðtoga lítils trúarsöfnuðar á Flórída til að hætta við bókabrennu, sem hann hefur boðað til á morgun þar sem brenna á trúarrit múslima, Kóraninn.

„Þetta auðveldar Al Kaída að afla sér nýrra meðlima,“ sagði Obama í sjónvarpsviðtali í gær. Hann sagði brennuna stofna lífi bandarískra hermanna í hættu, auk þess sem hún sé í andstöðu við siðferðisvitund Bandaríkjamanna.

„Þetta land hefur verið byggt upp á hugmyndinni um frelsi og trúarlegt umburðarlyndi.“ **- gb**

**BANDARÍKIN**

### Afar og ömmur í kreppunni

Samkvæmt nýrri rannsókn hefur efnahagskreppan, í Bandaríkjunum í það minnsta, haft þau áhrif að afar og ömmur gera meira af því að ala upp börn barna sinna en áður tíðkaðist.

**LEIÐRÉTTING**

Heilsuakademían tekur ekki þátt í Íslandsmótinu í súlufitness eins og kom fram í frétt um mótið.

# Játar dráp og ber við gruni um barnaníð

**Rúmlega þrítugur maður, sem varð rúmlega fimmtugum manni að bana í Reykjanesbæ í maí, kvaðst í dómsal í gær hafa haldið að fórnarlambið misnotaði krakka. Sakborningur sagðist sjálfur hafa verið misnotaður á leikskólaaldri.**

**DÓMSMÁL** „Ég held að ég hafi drepið mann,“ var það fyrsta sem Ellert Sævarsson sagði við systur sína þegar hann kom heim aðfaranótt 8. maí í vor eftir að hafa veitt rúmlega fimmtugum manni áverka sem leiddu hann til dauða.

Þetta kom fram við aðalmeðferð málsins sem fram fór í gær í Héraðsdómi Reykjaness. Ellert veittist að manninum á göngustíg við Bjarnarvelli í Reykjanesbæ með þeim afleiðingum að hann lést af áverkum á höfði.

Ellert, sem er 31 árs, lýsti aðdraganda verknaðarins með þeim hætti, að hann hefði mætt manninum á göngustíg um nóttina. Þegar hann hefði spurt hann hvað hann væri að gera hefði maðurinn sagst vera „að bíða eftir krökkum“. Ellert kvaðst hafa spurt hann hvort hann væri að misnota krakka. Maðurinn hefði þá gengið í burtu en hann hafi elt hann og spurt hvort þetta væri rétt.

Samkvæmt lýsingu Ellerts gekk maðurinn þá að húsi við Bjarnarvelli. Sjálfur kvaðst Ellert hafa ætlað að komast einhvers staðar inn til að hringja á lögregluna. Maðurinn kom þá til baka en Ellert gekk í veg fyrir hann og sagði að hann færi ekki fyrr en lögreglan væri komin.

„Ég var hálfæstur… ég ætlaði að öskra en gat það ekki,“ sagði Ellert í dómsal. Spurður um viðbrögð mannsins sagði Ellert sig ekki reka minni til þess að hann hefði sagt neitt. Hann hefði bara grett sig og gengið með hendur á lofti í átt til sín. Ellert sagðist síðan ekkert muna þar til að maðurinn lá á jörðinni og hann hafi verið að sparka í höfuð hans og bringu. Síðan hafi hann tekið upp hellustein, sem reyndist vera tólf kíló og hent í manninn. Við yfirheyrslur hjá lögreglu taldi hann steininn hafa lent í höfði hans.



**LEIDDUR Í DÓMSAL** Aðalmeðferðin fór fram með miklum tilfinningaþunga, þar sem bæði aðstandendur geranda og fórnarlambs mættu í dómsal. Sjálfur brast sakborningur þó öðru hvoru í grát í frásögn sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eftir þetta hljóp Ellert heimleiðis og hitti þá systur sína fyrir, sem hann sagði eiga lítil börn. Fram kom í dómsal, að hann hefði verið misnotaður af fullorðnum karlmanni þegar hann var á leikskólaaldri. Hann kvað það hafa komið upp í hugann af og til á þeim árum sem síðan eru liðin. Þegar lögregla sagði honum morguninn eftir að maðurinn væri látinn sagði Ellert: „Hann er þá ekkert að fara að gera neitt við frænda minn.“

Þá kom fram að Ellert hafði drukkið áfengi síðustu tvo sólarhringana fyrir verknaðinn og mældist mikið magn þess í blóði hans. Jafnframt leifar af amfetamíni. Ellert er menntaður flugvirki. Hann hefur verið atvinnulaus að undanförnu og skuldar há námslán.

jss@frettabladid.is

Kosningar til stjórnlagaþings:

## Númer en ekki nöfn á kjörseðli

**ALÞINGI** Kjósendur munu þurfa að rita númer á kjörseðla þegar kosið verður til stjórnlagaþings, en ekki merkja við nöfn frambjóðenda eins og tíðkast hefur í persónukjöri til þessa. Þetta er meðal breytinga sem gerðar verða á lögum um stjórnlagaþing verði frumvarp þar um að lögum eins og allt bendir til.

Róbert Marshall, formaður allsherjarnefndar, mælti fyrir frumvarpinu í gær. Hann útskýrði að ef frambjóðendur til þingsins verða fleiri en 115 yrði letrið á kjörseðlinum allt of smátt án þessarar breytingar, eða kjörseðillinn á stærð við verðlaunaávísanir í hjólreiðakeppnum, eins og Róbert komst að orði. Því væri lendingin að gefa frambjóðendum númer, og hver kjósandi ritaði síðan 25 númer á seðilinn.

Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki, mótmælti breytingunni og sagði hana flækja málin fyrir kjósendur. **- sh**

Áfangasigur í Rúmeníu:

## Nornir sleppa við skattana

**RÚMENÍA, AP Þingmenn í Rúmeníu hafa kannski óttast að nornir myndu breyta þeim í froska, þegar þeir felldu frumvarp um að nornir og spákonur ætttu að greiða skatta.**

**Frumvarpið er samið af tveimur þingmönnum Frjálslynda demókrataflokksins, þeim Alin Popoviciu og Cristi Dugulescu. Frjálslyndir demókratar eru í stjórn og reyna að finna sem flesta möguleika til að bæta stöðu ríkissjóðs.**

**Marina Campina, velþekkt norn í Rúmeníu, segir erfitt að skattleggja þessa stétt. - gb**




**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN** verður nokkuð kaflaskipt. Á laugardag verður úrkoma norðaustan til en þá sést til sólar sunnan heiða með skúrum þó. Á sunnudag verður suðaustan strekkingur með talsverðri úrkomu suðvestan til en bjart vestan til en bjart fyrri hluta dags norðaustanlands.




**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur.
Vaxandi með S-strönd.

**SUNNUDAGUR**
Strekkingsvindur
gengur NA yfir landið.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 17° |
| París | 22° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Bolur
st. 80-120
1.999kr
Hlífðarbuxur
st. 92-128
2.999kr
Kuldagalli
st. 86-122
6.999kr
Flíspeysa
st. 104-164
1.999kr
Hlífðarbuxur
st. 92-128
2.999kr
ÓDÝRT
í leikskólann
íþróttagallar verð frá 2.999.-
kuldagallar 6.999.-
Íþróttagalli
st. 80-120
2.999kr
Íþróttagalli
st. 80-120
4.999kr
Gildir til 12. september á meðan birgðir endast.
Allt vöruúrvalið fæst í Kringlu og Smáralind,
minna úrval í öðrum verslunum Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér samkeppni á eldsneytismarkaði nógu virk?*

| | |
|---|---|
| Já | 3,8 |
| Nei | 96,2 |

**SPURNING DAGSINS**

*Er íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu á réttri leið?*

Segðu þína skoðun á visir.is



**OF GRUNNT** Herjólfur siglir til Þorlákshafnar næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landeyjahöfn lokuð um sinn:

# Siglt til Þorlákshafnar í bili

**SAMGÖNGUR Herjólfur mun sigla milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja næstu daga og verða farnar tvær ferðir á dag.**

**Að mati Siglingastofnunar er ekki hægt að sigla til Landeyjahafnar vegna gosefnanna sem borist hafa með þrálátri austanátt og safnast upp í mynni nýju hafnarinnar. Þá segir í tilkynningu frá Eimskipum, sem reka Herjólf, að dæluskipið sem gæti fjarlægt efnið úr höfninni liggi bilað við bryggju í Reykjavík og sigli ekki austur í Landeyjahöfn fyrr en síðar í dag.**

**Siglt verður frá Eyjum klukkan 07.30 og 15.15, og frá Þorlákshöfn klukkan 11.15 og 18.45. - þj**

Borgarstjóri bjartsýnn:

# Reykjavík verði Græna borgin

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr borgarstjóri segir að Reykjavík eigi góða möguleika á að verða Græna borgin í Evrópu. Hann sat fyrir svörum sérstakrar dómnefndar í Brussel í fyrradag. Tvær evrópskar borgir verða valdar í október til að bera titilinn European Green Capital eða Græna borgin árin 2012 og 2013. Þau Jón Gnarr, Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, og Heiða Kristín Helgadóttir, aðstoðarmaður borgarstjóra, sátu fyrir svörum ásamt sérfræðingum Reykjavíkurborgar.

Elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík skulu teknar í notkun á ný:

# Horft aftur til fortíðar í veiði

**MENNING** Nú stendur til að endurvekja grásleppuútgerð í Grímsstaðavör við Ægissíðu í Reykjavík. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram tillögu í menningarmálanefnd árið 2006 um endurvakningu útgerðarinnar og friðun grásleppuskúranna, þegar stóð til að jafna þá við jörðu.

Skúrarnir við Ægissíðu eru elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík og segir Kjartan að afar mikilvægt sé að varðveita þá. Innviðir skúranna hafa nú verið gerðir upp og lýsingu komið fyrir en ytra útliti er haldið óbreyttu og segir Kjartan það vera til þess að varðveita svæðið í eins upprunalegri mynd og mögulegt er.

Auk grásleppuútgerðarinnar verður komið upp aðstöðu fyrir útikennslu grunnskóla í skúrunum og þjónustu fyrir ferðamenn. Skúli Guðbjörnsson hefur keypt Skálabátinn, tíæring frá Færeyjum, og hyggst sigla á honum út flóann að Álftanesi með ferðamenn í haust og vetur og leyfa þeim að upplifa grásleppuveiðar eins og þær tíðkuðust á árum áður.

Þrjátíu fornar varir eru í Reykjavík þar sem róður og útgerð tíðkuðust á árum áður. Útræði er hætt úr þeim öllum og víðast hvar hefur verið fyllt upp í þær. - sv



**RÓIÐ** Róið var frá Grímstaðavör við Ægissíðu yfir á Álftanes.



**GRÁSLEPPUVEIÐAR VIÐ ÆGISSÍÐU Á NÝ** Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir og Skúli Guðbjörnsson að sigla út á Skálabátnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja færeysk skip fá helmingi hærra verð fyrir makríl

**Skipverjar á Faxa RE benda á upplýsingar um að færeyskt skip hafi fengið 80 krónur fyrir kílóið af makríl í Vestmannaeyjum. Það segir verksmiðjustjóri fjarri lagi en viðurkennir að færeysk skip skili betra hráefni.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipverjar á Faxa RE fullyrða í skipabloggi sínu að færeyska skipið Fagraberg hafi fengið helmingi hærra verð fyrir landaðan makríl hjá Ísfélaginu í Vestmannaeyjum en íslensk skip fá fyrir sinn afla. Þessu hafnar verksmiðjustjóri Ísfélagsins. Hann segir að færeysk skip séu þó almennt mun betri en þau íslensku og skili betra hráefni. Það sé stór þáttur í verðmyndun aflans.

Faxamenn rákust á litla frétt á færeysku sjávarútvegssíðunni skipini.com þar sem segir frá því að færeyska skipið Fagraberg hafi landað eitt þúsund tonnum í Vestmannaeyjum fyrir fjórar krónur danskar á kílóið. Það eru um 80 krónur íslenskar. Þeir spyrja hvort þetta geti verið þegar það liggi fyrir að íslensk skip, og þá skipti litlu hvar landað er, fái 36 til 42 krónur fyrir landað kíló af makríl. „Er þetta ekki sami makríllinn og við erum að landa eða fer þessi kannski á aðra markaði?“ spyrja þeir.

Páll Scheving Ingvarsson, verksmiðjustjóri Ísfélagsins, segir það verð sem birt er á færeysku síðunni „fjarri lagi“. Hann vill hins vegar ekki greina frá því hvaða verð var borgað fyrir makrílinn sem Fagrabergið landaði. „Við gefum ekki upp það verð sem við greiðum, hvort sem það er innlendur eða erlendur afli.“

Páll segir að þegar verðmyndun sjávarfangs er til umræðu verði að hafa hugfast hver stærð fisksins er og þá líka aðstæður um borð í skipunum til að kæla aflann og færa hann til hafnar í sem bestu ástandi. „Þetta er spurning hvað hægt er að gera úr hráefninu.“



**FAGRABERG LANDAR Í VESTMANNAEYJUM** Færeyski flotinn er sagður mun betri en sá íslenski og skili betra hráefni. Ferskleiki hráefnisins skiptir hvað mestu í verðmyndun aflans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

> Bæði færeyski og norski flotinn eru margfalt öflugri en sá íslenski.
>
> PÁLL SCHEVING INGVARSSON
> VERKSMIÐJUSTJÓRI ÍSFÉLAGSINS

Spurður hvort íslensk skip séu að landa verra hráefni en færeysku skipin svarar Páll því til að íslensk skip í uppsjávarveiðum standist einfaldlega ekki samanburð við þau færeysku. „Bæði færeyski og norski flotinn er margfalt öflugri en sá íslenski. Þeir eru miklu betur í stakk búnir til að færa ferskt hráefni að landi, því miður er þetta bara staðreynd. Og hvers vegna eru þeir að efla sinn flota? Það er til þess að geta landað besta hugsanlegu hráefni fyrir besta hugsanlega verð.“

Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda, staðfestir að greitt verð fyrir makríl á Grandaskipum sé 36 til 42 krónur eins og Faxamenn tala um. Hins vegar er honum ekki kunnugt um verð til færeyskra skipa þar sem Grandi hefur ekki keypt afla af öðrum en eigin skipum. Hann viðurkennir að séu tölurnar réttar sé um afar gott verð að ræða. svavar@frettabladid.is




Skotar viðurkenna ólöglegar veiðar á tugþúsundum tonna af makríl og síld:

# Uppvísir að stórtæku svindli

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipstjórar sex skoskra skipa hafa viðurkennt fyrir hæstarétti í Glasgow að hafa veitt og landað ólöglega tugum þúsunda tonna af makríl og síld að verðmæti 2,7 milljarðar króna. Einn skipstjóranna er varaformaður Samtaka skoskra uppsjávarveiðimanna (SPFA). Eins og kunnugt er hafa samtökin haft sig mjög í frammi í gagnrýni á makrílveiðar Íslendinga að undanförnu. Frá þessu greina skoskir fjölmiðlar og þeirra á meðal The Scotsman.

„Það er orðið þreytandi að lesa hverja fréttina á fætur annarri um ásakanir Skota á hendur okkur fyrir óábyrgar veiðar á makríl,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. „Þessir sömu menn hafa orðið uppvísir að því að veiða ólöglega og landa tugum þúsunda tonna af makríl og síld.“ Í frétt á heimasíðu LÍÚ er það rifjað upp að Skotar ákváðu að sniðganga ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í Færeyjum, þar sem veiðar á síld og makríl eru til umfjöllunar.

Ólöglegu landanirnar sem um ræðir áttu sér stað á Hjaltlandseyjum á árunum 2002-2005. Alls reyndist um 200 brotatilvik að ræða. Rannsókn málsins var að sögn yfirvalda og fjölmiðla mjög tímafrek enda brotin „þaulhugsað samvinnuverkefni útgerðarmanna og vinnsluaðila í landi“. - shá



**MAKRÍLL** Gagnrýni Evrópusambandslanda á veiðar Íslendinga eru háværar. Hæst láta Skotar sem nú eru uppvísir að stórfelldri rányrkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



# Fáðu alltaf Vildarpunkta

## Þú kemst fyrr og oftar út með American Express

*Þú safnar Vildarpunktum Icelandair miklu hraðar með Icelandair American Express en öðrum greiðslukortum því þú færð alltaf punkta þegar þú notar kortið. American Express er líka eina greiðslukortið sem færir þér Félagamiða; aukamiða í vildarferðina þína! Eins og taflan sýnir kemst þú bæði mun fyrr og mun oftar til útlanda á punktum með American Express!*

**Farðu til Evrópu báðar leiðir eftir aðeins 14 mánuði og taktu jafnvel félagann með þér!**

Kostir Icelandair American Express eru ótvíræðir því þú færð punkta af öllum færslum en með Gull korti Visa frá Landsbankanum og Arion banka færð þú aðeins punkta hjá rúmlega helmingi söluaðila (þeim sem eru með færsluhirðingu hjá Valitor). Hraði Vildarpunktasöfnunar er það sem skiptir þig máli! **Berðu kortin nánar saman á americanexpress.is**




## Sæktu um kort núna á americanexpress.is.




*Kortið sem kemur þér út*

*Samanburðurinn er miðaður við 240.000 króna veltu á mánuði. Hann tekur til fyrstu 14 mánaða notkunar kreditkorta með Vildarpunktasöfnun Icelandair, sambærilegu árgjaldi, utan vildarþjónustu banka og án tilboða. Fyrir 38.000 Vildarpunkta færð þú ferð til Evrópu báðar leiðir með Icelandair.

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

www.americanexpress.is

Fiton / SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



1 Á plötu til heiðurs hverjum á hljómsveitin Dimma þrjú lög?

2 Hvað heitir stofnunin sem rannsakar kaup bankanna á eignum peningamarkaðssjóða?

3 Hvar fundust taflmenn frá 12. öld sem sagðir eru íslenskir?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Fyrirtækið Platina Resources er hætt við að leita að dýrum málmum á Íslandi:

# Gullleit á Austurlandi hefur verið slegin af

**IÐNAÐUR** Ástralska jarðefnarannsóknafyrirtækið Platina Resources Ltd. hefur dregið umsókn sína um leyfi til leitar og rannsókna á gulli og öðrum málmum á Austurlandi til baka.

Ástæðan er jákvæðar niðurstöður úr verkefnum fyrirtækisins í Ástralíu og mun fyrirtækið leggja meginþunga starfsemi sinnar í þau verkefni.

Eftir sem áður álítur Platina Resources Ísland vera áhugaverðan kost hvað varðar hugsanleg verkefni síðar meir, eins og segir í tilkynningu frá Orkustofnun.

Orkustofnun barst umsókn fyrirtækisins í apríl. Umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess, auk 1.260 jarðeigenda í átta sveitarfélögum eystra, höfðu málið til umsagnar.

Fyrirtækið hafði kynnt sér aðstæður hér vel og þekkti til þeirra jarðfræðirannsókna sem tengjast leit að dýrum málmum. Leyfið sem sótt var um náði til einfaldra yfirborðsrannsókna.

Platina ætlaði sér fimmtíu daga til rannsókna með því að gera út tvo hópa vísindamanna og þær áttu jafnvel að klárast í sumar.

Í gildi er eitt leyfi til rannsókna á jarðefnum sem nær til rannsókna á málmum á fjórtán tilgreindum stöðum á landinu, öll utan Austurlands. Var það ástæðan fyrir áhuga Platina á Austurlandi. - shá



**GULLSTANGIR** Raunhæfur möguleiki er talinn á því að gull finnist í vinnanlegu magni hér á landi.

Lög um fjármál flokka:

## Hámarksframlög hækkuð

**ALÞINGI** Einstaklingar og fyrirtæki mega framvegis gefa stjórnmálaflokkum 400 þúsund krónur í stað 300 þúsunda áður, en þurfa á hinn bóginn að gefa upp nafn sitt gefi þeir meira en 200 þúsund, í stað 300 þúsunda áður. Þetta er meðal þeirra breytinga sem gerðar voru í gær á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Fulltrúar allra flokka fluttu frumvarpið, að liðsmönnum Hreyfingarinnar undanskildum. - sh

STJÓRNMÁL

**Hafnar samningaleiðinni**

Samfylkingarfélag Mosfellsbæjar hafnar með öllu samningsleið um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Í ályktun aðalfundar er þess krafist að málinu verði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu.

## Hvað getur HÍ gert fyrir 673 milljónir?

- 673 milljónir samsvara rekstri lagadeildar í þrjú ár: Við lagadeild stunda rúmlega 800 manns nám. Lagadeild er ein elsta deild skólans og virtasta lagadeild landsins. Árlega útskrifar lagadeildin hóp vel metinna lögfræðinga sem starfa á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins.
- 673 milljónir samsvara rekstri sálfræðideildar í rúmlega fjögur ár: Við sálfræðideild stunda um 650 manns nám. Sálfræði er ein af vaxandi vísindagreinum samtímans og síaukin eftirspurn eftir sálfræðingum á fjölmörgum sviðum atvinnulífs.
- 673 milljónir samsvara rekstri læknadeildar í rúmlega heilt ár: Við læknadeild stunda 650 manns nám. Læknadeild Háskóla Íslands er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og ber því Háskóli Íslands ábyrgð á að halda uppi ábyrgðarfullu og góðu námi sem skilar afbragðs faglærðu fólki til heilbrigðisgeirans. Nú þegar er læknadeildin fjársvelt og á erfitt með að viðhalda þeim gæðastöðlum sem hún hefur byggt upp.



Heimild: Verjum menntun, Skýrsla Stúdentaráðs HÍ.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Á næstu fjárlögum verða framlög til skólans skert um 7,5 prósent eða 673 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja fá féð til ríkisskólanna

**Stúdentaráð Háskóla Íslands segir forgangsröðun stjórnvalda bjagaða. Ráðið vill að einkareknir skólar fái lægri framlög enda njóti þeir tekna af skólagjöldum. Einföldun, segir menntamálaráðherra.**

**MENNTAMÁL** Stúdentaráð Háskóla Íslands gagnrýnir stjórnvöld harðlega í nýrri skýrslu um fyrirhugaðan niðurskurð á fjárlögum til skólans. Í skýrslunni eru stjórnvöld sögð ekki hafa leitað allra leiða til að koma í veg fyrir boðaðan niðurskurð sem verður samtals fimmtán til 25 prósent næstu þrjú árin.

Fyrir liggur að niðurskurður til HÍ verður hið minnsta 7,5 prósent á fjárlögum næsta árs eða 673 milljónir króna.

Í dag eru starfræktir sjö háskólar. Fjórir skólar teljast hreinar ríkisstofnanir en allir skólarnir eru engu að síður fjármagnaðir að mestu leyti með framlögum frá ríkinu. Í skýrslunni segir að það hafi verið stefna stjórnvalda að fjármagna kennslu í einkareknum háskólum til jafns við kennslu ríkisháskólanna með þeim hætti að greiða sömu upphæð með hverjum nemanda sem hefur nám á háskólastigi. Þetta er ótækt að mati skýrsluhöfunda.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

„Á meðan sömu fjárhæðir eru greiddar úr ríkiskassanum fyrir nemendur í einkaskólum jafnt sem ríkisreknum skólum hlýtur eðlileg forgangsröðun að hafa bjagast verulega,“ segir í niðurstöðukafla skýrslunnar. Eins er þar bent á að þessi hugsun sé ólík því sem tíðkast á Norðurlöndunum þar sem dregið er úr framlögum til einkarekinna skóla sem nemur skólagjöldunum sem stúdentum er gert að greiða. „Taka verður fullt tillit til mismunandi rekstrarforms menntastofnana ríkisins og þar með ábyrgð einkarekinna skóla á sínu eigin rekstraröryggi,“ segir í skýrslunni.

> Á meðan sömu fjárhæðir eru greiddar úr ríkiskassanum fyrir nemendur í einkaskólum jafnt sem ríkisreknum skólum hlýtur eðlileg forgangsröðun að hafa bjagast verulega
>
> ÚR SKÝRSLUNNI VERJUM MENNTUN

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir þessa framsetningu einföldun. Kennsluframlagið sé kannski það sama en rannsóknaframlag og húsnæðiskostnaður sé mjög breytilegt á milli skólanna. Þetta þurfi að hafa hugfast. „Þetta er ekki ein stærð og það verður að horfa á reksturinn í samhengi.“

Spurð um aðferðafræði Norðurlandanna, eins og tíðkast meðal annars í Noregi, að draga skólagjöld frá ríkisframlaginu segir Katrín að það sé eitt af því sem sé til skoðunar í ráðuneytinu. „Mér finnst full ástæða til að skoða þetta og hef viðrað þær hugmyndir að það eigi að skoða hvernig við getum haft sama umhverfi óháð skóla.“

Hvað niðurskurðinn varðar minnir Katrín á að verja eigi starfsemi opinberu háskólanna með því að stofna samstarfsnet þeirra með hugsanlega sameiningu í huga. „Við vonum að þetta verði síðan síðasta erfiða árið í niðurskurði. Það liggur fyrir að þetta mun taka hrikalega á.“

Engin ákvörðun hefur verið tekin í ráðuneytinu um bón frá háskólaráði um hækkun skrásetningargjalda úr 45 þúsund krónum í 65 þúsund krónur.

svavar@frettabladid.is





Ný vinnubrögð

**Þann 15. ágúst** 2010 tók gildi samkomulag **ASÍ** og **SA** um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Það er mikilvægt að fyrirtæki sitji við sama borð og fari öll að leikreglum en vinnustaðaskírteinum er m.a. ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum.

Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn þeirra beri vinnustaðaskírteini.

Næstu þrjá mánuði munu eftirlitsfulltrúar veita atvinnurekendum sem samkomulagið nær til leiðbeiningar um innleiðingu vinnustaðaskírteina. SA og ASÍ hvetja atvinnurekendur til að bregðast skjótt við og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi á íslenskum vinnumarkaði.

Allar nánari upplýsingar á **www.skirteini.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS Alþýðusamband Íslands



ENNEMM / SÍA / NM43107


ellingsen.is
20–70% AFSLÁTTUR
STANGVEIÐIVÖRUR
Stangveiðiútsölu Ellingsen lýkur á laugardaginn.
Stangveiðivörur á frábæru verði.
Vertu klár fyrir næsta sumar.
70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM FATNAÐI
20% AFSLÁTTUR AF VÖÐLUM
50% AFSLÁTTUR AF TAUMUM OG GIRNI FRÁ MAXIMA
15–25% AFSLÁTTUR AF VEIÐISTÖNGUM OG HJÓLUM
40% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM LOOP LÍNUM
30% AFSLÁTTUR AF SPÚNUM
25% AFSLÁTTUR AF FLUGUM
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR\TBWA • SÍA • 101102



**TVEIR Á LOFTI** Brellumeistararnir John Paul Olhaberry og Nicolas Luisetti æfa sig fyrir 200 ára afmæli Chile 18. september, þegar þeir ætla að vera í lausu lofti í 200 mínútur. NORDICPHOTOS/AFP

Fjármálaráðherra segir úrlausnir á málefnum gagnavera í algjörum forgangi:

# Gagnaversmálið óendanlega flókið

**ALÞINGI** Ýmis vandkvæði eru á því að hægt sé að verða við kröfum gagnavera og viðskiptavina þeirra um skattaívilnanir. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á Alþingi í gær. Hann kvað málið vera óendanlega miklu flóknara en látið hefði verið í veðri vaka.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, spurði Steingrím hvernig málinu miðaði í ráðuneytinu, í ljósi fregna af því að viðskiptavinir gagnavera, meðal annarra IBM, hefðu hætt við vegna tafanna.

Steingrímur sagði að heilmikil vinna hefði verið lögð í það hjá fjármálaráðuneytinu og Ríkisskattstjóra að koma til móts við óskir fyrirtækjanna. Málið væri í algjörum forgangi.

„Það sem hefur komið í ljós er að gagnaveraaðilarnir – eða fyrst og fremst viðskiptavinir þeirra – gera þar að auki kröfur um veruleg frávik og ívilnanir frá almennum skattareglum, sérstaklega að þurfa ekki að skrá neina starfsemi hér á landi,“ sagði Steingrímur. Við það kæmu upp mikil vandamál, einkum varðandi innskatt og útskatt af virðisauka.

Tiltölulega auðvelt yrði að núllskatta þjónustuna, en eftir stæði vandamálið með búnaðinn, sem ekki er víst að væri hægt að gera skattfrjálsan samkvæmt alþjóðareglum. - sh



**ALLT REYNT** Ragnheiður Elín Árnadóttir segir það misskilning hjá Steingrími að málið sé svona flókið. Nóg sé að líta til útlanda, þar sem búið sé að leysa það. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA




**AKRANES** Bærinn skilaði 212 milljóna króna hagnaði á fyrstu 7 mánuðum ársins.

Akraneskaupstaður hagnast:

## Gerði þó ráð fyrir miklu tapi

**AKRANES** Akraneskaupstaður skilaði 212 milljóna króna hagnaði á fyrstu sjö mánuðum ársins. Fjárhagsáætlun gerði þó ráð fyrir 33,5 milljóna króna tapi.

Handbært fé frá rekstri var 190,8 milljónir króna og voru fjármögnunarhreyfingar 140,5 milljónir. Þá hefur handbært fé aukist um 66,3 milljónir frá áramótum. Langtímaskuldir Akraness hafa lækkað um 268 milljónir króna og eru nú rúmir 2,6 milljarðar. Langtímaskuldir, ásamt lífeyrisskuldbindingum, eru nú tæpir 4,5 milljarðar króna. - sv

Skilanefnd Kaupþings er við það að losa sig við danska fyrirtækjabankann FIH:

# Gætu fengið 120 milljarða

**VIÐSKIPTI** Sjö lífeyrissjóðir og breskur einkaframtakssjóður hafa lagt fram tilboð í danska fyrirtækja- og fjárfestingarbankann FIH.

Danska dagblaðið Börsen sagði í gær verðmiðann á FIH liggja á milli fjögurra til sex milljarða danskra króna. Það jafngildir allt að 120 milljörðum króna.

KB banki keypti FIH fyrir 7,1 milljarð danskra króna, jafnvirði 84 milljarða króna á þávirði, í júní árið 2004. Hann er nú í eigu skilanefndar Kaupþings. Frá því að skilanefndin tók reksturinn yfir eftir fall Kaupþings hefur hún breytt skipulagi bankans og lagt niður óarðbærar deildir. Hagnaður FIH nam 102,8 milljónum danskra króna, jafnvirði tveggja milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi. Til samanburðar nam hann aðeins tæpum sex milljónum á sama tíma í fyrra. Auknar þóknanatekjur og lægri afskriftir skýra betri afkomu.

Seðlabanki Íslands tók veð í FIH gegn veitingu 500 milljóna evra neyðarláns til Kaupþings haustið 2008. Það stendur nú í 75 milljörðum króna. Í stjórn FIH sitja Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings, og Haukur Benediktsson, formaður Eignasafns Seðlabanka Íslands. Skilanefnd Kaupþings vildi ekki tjá sig um málið í gær. - jab



**GAMLA KAUPÞING** Bankinn keypti danska FIH bankann fyrir 7,1 milljarð króna.



**STEINAR ÞÓR** Formaður skilanefndar Kaupþings situr í stjórn danska bankans FIH. Skilanefndin hefur sett bankann í söluferli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarafundur um fátækt:

## Vilja fá upplýsingafulltrúa fyrir bótaþega

**SAMFÉLAGSMÁL** **Borgarafundur um fátækt á Íslandi sem haldinn var í fyrrakvöld í ráðhúsi Reykjavíkur leggur til að stofnuð verði staða upplýsingafulltrúa bótaþega. Verksvið hans væri að einfalda bótaþegum upplýsingaleit um réttindi þeirra svo þeir þurfi ekki að ganga á milli stofnana til að komast að því hver réttur þeirra er.**

**Myndi fulltrúinn starfa náið með hjálparstofnunum sem hafa góða yfirsýn yfir vandann sem við er að glíma í dag.**

**Borgarafundurinn krefst þess að starfsmaður þessi verði ráðinn af nefnd fólksins sem njóta myndi þjónustu hans. Lágmarksframfærsla verði reiknuð út og staðfest opinberlega að allir njóti þeirra réttinda að eiga mat og heimili.**




Tveir sextán ára keyrðir heim:

# Unglingadrykkja stöðvuð í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni í Vestmannaeyjum var nýverið tilkynnt um að unglingadrykkja færi fram í heimahúsi þar í bæ.**

**Er lögregla kom á staðinn var þar fyrir nokkur fjöldi ungmenna og reyndust tveir drengir á sautjánda ári vera undir áhrifum áfengis. Var drengjunum ekið til síns heima og rætt við foreldra þeirra. Lögreglan vill af þessu tilefni hvetja fólk til að tilkynna verði það vart við svokölluð „unglingapartí“ þar sem áfengisneysla fer fram.** - jss

Fréttablaðinu hafa borist fleiri sögur um meintan galla í Land Cruiser120 bílum frá Toyota:

# Greiddi 400 þúsund fyrir viðgerð á spíssum

**NEYTENDAMÁL** Fleiri ósáttir Land Cruiser-eigendur hafa komið fram í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins í gær um meinta galla í Land Cruiser 120 bifreiðum. Þar sagði Aubert Högnason frá samskiptum sínum við Toyota á Íslandi varðandi meintan galla í spíssum bílanna. Vildi hann meina að um þekktan galla væri að ræða sem gæti valdið eigendum miklum fjárútlátum. Talsmaður Toyota vísaði þessum ásökunum á bug og sagði að um einangruð tilfelli væri að ræða en ekki þekktan galla. Ekki væri því ástæða til innköllunar, en sú ákvörðun væri á hendi Toyota erlendis.

Bárður Ragnarsson, sem á 2005 árgerð af Land Cruiser 120, hafði samband við ritstjórn og hafði svipaða sögu að segja þar sem bifreið hans bilaði fyrir skemmstu.

„Ég fór að heyra glamur og einhver skot í vélinni þannig að ég fór með bílinn í skoðun á Toyota-verkstæði í Kópavoginum. Þar sögðu þeir mér að grófsigtið í olíupönnunni væri ónýtt og spíssarnir biluðir.“

Bárður greiddi 402 þúsund krónur fyrir viðgerðina þar sem skipt var um spíssa og grófsíu. Hann segist hafa haft samband við Toyota og viljað fá bilunina viðurkennda sem galla og viðgerðarkostnað endurgreiddan.

Hann fékk hins vegar þau svör að þó að Toyota á Íslandi hafi áður séð bilun sem þessa, sé hún ekki algild og ekki hægt að segja að um galla sé að ræða. Líklegra sé að aldri og notkun bifreiðarinnar sé um að kenna, og sat Bárður því uppi með kostnaðinn. - þj



**LAND CRUISER 120** Fleiri eigendur Land Cruiser 120 vilja meina að um galla sé að ræða.

Kröfur um að mál Arne Treholt verði tekið upp að nýju eftir útkomu bókar með nýjum upplýsingum:

# Lögregla sögð hafa falsað sönnunargögn

**NOREGUR** Lögmaður Arne Treholt, sem dæmdur var fyrir njósnir fyrir Sovétríkin, vill að málið verði tekið fyrir að nýju vegna nýrra upplýsinga. Í nýrri bók er því haldið fram að norska lögreglan hafi falsað sönnunargögn í málinu, meðal annars ljósmyndir.



**ARNE TREHOLT**

Bókin heitir „Forfalskningen – Politiets løgn i Treholt-saken“, eða „Fölsunin – lygi lögreglunnar í Treholt-málinu“.

Geir Selvik Malthe-Sørenssen, sem skrifar bókina ásamt blaðamanninum Kjetil Botelid Mæland, bendir meðal annars á ljósmyndir af skjalatösku með peningaseðlum, sem lögreglan segir að hafi fundist í íbúð Treholts í ágústmánuði árið 1983.

Á myndunum er límbandsbútur á læsingu töskunnar, en á ljósmynd sem tekin var af Treholt með töskuna rétt áður en hann var handtekinn í janúar árið eftir sést ekkert límband á læsingunni.

Treholt er nú 67 ára. Hann hefur sjálfur viðurkennt að hafa gert alvarleg mistök í starfi sínu hjá utanríkisráðuneytinu, en hefur jafnan neitað öllum ásökunum um njósnir. Hann hefur tvisvar reynt að fá málið endurupptekið, fyrst 1996 og síðan 1990.

Hann segir upplýsingarnar í bók þeirra Malthe-Sørenssens og Mælands vera sannfærandi.

Treholt var háttsettur starfsmaður í norska utanríkisráðuneytinu þegar hann var handtekinn í janúar árið 1984, sakaður um að hafa veitt sovéskum njósnurum upplýsingar sem áttu að fara leynt.

Hann hlaut 20 ára fangelsisdóm árið 1985, en var náðaður árið 1992 af heilsufarsástæðum. Dómsmálið er hið þekktasta í sögu Noregs.



**TREHOLT OG NJÓSNARARNIR** Á götuhorni í Ósló árið 1983 ásamt tveimur rússneskum KGB-mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leyniþjónusta norsku lögreglunnar lítur svo á að máli Treholts sé formlega lokið, og birti nú í sumar af því tilefni nokkrar ljósmyndir tengdar málinu sem ekki hafa verið gerðar opinberar áður. - gb

Breytingar í heilbrigðismálum:

# Björn ráðinn forstjóri LSH

**HEILBRIGÐISMÁL** Björn Zoëga, starfandi forstjóri Landspítala, hefur verið skipaður forstjóri spítalans frá og með 1. október næstkomandi. Guðbjartur Hannesson, heilbrigðis- og félags- og tryggingamálaráðherra, tilkynnti um þessa ákvörðun sína í gær og var tilkynning um þetta birt á heimasíðu ráðuneytisins.

Alls sóttu sex manns um starf forstjóra þegar það var auglýst í júlí. Hæfni umsækjenda var metin af þriggja manna nefnd sem skipuð er af heilbrigðisráðherra. Björn er skipaður forstjóri Landspítala til fimm ára frá og með 1. október 2010. Björn tekur við starfinu af Huldu Gunnlaugsdóttur. Hún var ráðin forstjóri Landspítalans frá 1. september 2008, en fékk leyfi frá störfum til eins árs frá og með 1. október 2009. Björn hefur gegnt starfi forstjóra í fjarveru Huldu. Hún sagði starfi sínu lausu í júlí síðastliðnum.

Miklu hraðara Internet

Nú býður Síminn viðskiptavinum sínum upp á enn meiri hraða en áður á Internetinu.
Hraðinn í Grunnáskrift, Leið 1 og Leið 2 fer upp í allt að 12 Mb/s.
Núverandi viðskiptavinir fá sjálfvirka uppfærslu á næstu mánuðum.

Fáðu þér Internet Símans í síma 800 7000 eða á siminn.is.

Það er Síminn

Fólk hvatt til að fjarlægja allt sem ekki er naglfast

Þetta gerðist allt svo hratt







**NÝJU ÁRI FAGNAÐ** Gyðingar fögnuðu í gær nýju ári, nánar tiltekið árinu 5772, meðal annars með því að standa við vatn til að kasta syndum sínum með táknrænum hætti. NORDICPHOTOS/AFP

Rúmlega sextugur maður sektaður fyrir að hóta „nútíma innheimtuaðgerðum“:

# Hótaði leigjanda handrukkun

**DÓMSMÁL** Rúmlega sextugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða hundrað þúsund krónur eftir að hann hafði hótað kvenkyns fyrrum leigjanda sínum „nútíma innheimtuaðgerðum“ greiddi konan ekki skuld sína.

Í ákæru segir að maðurinn hafi sett bréf inn um bréfalúguna á heimili konunnar. Síðari hluti þess hljóðaði svo:

„Ef þú sérð ekki hvöt hjá þér að gera rétt fyrir þér sjálf og venjulegar innheimtuaðgerðir duga ekki til, verða að koma til aðrar aðgerðir sem því miður eru orðnar algengari á þessum tíma.

Virðist sem við séum að snúa til Sturlungaaldar aftur sem er synd, en því miður virðast engar aðgerðir aðrar duga til fyrir visst fólk. Ég legg til að þú gangir frá þínum málum fyrir næstu mánaðamót, 30. apríl 2010. Það eru engir samningar í boði. 420.000 kr. fyrir 23. apríl 2010. Annars verður gripið til „nútíma innheimtuaðgerða.“

Með bréfinu lét maðurinn fylgja blaðaúrklippu þar sem sagt var frá mönnum sem námu mann á brott af heimili hans og misþyrmdu honum. - jss



**INNHEIMTA** Maðurinn vísaði til handrukkunar í bréfi sínu til leigutakans.

Kona vildi fá róandi lyf:

# Falsaði lyfseðla

**DÓMSMÁL Kona á sextugsaldri hefur verið dæmd í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að reyna tvívegis að svíkja róandi lyf út í apóteki í Reykjanesbæ.**

**Í fyrra tilvikinu framvísaði konan fjölnota lyfseðli upp á eitt hundrað róandi töflur. Eyðublaðinu hafði hún stolið frá lækni og útfyllt það, meðal annars með nafninu hans.**

**Í síðara skiptið falsaði hún einnig lyfseðil upp á róandi lyf. Seðlinum hafði hún stolið frá dýralækni og falsaði einnig nafn hans.** - jss

Færeysk skoðanakönnun:

# Þjóðveldið er flokka stærst

**FÆREYJAR** Þjóðveldið, flokkur sjálfstæðis- og vinstrisinna, er stærsti flokkur Færeyja, miðað við nýja skoðanakönnun blaðsins Dimmalætting.



**HØGNI HOYDAL**

Þjóðveldið mælist með 26,6 prósenta stuðning og níu þingmenn. Næstur kemur Sambandsflokkurinn með 26,1 prósent atkvæða.

Fólkaflokkur sjálfstæðis- og hægrisinna fengi 17,8 prósent, en Jafnaðarflokkurinn 16,1 prósent.

Miðflokkur Jenis av Rana fengi 8,3 prósent en Sjálfsstjórnarflokkurinn 5,1.

Sitjandi landsstjórn fengi því 19 þingmenn af 33. - kóþ

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Leituðu að innbrotsþjófi

Töluverður fjöldi lögreglumanna var staddur í Skerjafirðinum í hádeginu í gær vegna leitar að meintum innbrotsþjófi. Að sögn íbúa í hverfinu virtist allnokkur viðbúnaður vegna þessa. Maðurinn fannst ekki þrátt fyrir talsverða leit. Maðurinn braust inn í íbúðarhúsnæði og hafði meðal annars á brott með sér raftæki.

# Bankarnir ákváðu kaupin

**Fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir bankastjórnendum ekki hafa verið gefin fyrirmæli um að kaupa eignir peningamarkaðssjóðanna. Hann vísar á bráðabirgðastjórnir bankanna. Eignir sjóðanna eru vart lengur til í bókhaldi nýju bankanna. Þeir töpuðu sextíu milljörðum á viðskiptunum.**

**VIÐSKIPTI** „Ég tók enga ákvörðun um það ásamt Björgvin [innskot blm: G. Sigurðssyni, þá viðskiptaráðherra], að kaupa þessi skuldabréf,“ segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann bendir á að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis komi skýrt fram að bráðabirgðastjórnir nýju bankanna hafi ákveðið að kaupa eignir peningamarkaðssjóða rekstrarfélaga þeirra með hliðsjón af verðmati óháðra endurskoðenda.

Líkt og greint var frá í fyrradag rannsakar Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, kaup bankanna á eignum sjóða þeirra. Í tilkynningu ESA kemur fram að íslensk stjórnvöld hafi ekki sýnt fram á að bankarnir hafi tekið sjálfstæðar ákvarðanir um kaupin. Stjórnvöld kunni að hafa stýrt ferlinu.

Tildrög málsins eru þau að viðskiptavinir peningamarkaðssjóðanna voru ósáttir við neyðarlögin sem tóku gildi 7. október 2008. Þau tryggðu innstæður í bönkum en ekki hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, sem flokkast til áhættufjárfestinga. Viðskiptaráðherra sagði á blaðamannafundi 8. október að reynt yrði að tryggja inneign í sjóðunum.

Nýja Kaupþing, Nýi Glitnir og Nýi Landsbankinn keyptu skuldabréf úr peningamarkaðssjóðum bankanna fyrir 83,6 milljarða króna í lok október. Útgefendur bréfanna eru flestir gjaldþrota eða í nauðasamningum í dag og skuldabréf verðlaus eða verðlítil. Þá má ætla að tap bankanna sjálfra vegna kaupanna sé í kringum sextíu milljarða króna. Stærstur hluti tapsins fellur á Landsbankann, 38 milljarðar króna. Áætlað tap Íslandsbanka nemur tólf milljörðum og Arion banka 5,7. jonab@frettabladid.is









**JÓN BJARNASON** **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Eins og erfitt hjónaband:

# Össuri þykir vænt um Jón

**ALÞINGI** „Mér þykir vænt um Jón Bjarnason, hæstvirtan landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra,“ sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra í umræðum á Alþingi í gær.

Sigmundur Davíð hafði spurt ráðherrann hvað væri að plaga hann – hann hefði allt á hornum sér þessa dagana og réðist að þingmönnum á alla kanta af minnsta tilefni, meðal annars Jóni og Vigdísi Hauksdóttur, þingmanni Framsóknarflokksins.

Össur svaraði því til að hann kæmi vel undan sumri og hefði að sínu mati verið í giska góðu skapi undanfarið. Honum þætti vænt um Framsóknarflokkinn, og sömuleiðis Jón Bjarnason. Sambandi þeirra mætti líkja við erfitt hjónaband. „Við erum stundum ósammála og það kemur fyrir að við rífumst.“ Það breyti þó ekki væntumþykjunni.

Morðingi Johns Lennon:

# Neitað í sjötta sinn um lausn

**DÓMSMÁL** Morðingja Johns Lennon, Mark David Chapman, hefur enn á ný verið neitað um reynslulausn.

Er þetta í sjötta sinn sem Chapman sækir um lausn úr Attica-fangelsinu í New York-ríki, þar sem hann hefur verið fangi síðan árið 1981.

Skilorðsnefnd fangelsisins segir að enn séu uppi áhyggjur um hið siðferðislega sinnuleysi sem Chapman sýndi þegar hann myrti bítilinn John Lennon í New York árið 1980. **- sv**

Hagkerfi heimsins taka hægar við sér eftir kreppuna en áætlanir gerðu ráð fyrir:

# OECD vill meiri ríkisstuðning

**EFNAHAGSMÁL** Hagkerfi heimsins hefur tekið hægar við sér eftir kreppuna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þetta er mat Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í nýrri skýrslu um stöðu efnahagsmála sem birt var í gær.

Stofnunin segir nokkra mánuði þurfa að líða áður en hægt verði að segja til um styrk heimshagkerfisins. Sem stendur hamli atvinnuleysi og lækkandi fasteignaverð vexti í einkaneyslu. Ríkisstjórnir heims verði að styðja betur við heimshagkerfið og halda stýrivöxtum lágum. Reynist erfitt að yfirstíga áhrif kreppunnar verði að grípa til aðgerða.

OECD telur þrátt fyrir þetta ólíklegt að önnur kreppa sé handan við hornið.

Hagvaxtarþróun er mjög mismunandi eftir svæðum. Áætlað var að hagvöxtur sjö stærstu iðnríkja heims yrði 1,75 prósent á fyrri hluta árs.

Útlit er hins vegar fyrir að vöxturinn verði minni, eða nær 1,5 prósentum. Á sama tíma er reiknað með 2,0 prósenta hagvexti í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi en aðeins 1,2 prósenta vexti á þeim fjórða.

Til samanburðar er reiknað með 0,4 prósenta hagvexti á evrusvæðinu á þriðja fjórðungi en 0,6 undir lok árs. **- jab**




**SÓTT UM VINNU** Mikið atvinnuleysi og lélegur fasteignamarkaður hafa gert löndum heimsins erfiðara um vik að stíga upp úr kreppunni en gert var ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**OLÍUBORPALLUR BRENNUR** Slysið í borpallinum 20. apríl kostaði ellefu manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

BP rannsakar olíulekann:

# Vísar frá sér hluta ábyrgðar

**BANDARÍKIN, AP Breska olíufélagið BP hefur sent frá sér skýrslu um orsakir olíulekans mikla í Mexíkóflóa, sem sagður er eitt stærsta umhverfisslys sögunnar.**

**Fyrirtækið segir sökina liggja bæði hjá því sjálfu og öðrum fyrirtækjum. Röð mistaka hafi átt sér stað og því farið sem fór.**

**Skýrslan er 193 síður og var birt á vefsíðu fyrirtækisins. Niðurstaðan er þó ekki endanleg, því enn á eftir að rannsaka mikilvæga þætti þess sem gerðist.**

**Ljóst virðist þó að fyrirtækið ætlar að vísa frá sér hluta ábyrgðarinnar.** **- gb**



**VAÐLAHEIÐI VIÐ EYJAFJÖRÐ** Jarðgöng leysa af hólmi fjallveg um Víkurskarð.

Rannsóknir vegna jarðganga:

# Lægsta tilboðið vel undir áætlun

**SAMGÖNGUMÁL** Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. á Selfossi bauð lægst í rannsóknarboranir vegna Vaðlaheiðarganga en tilboðin voru opnuð hjá Vegagerðinni á þriðjudag. Alls bárust fjögur tilboð í verkið og hljóðaði tilboð Ræktunarsambandsins upp á tæpar 36,9 milljónir króna, eða 78 prósent af kostnaðaráætlun. Um er að ræða 600 metra kjarnaborun og skal verkinu lokið 15. nóvember.

Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar var 47,3 milljónir króna og var næstlægsta tilboðið einnig undir kostnaðaráætlun en hin tvö tilboðin voru yfir kostnaðaráætlun. **- shá**

**FÆREYJAR**

### Kári kemur í Kára stað

Kári P. Højgaard hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram að nýju til formanns Sjálfsstjórnarflokks Færeyja, heldur víkja fyrir Kára frá Rógvi. Højgaard hefur verið formaður flokksins frá 2002. Þess má geta að Kári frá Rógvi er með doktorspróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.

Kíktu á Námuna á Facebook

# Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

**Það er leikur að læra með Námunni.**



Bryndís Ósk Þ. Ingólfsdóttir, Námufélagi og nemi í kvikmyndafræði

Lausn: kvikmyndatjald

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Það er einfaldlega ódýra

## VINSÆLUSTU PRÓTEINDRYKKIRNIR FÁST Í BÓNUS




157 KR. 250ml
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR




157 KR.250ml
MS HLEÐSLA 250ml

## BÓNUS VANILLUÍS MEÐ FYLLINGU 1 LTR.




198 KR. 1 kg.
BÓNUS VANILLUÍS 1.LTR MEÐ SÚKKULAÐIFYLLING
BÓNUS VANILLUÍS 1 LTR.MEÐ KARAMELLUFYLLINGU




198 KR. 165g
DORITOS SNAKK 165g TVÆR TEGUNDIR




259 KR.250g
FROSIN HINDBER 250g




259 KR.250g
FROSIN BLÁBER 250g

ROOKEE NÚÐLUR 4 TEG
29 KR.PK




ROOKEE NÚÐLUR 85G




198 KR. 160g
BÓNUS SNAKK 160g FJÓRAR TEGUNDIR




259 KR.350g
FROSIN BERJABLANDA 350g

Hafragrautur er algerlega ómissandi í heilsuátakinu og ein ódýrasta máltíð sem völ er á!

ÓMISSANDI ÚT Í HAFRAGRAUTINN




69 KR.500g
259 KR.500g
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g
BÓNUS AMERÍSKAR RÚSÍNUR 500g




98 KR. 1 ltr.
98 KR. 1 ltr.
98 KR. 2 ltr.



139 KR. 2 stk
EUROSHOPPER 2 STK FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ



139 KR. 2 stk
EUROSHOPPER 2 STK FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ M.KRYDDJURTUM

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

# ...ara að versla í Bónus



K.S FERSKT LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU

1298 KR/KG



ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010

798 KR./KG.




898 KR.KG

FERSKAR *ÚRBEINAÐAR* GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1798 KR.KG

SS FERSKAR KONÍAKSLEGNAR GRÍSALUNDIR

Hollenskar frosnar ungnautalundir



2698 KR./KG.

Kjarnafæði nýreyktur grísabógur



498 KR./KG.




259 KR.620g

K.F NÝTT KJÖTFARS 620g



139 KR.KG

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR




398 KR.KG

BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Óssætti í Iðnskólanum í Hafnarfirði

# Kennarar saka stjórnvöld um sinnuleysi

**Núverandi og fyrrverandi kennarar við Iðnskólann í Hafnarfirði segja menntamálaráðuneytið hafa brugðist með því að láta langvinna samstarfsörðugleika í skólanum halda áfram óáreitta. Ekki var orðið við ósk kennara um stjórnsýsluúttekt.**

Langvarandi deilur hafa staðið undanfarin ár milli hóps kennara við Iðnskólann í Hafnarfirði og skólameistara skólans. Sumir kennaranna eru enn við störf í skólanum, en um tugur segist í samtali við Fréttablaðið hafa látið af störfum vegna ósamkomulags við skólameistarann.

Kennararnir átelja menntamálaráðuneytið fyrir að hafa ekki brugðist við því sem þeir lýsa sem viðvarandi ófremdarástandi í skólanum. Aðrir starfsmenn skólans segjast ekki kannast við þær lýsingar og benda á að sjaldan valdi einn þá tveir deili. Þeir benda enn fremur á að skólameistarinn hafi unnið mikið og gott uppbyggingarstarf í skólanum frá því hann tók við fyrir ríflega sautján árum.

Sumir kennaranna segja að tveir hópar starfsmanna séu í skólanum. Þeir sem séu í náðinni hjá skólameistaranum og þeir sem séu það ekki. Þetta skapi svo togstreitu á kennarastofunni, í samskiptum kennara sín á milli jafnt sem í samskiptum þeirra við stjórnendur skólans.

„Þeir sem eru í vonda liðinu hætta. Í þessum skóla verður þú að vera í hans liði, annars ertu útilokaður.“ Svona lýsir einn fyrrverandi starfsmaður samstarfinu við skólameistarann. Aðrir taka í sama streng.

Sumir núverandi og fyrrverandi starfsmanna skólans lýsa því í samtölum við Fréttablaðið að skólameistarinn hafi ítrekað misst stjórn á skapi sínu þegar þeir hafi komið til hans hugmyndum um það sem betur hafi mátt fara í skólanum. „Hann missti oft stjórn á skapi sínu, hann sleppti sér oft við mig út af engu,“ segir einn fyrrverandi kennara við skólann. „Margir kennarar máttu una því að láta tala við sig eins og óþekka krakka.“

Annar fyrrverandi kennari tekur í sama streng: „Það voru allir hræddir við að tjá sig á kennarastofunni, fólk passaði sig að láta ekki gagnrýnisraddir heyrast. Þetta var mjög þvingandi. Ég upplifði þetta eins og einelti.“

Samskiptaörðugleikar hluta kennara skólans við skólameistarann og yfirstjórn skólans náðu ákveðnu hámarki þegar kennarar gerðu athugasemdir við launagreiðslur árið 2003. Við eftirgrenslan kom í ljós að útgreidd laun kennara voru lægri en kjarasamningar sögðu til um, og höfðu verið frá árinu 2001, segir Margrét Ingólfsdóttir, sem þá var formaður kennarafélags skólans.

Þetta hafði í för með sér umtalsverða launaskerðingu fyrir kennarana, án þess að um það væri samið eða það viðurkennt fyrir kennurunum.

Málið fór fyrir félagsdóm, sem dæmdi kennurum í vil í maí í fyrra. Skólinn þurfti í kjölfarið að greiða kennurum á annað hundrað milljóna króna sem þeir höfðu verið hlunnfarnir um, en umtalsverður hluti krafna kennaranna var fyrndur. Margrét segir að gróft áætlað hafi kennarar við skólann orðið af um 70 milljóna króna launagreiðslum vegna þess að málið reyndist fyrnt að hluta.

Þeir kennarar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja það algerlega skýrt að skólameistarinn hafi ekki á nokkurn hátt hagnast á þessu persónulega. Flestir taka fram að fyrra bragði að hann hafi alltaf viljað skólanum vel, og unnið þrekvirki í uppbyggingu skólans.



**ÓSÆTTI** Kennarar við Iðnskólann í Hafnarfirði deila á menntamálaráðuneytið fyrir að hafa ekki brugðist við þegar skólameistarinn lækkaði laun kennara og fyrir að hafa ekki brugðist við langvarandi ósætti á vinnustaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vildi stjórnsýsluúttekt í skólanum

Í kjölfar niðurstöðu félagsdóms átti Margrét fund með Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins. Þar lagði hún fram bréf stílað á ráðherra þar sem óskað var eftir því að stjórnsýsluúttekt yrði gerð á starfsemi skólans.

Margrét segir í bréfi sínu að þeir sem ekki séu sammála skólameistaranum í einu og öllu fái að finna fyrir því að þeir séu ekki í náðinni. Það gerist til dæmis með því að þeir fái leiðinlegar stundatöflur, fái ekki fastráðningu, og yfirvinna sé minnkuð. Þá sé fólk hundsað og því ekki heilsað sé það í ónáð.

Margrét segist ekki hafa fengið svar við ósk sinni um stjórnsýsluúttekt fyrr en hún óskaði eftir fundi með ráðuneytisstjóra. Þar hafi henni verið tjáð að ekki stæði til að gera slíka úttekt.

Bæði núverandi og fyrrverandi kennarar við skólann furða sig á því að menntamálaráðuneytið hafi ekki gripið í taumana, sérstaklega eftir að dæmt var í launamálinu í fyrra. Skólameistarinn hafi komist upp með að brjóta lög með því að skerða laun kennara árum saman. Ekki var talin ástæða til að veita honum áminningu vegna skerðingarinnar.

„Það eru mörg ár síðan ráðuneytið hefði átt að skipta honum út,“ segir einn þeirra kennara sem segjast hafa hætt störfum við skólann vegna samskiptaörðugleika við skólameistarann. Annar sagði það furðulegt að ráðuneytið hafi ekki í það minnsta fært skólameistarann til í starfi.

Margrét segir alvarlegt að ráðuneytið hafi ekkert aðhafst þegar í ljós hafi komið að skólastjórinn hafi brotið lög á kennurum. Margir kennarar hafi reiknað með því að honum væri ekki sætt félli dómur honum í óhag. Hún segir að af sinni hálfu sé það alvarlega í málinu ekki að skólameistarinn hafi ekki greitt umsamin laun. Það alvarlega sé að hann hafi reynt að fela það með því að neita ítrekað að veita upplýsingar um launaútreikninga.

Undir það tekur Sigríður Júlía Bjarnadóttir, kennari við skólann. Hún segir að hefði skólameistarinn viðurkennt að rangt hafi verið reiknað strax í upphafi hefði átt að leysa úr málinu með einföldum hætti. „Ef hann hefði komið fram og viðurkennt mistök sín og sýnt að hann væri tilbúinn til samvinnu við kennara hefði málinu lokið þá og þar. En það virtist ekki koma til greina.“

Margrét gagnrýnir einnig skólanefnd Iðnskólans í Hafnarfirði harðlega fyrir að hafa látið málið viðgangast. Hún bendir á að kennarar hafi fengið Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmann til að vinna lögfræðiálit um málið áður en það fór til félagsdóms. Hún sendi skólanefndinni afrit af álitinu, en segir formann nefndarinnar hafa ákveðið að koma því ekki áleiðis til annarra nefndarmanna. Þeir hafi því ekki verið búnir að sjá lögfræðiálitið þegar þeir hafi þurft að taka afstöðu til málsins. Niðurstaða lögfræðiálitsins var sú sama og niðurstaða félagsdóms.

Skólameistarinn, sem verður 68 ára í næsta mánuði, hefur tilkynnt að hann ætli að láta af störfum fyrir aldurs sakir um áramótin. Sumir þeirra kennara sem Fréttablaðið hefur rætt við leggja áherslu á að nýr skólameistari verði ekki einn af núverandi starfsmönnum skólans. Hreinsa verði andrúmsloftið og því algerlega nauðsynlegt að fá utanaðkomandi einstakling í starfið eigi skólinn að dafna.

Einn þeirra kennara sem hætt hafa störfum við skólann segir málið ekki snúast um persónu skólameistarans. Það sé fyrst og fremst menntamálaráðuneytið sem verði að draga lærdóm af þessu máli. Ráðherra beri á endanum ábyrgð á því að hafa ekki leyst úr vandamálunum í skólanum með viðeigandi hætti heldur látið þau krauma undir lengi. Það leiði hugann að því hvort víðar sé pottur brotinn í skólum landsins eða stofnunum ríkisins almennt.

## Stjórnin styður skólameistarann

„Skólameistarinn hefur alltaf haft, og hefur enn, fullan stuðning skólanefndar skólans í öllum sínum störfum og öllum sínum rekstri á þessari stofnun,“ segir Björn Ingi Sveinsson, formaður skólanefndar Iðnskólans í Hafnarfirði. „Skólameistarinn hefur gert mjög fína hluti fyrir þennan skóla, sem er það sem hann er vegna hans, fyrst og fremst.“


**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

## Leitt að ekki hafi tekist að ljúka málinu

Það er skylda menntamálaráðuneytisins að skoða öll mál sem upp koma eins og hægt er, en gæta verður þess að rannsaka mál í þaula áður en eitthvað er gert, segir Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Spurð um gagnrýni núverandi og fyrrverandi kennara á það sem þeir kalla aðgerðaleysi menntamálaráðuneytisins í málefnum Iðnskólans í Hafnarfirði segir Ásta: „Við reynum alltaf að gera okkar besta, og mér finnst afskaplega leitt að það hafi ekki tekist að ljúka þessu máli. Við höfum sannarlega ekki viljað að neinn færi óánægður frá því.“

Eftir að kennari við skólann óskaði eftir því að stjórnsýsluúttekt yrði gerð á starfsemi skólans lagði ráðuneytið mat á hvort rétt væri að fara í slíka úttekt, segir Ásta. Niðurstaðan hafi verið sú að ekki væri þörf á því. Ráðuneytið lét gera stjórnsýsluúttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði vegna samskiptaörðugleika kennara við skólameistara skólans. Spurð hvers vegna ekki hafi verið ástæða til að láta gera sambærilega úttekt á Iðnskólanum í Hafnarfirði segir Ásta málin einfaldlega öðruvísi vaxin.

Menntamálaráðuneytið brást við með því að fá vinnustaðasálfræðing til að vinna með skólameistara og kennurum. Þá var ákveðið að gera könnun á starfsánægju starfsmanna skólans í haust, og er ráðuneytinu ekki kunnugt um annað en að hún fari fram þrátt fyrir að skólameistarinn muni láta af störfum um næstu áramót, segir Ásta.

## Kannast ekki við ósætti við aðra en tvo starfandi kennara


JÓHANNES EINARSSON

Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, segir samstarfserfiðleika sína við starfsmenn í skólanum einskorðast við tvo einstaklinga, en segist ekki kannast við ósætti við fjölda fyrrverandi kennara við skólann, sem Fréttablaðið hefur rætt við.

„Ég neita því að hér hafi verið samstarfsörðugleikar, því ég hef gert svo mikið fyrir mitt fólk, hjálpað því til að komast í gegnum kennsluréttindanám. Ég hef tekið maka þeirra í vinnu til þess að gera hluti. En það eru, því miður ekki allir hæfir kennarar,“ segir Jóhannes. Hann þvertekur fyrir að hann láti það bitna með nokkrum hætti á kennurum séu þeir honum ósammála, eins og fullyrt er í bréfi kennara til menntamálaráðherra.

Spurður um fullyrðingar um að hann eigi til að missa stjórn á skapi sínu segir Jóhannes: „Það hefur komið einstaka sinnum fyrir [...] en það hefur verið ráðist á mig líka. Ég segi náttúrulega þegar fólk er að brjóta af sér, og það getur alveg farið í skapið á manni þegar er ekki farið eftir neinu sem fólk á að gera, hvorki nemendur né kennarar. Það getur verið að ég hafi einhverntíman [gert það] en það er ekki algengt.“

Jóhannes segir launamálið sem kennarar við skólann fóru með fyrir félagsdóm hafa komið til þar sem hann hafi ekki fengið undirskrift frá Kennarasambandi Íslands þegar hann gerði breytingar á vinnufyrirkomulagi. Breytingarnar hafi leitt til þess að vinnuskilyrði kennara hafi batnað mikið. Skólinn hafi getað tekið inn fleiri nemendur, kennarar hafi því getað unnið meira og laun þeirra því hækkað í heildina vegna breytinganna.

„Það eina sem félagsdómurinn skoðaði í þessu máli var að [...] það var ekki formleg undirskrift frá Kennarasambandinu áður en ég breytti. Það má segja að ef ég hefði gert það þá hefði þetta ekki verið neitt. Það var bara eitt ákvæði í kjarasamningnum um að það þyrfti undirskrift kennarasambandsins,“ segir Jóhannes. Hann segir það algera fjarstæðu að hann hafi ætlað sér að hafa laun af kennurum.

Jóhannes hefur ákveðið að láta af störfum um næstu áramót. Hann segist hafa tekið þá ákvörðun án þrýstings frá menntamálaráðuneytinu. „Ég er bara orðinn gamall maður,“ segir Jóhannes. Hann segist hafa verið löngu búinn að ákveða að sitja ekki til sjötugs, en hann verður 68 ára á árinu.




**Wax on Wax off hvað, þú þarft ekki einu sinni jakka til að æfa Taekwondo!**

**Börn -10:** Þriðjud. 17:20, fimmtud. 17:00,
**Börn +10:** Þriðjud. 18:00, fimmtud. 18:00

**Fullorðnir byrjendur:**
Mánud, Þriðjud, Fimmtud. kl 19:00 og Laugard. 10:30

Fjölbreyttur hópur þjálfara sér um æfingarnar og því eru engar tvær æfingareins. Börn 8.500, fullorðnir 12.500.
Það kostar ekkert að prófa! Upplýsingar á www.ir.is/taekwondo eða hjá Jakobi (s. 823-4074) og Ólafi (s. 825-7267).


MAZDA3
Frumsýning 2
Komdu í kaffi og kleinur
13,5% verðlækkun
BROSTU
mazda
Verðlækkun!
13,5%
Kauptu bíl í dag. Komdu.
Skoðaðu Mazda3 í nýju ljósi:
13,5% verðlækkun!
Brimborg frumsýnir í dag japanska nákvæmnislist: Mazda3. Komdu og sjáðu nýjan Mazda3. Skoðaðu glæsilega hönnun og prófaðu áreiðanlegan japanskan bíl á nýju verði. Fortíðin er farin. Nútíminn hafinn.
Komdu í kaffi og kleinur og reynsluaktu nýjum Mazda3. Vertu Mazda.
Þjónustutilboð 30-50%
Nýttu þér þjónustutilboðin
Rúðuvökvi 2,5L
50% afsláttur - tilboðsverð 298 kr.
SONAX hreinsivörupakki
30% afsláttur - tilboðsverð 2.793 kr.
Aðalljósapera
30% afsláttur - tilboðsverð 779 kr. fyrir H7 peru.
Þurrkublaðasett
30% afsláttur - tilboðsverð 6.650 kr. fyrir Mazda3
Talaðu við þjónusturáðgjafann um fleiri tilboð.
-16,1%
Mazda2 Advance
1,3i bensín 86 hö 122 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Verð 2.970.000 kr.
Verðlækkun 16,1%
Nútímaverð 2.490.000 kr.
-13,5%
Mazda3 Advance
1,6i bensín 105 hö 145 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Verð 3.760.000 kr.
Verðlækkun 13,5%
Nútímaverð 3.250.000 kr.
-13,5%
Mazda5 Inclusive
2,0i bensín 146 hö 185 Nm
7 manna 5 gíra beinskiptur
Verð 4.570.000 kr.
Verðlækkun 13,5%
Nútímaverð 3.950.000 kr.
-10,4%
Mazda6 Premium
2,0i bensín 155 hö 193 Nm
4 dyra 5 þrepa sjálfskipting
Verð 4.790.000 kr.
Verðlækkun 10,4%
Nútímaverð 4.290.000 kr.
Kreppan er farin
Sóknin hafin
Mazda á nútímaverði - komdu í kaffi og kleinur
Opið á Bíldshöfða 8, kl. 9-18 virka daga og kl. 12-16 laugardaga
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is
Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sáttanefnd náði sátt sem engin sátt er um.

## Komið að þjóðinni

Deilur um stjórnkerfi fiskveiða hafa verið rauður þráður í þjóðmálaumræðu síðustu þrjátíu ár. Í lok áttunda áratugarins þótti nauðsynlegt að takmarka veiðar sem fram að því höfðu verið frjálsar. Fiskiskipastóllinn var orðinn of stór og það gekk á höfuðstól auðlindarinnar.

Kvótakerfið hefur frá fyrsta degi fyrst og fremst varið hagsmuni þeirra sem stunduðu útgerð síðustu árin áður en kerfinu var komið á. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegu kvótakerfi. Þær veigamestu hafa fest í sessi sérhagsmunina sem hampað var í upphafi. Fyrst var leyft að framselja kvótann og síðan einnig að veðsetja hann. Fámennur hópur hefur auðgast gríðarlega á kerfinu. Sá hópur hefur alla tíð varið forréttindi sín og sérhagsmuni með ærnum tilkostnaði og haldið úti öflugum samtökum í því skyni.

SKOÐUN



Pétur Gunnarsson

peturg@frettabladid.is

Fyrir fáum árum tók Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið til umfjöllunar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að upphaflegt markmið með kvótakerfinu hefði verið réttmætt en útfærslan hafi stangast á við jafnræðisreglu mannréttindasáttmála SÞ. Mannréttindanefndin tók undir röksemdir gagnrýnenda kvótakerfisins.

Í gegnum árin hafa fjölmargar nefndir fengið það verkefni að ná sátt um breytt og réttlátt fiskveiðistjórnunarkerfi. Nýjasta nefndin skilaði niðurstöðu á dögunum. Verkefni hennar var „að skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar og leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á tuttugu ára tímabili.“

Nefndin virðist á einu máli um niðurstöðu sem virðist fólgin í því að gefa einmitt upp á bátinn hugmyndir ríkisstjórnarflokkanna um innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á tuttugu ára tímabili. Líklega hefði hver maður átt að geta sagt sér strax að nefnd með aðild þeirra sterku sérhagsmunaafla sem byggja tilvist sína á því að viðhalda óbreyttu kerfi og forréttindum sinna félagsmanna mundi aldrei ná sátt um neitt annað en einmitt það að leggja til hliðar hugmyndir um innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda.

Þegar breytingar voru gerðar á ráðherraskipan um síðustu mánaðamót áréttuðu forsætisráðherra og fjármálaráðherra þau áform sem lágu að baki þegar nefndin margnefnda var skipuð. Áformin eru þau að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið og tryggja að sett verði ákvæði um sameign á auðlindum í stjórnarskrá. Þessi yfirlýsing varð skilin þannig að nema hið ótrúlega gerðist og viðunandi sátt næðist í nefndinni ætlaði ríkisstjórnin sér að hefja undirbúning að þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótakerfið.

Og nú, þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, blasir við að næst á dagskrá er einmitt það að ríkisstjórnin fari að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótakerfið. Sú sátt sem nefnd ríkisstjórnarinnar náði við sérhagsmunahópana mun ekki nægja til þess að ná sátt við þjóðina og setja niður þrjátíu ára deilur um fiskveiðistjórnunarkerfið. Niðurstaðan ætti hins vegar að geta orðið grundvöllur að sátt um það að nóg er komið af nefndarstarfi um grundvöll fiskveiðastjórnunarkerfisins. Það er tími til kominn að vísa þessu deilumáli til stjórnlagaþings og þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hæfið næsta álitamál

Á laugardaginn ræðst hvort þingmannanefnd Atla Gíslasonar mun leggja það til við Alþingi að fyrrverandi ráðherrar verði dregnir fyrir landsdóm vegna klúðurs í aðdraganda bankahrunsins. Helst hefur verið rætt um að Geir H. Haarde, Björgvin G. Sigurðsson, Árni M. Mathiesenen og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gætu átt von á kæru. Fari svo tekur við næsta þref, sem vafalítið mun snúast um hæfi fulltrúanna 15 í landsdómi til að dæma í máli hvers fyrir sig.



### Einn úr leik

Í landsdómi á sæti Hlöðver Kjartansson hæstaréttarlögmaður. Þegar Guðmundur Kristjánsson lögmaður höfðaði mál á hendur Árna Mathiesen vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í dómaraembætti, og hafði af Árna fimm milljónir vegna ærumeiðinga, fékk hann félaga sinn af lögmannsstofunni til að reka málið. Sá heitir Hlöðver Kjartansson og væri tæpast hæfur til að dæma í máli Árna.

### Rangt

Sóley Tómasdóttir vill að Margrét Sverrisdóttir víki úr forsæti mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar vegna þess að kveðið sé á um það í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar að formenn fagráða skuli vera aðal- eða varaborgarfulltrúar. Margrét hafi skipað áttunda sæti á lista sem fékk aðeins þrjá menn kjörna og sé því hvorugt. Þessi athugasemd væri ágæt ef hún stæðist skoðun. Í fjórðu málsgrein 86. greinar laga um kosningar til sveitarstjórna segir nefnilega: „Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.“ Margrét er því varaborgarfulltrúi og má stýra fagráðum lögum samkvæmt.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Efling umhverfisráðuneytisins

Umhverfismál



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Endurskipulagning ráðuneyta er nú hafin á vegum ríkisstjórnarinnar og mun vonandi verða að fullu lokið um næstu áramót. Í næsta skrefi er áformað að færa umhverfisráðuneytinu aukið hlutverk varðandi rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála. Verður heiti ráðuneytisins þá breytt í umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samræmi við stefnu Vinstri grænna og samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í samstarfsyfirlýsingunni er meðal annars gert ráð fyrir að atvinnuvegaráðuneyti taki ákvarðanir um nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Mun stofnanakerfi ráðuneytanna beggja verða endurskoðað í þessu ljósi. Að mínu mati er það grundvallarþáttur í velferð þjóðarinnar að rannsóknir á auðlindum og ráðgjöf um nýtingu þeirra séu í skjóli frá nýtingarsjónarmiðum. Slík skipan mála mun marka merkileg tímamót í sögu Stjórnarráðs Íslands.

Í umræðu um endurskipulagningu ráðuneyta hefur gjarnan verið bent á fjárhagslegan ávinning og mögulega hagræðingu. Einhver sparnaður hlýst væntanlega af breytingunum, en hitt er mest um vert að þær munu efla Stjórnarráðið og styrkja faglegan grunn hvers ráðuneytis. Þannig mun skapast möguleiki á öflugri stefnumótun innan Stjórnarráðsins en hingað til hefur tíðkast, en skýr stefnumótun og gerð langtímaáætlana eru nauðsynlegur grundvöllur endurreisnar samfélagsins. Eitt af því sem rannsóknarnefnd Alþingis gagnrýndi stjórnsýsluna fyrir í skýrslu sinni var skortur á faglegri og pólitískri stefnumörkun. Það er því mikið hagsmunamál fyrir þjóðina að hér verði gerð bragarbót á með styrkingu ráðuneyta.

Stjórnarráðinu er ætlað að tryggja lýðræði, gagnsæi og skilvirkni. Umræða um málefni þess og framtíðarskipan má ekki kafna í tímabundnum hagsmunum einstaklinga, atvinnugreina eða annarra sérhagsmuna. Henni hefur um of verið stjórnað af hagsmunaaðilum sem hafa með nýtingu náttúrunnar að gera. Þau samtök sem hafa hagsmuni náttúrunnar og sjálfbæra þróun að leiðarljósi hafa ekki verið eins fyrirferðarmikil. Það er því rétt að vekja athygli á að ýmis samtök, til að mynda Landvernd, styðja þær tillögur sem settar voru fram í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aukin áhrif umhverfisráðuneytisins.

Við lærðum það af hruninu að hagsmunir heildarinnar verða að vera í öndvegi og að sérhagsmunaöfl mega ekki ráða för. Skref í þá átt verða tekin með uppstokkun í Stjórnarráðinu um áramótin – Íslandi til heilla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Samið um sama

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Niðurstaða svokallaðrar sáttanefndar í sjávarútvegi er nákvæmlega eins og það sem búast má við þegar markaðstortryggnir sveitasósíalistar láta margreynda lobbýista gabba sig til að halda að þeir séu að gera rétt. Útkoman, svokölluð samningsleið, virðist í meginatriðum vera sú að ríkið og hagsmunaaðilar ætla að setjast niður og semja um niðurgreidda langtímaleigu á kvóta auk þess sem menn vilja taka fyrir það sem er best við kerfið og búa til einhverja dótakvóta sem stjórnmálamenn geta kubbað með.

Kvótakerfið er ekki vont kerfi. Helstu kostir eru þeir að menn eiga hlutdeild í heildarafla, og þessa hlutdeild geta menn selt eða leigt.

Þetta er allt saman hið besta mál. Markaðurinn á þá að sjá um að sá veiði fiskinn sem geti gert það á sem hagkvæmastan máta.

Braskið svokallaða er þannig það besta í kerfinu. Brask er bara orð markaðshatara yfir viðskipti. Brask er gott.

Þeir sem svekkja sig á því sem þeir halda að kvótakerfið hafi gert fyrir sumar byggðir landsins eru að svekkja sig á því að það sé niðurstaða markaðarins að sumir staðir eru óhagkvæmari vettvangur fyrir matvælaframleiðslu en aðrir. Ef eplarækt á Hvammstanga bæri sig illa ætti það að vera mönnum skilaboð um að snúa sér að öðru. En það eru óþægilegar fréttir að færa fólki og við búum í landi þar sem stjórnmálamenn hafa langa reynslu af því að vilja þykjast lagfæra mistök markaða. Þegar markaðurinn klikkar þarf að leysa málið.

„Eplarækt skal tryggð. Standa þarf vörð um landnámseplið,“ myndi fólk segja. Sama fólk bjó til byggðakvóta. Með óhagkvæmni skal landið byggja.

Það er gott að einhver eigi kvótann sem kunni með hann að fara en einhvern veginn þarf samt að selja hann til að byrja með. Sú leið að bjóða hann upp er bæði sanngjörn, hagkvæm og gegnsæ, sem verður ekki endilega sagt um þá úthlutunaraðferð sem notuð var við uppsetningu núverandi kvótakerfis. Uppboðskerfi er, frá markaðslegum sjónarmiðum einfaldlega miklu betra kerfi til að koma kvóta frá ríkinu og til einkaaðila. Væri einhver flokkur markaðssinna hér á landi þá ætti hann í það minnsta að hugleiða slíka leið í stað þess að einblína einungis á hagsmuni og afkomu þeirra aðila sem nú eiga veiðiréttindin. Menn ættu að standa vörð um markaðinn í stað þess að standa eingöngu vörð um eignarrétt fólks yfir einhverju sem það á eiginlega ekki alveg.

Auðvitað vilja þeir lobbýhópar sem nú eiga kvótann nú halda honum.

Auðvitað munu þeir gera allt sem þeir geta til að reikna það út að allt fari í kássu ef þeir missa kvótann smám saman yfir á opinn uppboðsmarkað. En ein leið til að meta skynsemi breytinga er að snúa dæminu við. Ef 5% kvótans væru boðin upp á hverju ári nú, myndu margir krefjast þess að því yrði hætt og þess í stað komið á einhverjum föstum hálfeignarrétti í samræmi við veiðireynslu? Auðvitað ekki.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sátt kvótaeigenda sem vilja eðlilega halda í það sem þeir hafa og pólitíkusa sem óttast að ef markaðsöflin fengju að ráða þá færi allt í rugl. Í bókun fulltrúa VG má þannig lesa þá stórskemmtilegu skoðun hennar að allt framsal á kvóta ætti vera óheimilt nema þá hugsanlega með samþykki ríkisins, þá bara ef kvótinn færist ekki milli byggðarlaga og, hér er rúsínan í pylsuendanum, allur ágóði myndi renna til ríkisins. Hugtakið marxísk viðskiptafræði kemur upp í hugann: þú mátt bara selja dót ef þú tapar örugglega á því.

Þau meginstef sem úr skýrslunni berast eru semsagt óhagkvæmni og aftur óhagkvæmni. Það á að setja núverandi kvótastöðu á pásu og hindra að veiðiréttindin færist til þeirra sem gætu nýtt þau betur. Síðan verður búinn til einhver pottur til að formgera línuívilnanir, byggðakvóta og aðrar vitleysur sem Jónar Bjarnasynir framtíðar geta dandalast með og lengt í snöru óhagkvæmra fyrirtækja í þágu eigin vinsælda.

Tækifæri til að auka hagkvæmni og stöðugleika í sjávarútvegi hefur glatast. En stórskuldugar útgerðir geta vissulega dregið andann léttar í nokkur ár.

# Nú er tækifæri til breytinga

Sjávarútvegsmál
Lína Rafney Magnúsdóttir
alþingismaður



Starfshópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um stjórn fiskveiða hefur nú skilað frá sér skýrslu til ráðherra, þar sem álitaefni eru greind, tillögur lagðar fram til úrbóta og valkostir kynntir. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila og fór ítarlega yfir einstaka þætti núverandi laga um stjórn fiskveiða, lét vinna skýrslur um stöðu sjávarútvegsins og hugsanlegar leiðir að breyttu fiskveiðistjórnunarkerfi. Það gefur að skilja að í starfshópnum voru uppi ólíkar skoðanir og nálganir á viðfangsefnið. Starfshópurinn náði þó samstöðu um nokkur álitaefni en það veldur vonbrigðum að LÍÚ gat ekki skrifað undir niðurstöðu annarra í hópnum um að skýrt ákvæði verði sett í stjórnarskrá um þjóðareign á öllum náttúruauðlindum, þ.m.t. auðlindum sjávar.

Það skal tekið skýrt fram að ekki var mælt með ákveðinni leið af hálfu starfshópsins þó mestur stuðningur innan hans hafi verið við svokallaða samningaleið. Aðrar leiðir voru ræddar, s.s. innköllun og endurúthlutun aflaheimilda á einu bretti og endurráðstöfun með nýtingarsamningi, tilboðsleið og pottaleið. Fulltrúar VG og Samfylkingar telja að nýta þurfi það besta úr fyrirliggjandi hugmyndum til að ná fram markmiðum stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um réttlátara fiskveiðistjórnunarkerfi. Ég lýsti ekki stuðningi við eina leið frekar en aðra, því ljóst er að endanleg útfærsla verður að liggja fyrir svo hægt sé að taka afstöðu til hennar. En í ljósi þess að mestur stuðningur af hálfu starfshópsins var við samningaleiðina lagði ég fram eftirfarandi bókun þegar skýrslunni var skilað til sjávarútvegsráðherra 6. september sl.

„Starfshópur um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða hefur nú skilað af sér skýrslu og er mestur stuðningur af hálfu hópsins við svokallaða samningaleið. Í skýrslunni kemur hins vegar hvergi fram nein endanleg útfærsla um samningsákvæði svo sem um skilyrði um meðferð aflaheimilda. Undirrituð telur því brýnt að í slíkum samningum við opinbera aðila séu m.a. lögð til grundvallar eftirfarandi atriði:

- Að framsal sé óheimilt nema með samþykki beggja samningsaðila og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem m.a. tryggja að hugsanlegur ágóði renni til ríkisins.
- Framsal verði ekki heimilað hafi það í för með sér byggðaröskun. Ákvæði verði sett í samninga um byggðatengingu aflaheimilda til að styrkja búsetuskilyrði íbúanna og til að koma í veg fyrir byggðaröskun og frekari samþjöppun aflaheimilda.
- Skýr ákvæði séu sett um veðsetningu samninga sem háð séu samþykki beggja samningsaðila. Ef veðsetning verður heimiluð á annað borð þá verði hún takmörkuð við þarfir sjávarútvegsins.
- Að við innköllun allra aflaheimilda á einu bretti og endurúthlutunar á grundvelli nýtingarsamnings gegn gjaldi verði byggt á jafnræðissjónarmiðum.
- Að í samningum verði leiguframsal afnumið og tryggður opinber leigumarkaður með aflaheimildir sem nýtast m.a. til nýliðunar.
- Sett verði á aukin veiðiskylda handhafa veiðiheimilda þó takmörkuð tegundatilfærsla verði heimiluð eftir sem áður.
- Að ráðstöfun á aukningu aflaheimilda komi ekki sjálfkrafa inn á gildandi samninga og geti aukningin því nýst til nýliðunar og byggðatengdra aðgerða ásamt því að aflaheimildirnar verði settar á opinberan leigumarkað.
- Að tryggt sé að handhafi aflaheimilda samkvæmt samningi starfi eftir gildum kjarasamningi og brot geti þýtt riftun samninga.
- Setja verður almenn skilyrði fyrir gerð samnings svo sem um tilskilin rekstrarleyfi sem fela m.a. í sér skil á opinberum gjöldum. Á sama hátt verði sett ákvæði um riftun ef samningsaðili brýtur þau ákvæði sem sett eru.“

Fleiri atriði hefði mátt nefna, eins og lengd samninga en í mínum huga eru samningar til 10 ára hámark með möguleikum á endurskoðun á tímabilinu.

> Við höfum alla möguleika á að skapa sjávarútveginum öryggi til framtíðar og góð rekstrarskilyrði.

Nú reynir á kjark og hugrekki stjórnmálamanna að gera þær breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem þjóðin hefur kallað eftir til fjölda ára. Við höfum alla möguleika á að skapa sjávarútveginum öryggi til framtíðar og góð rekstrarskilyrði, jafnframt því að skapa íbúum sjávarbyggða traustari búsetuskilyrði og að tryggja að arðurinn af sjávarauðlindinni renni til þjóðarinnar. Nú treysti ég því að okkar góði sjávarútvegsráðherra nýti vel þessi tímamót í þeirri vinnu sem framundan er í endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þjóðin bindur vonir við að vinstristjórn hafi hugrekki og þor til að gera þær breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem skapi heilbrigðara og réttlátara fyrirkomulag fyrir þjóðina alla.



Elica háfar
glæsileg hönnun
og fágað yfirbragð
Platinum, Isobella, Twin, Wave og Grace háfar á tilboði*
elica COLLECTION
Verð frá kr.:
162.500
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur
*Tilboð gildir meðan birgðir endast
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN Selfossi
MODEL Akranesi
RADÍÓNAUST Akureyri
GEISLA í Eyjum
YFIR 20 GERÐIR GRILLA Á ÚTSÖLU
ÚTSALA
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
Opið laugardag til kl. 16



## KEY LIME OSTAKAKA

Botn:
300 g McVities kex með súkkulaði
2 msk hrásykur
80 g brætt smjör
Börkur af einum Key lime ávexti

Fylling:
3 stk matarlímsblöð
300 g rjómaostur
60 g hrásykur
Börkur af einum Key lime ávexti
1 msk Key limesafi
2 dl þeyttur rjómi

Myljið kexið mjög smátt, blandið svo öllu vel saman með sleif.
Setjið deigið í 22 cm form og þrýstið vel út í kantana.
Fylling: Leggið matarlímið í bleyti í kalt vatn í 5 mín. að minnsta kosti. Vinnið rjómaostinn mjúkan með sykri og berkinum. Setjið limesafann í lítinn pott á lágan hita, takið matarlímið úr vatninu og setjið saman við safann og bræðið. Gætið þess að þetta má alls ekki sjóða. Setjið svo limesafann út í rjómaostinn og vinnið rólega saman við. Takið skálina úr vélinni og setjið þeyttan rjómann út í og vinnið rólega saman við með sleikju. Setjið fyllinguna yfir botninn og kælið í um 3 klst.

NÝTT



Key lime

# sítrus dagar í Hagkaup!



Blóðappelsínur



Pomelos | Hvítt grape | Rautt grape | Appelsínur | Klementínur | Sítrónur | Lime

Safarík og frábær á milli mála



TILBOÐ
RAUÐ EPLI
229 kr/kg.

**Rauð epli**
frá Argentínu

Trefjarík og stútfull af andoxunarefnum



TILBOÐ
BRÓMBER
398 kr/pk.

**Brómber**

Magnesíum og c vítamínrík



TILBOÐ
HINDBER
398 kr/pk.

**Hindber**

Steinefna og vítamín rík



TILBOÐ
RIFSBER
398 kr/pk.

**Rifsber**

Ítalíu vörulínan samanstendur af hágæða ítölskum vörum sem eru sérvaldar fyrir þig. Þær endurspegla allt það besta sem ítalska eldhúsið hefur upp á að bjóða

ÍTALÍA

-allt það besta!

beint frá ítalíu











TILBOÐ
SÚKKULAÐI SKÚFFUKAKA
339 kr/stk.




TILBOÐ
ORKUDRYKKUR
108 kr/stk.




TILBOÐ
MILT ÞVOTTAEFNI 700g
599 kr/pk.



TILBOÐ
HEIMA ÖRBYLGJUPOPP
219 kr/pk.

Gildir til 12. september á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# SVÍNAGÚLLAS Í HVÍTVÍNSSÓSU fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 1 msk ólífuolía
- 100 g beikon, skorið í bita
- 2 msk saxaður púrrulaukur
- 2 hvítlauksrif, söxuð
- 500 g svínagúllas
- 150 g sveppir, skornir til helminga
- 1 kjúklingakraftsteningur
- 400 ml hvítvín
- 200 ml matreiðslurjómi
- 1 tsk maizena sósuþykkir
- Salt og nýmalaður pipar
- Handfylli söxuð steinselja

Steikið beikonið upp úr ólífuolíunni, bætið púrrulauk og hvítlauk saman við og steikið þar til laukarnir eru mjúkir í gegn. Setjið laukana og beikonið í skál. Brúnið gúllasið í sama potti í 3-4 mínútur. Bætið þá sveppunum, kjúklingakraftinum, hvítvíninu, laukunum og beikoninu út í og látið malla í 25-30 mínútur. Bætið rjómanum og sósuþykkinum út í, kryddið með salti og pipar og látið sósuna þykkna örlítið. Stráið steinseljunni yfir áður en rétturinn er borinn fram. Gott er að bera gúllasið fram með kartöflumús og fersku salati.

Kkal: 442/ 22% RDA*
Prótín: 36.2 g/ 72% RDA
Fita: 20 g/ 31 % RDA
Kolvetni: 11.5 g/ 4% RDA
Trefjar: 0.6 g/ 3 % RDA
B6 vítamín: 1.1 mg/ 71% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Grísasnitsel**




**Grísahnakki**




**Lambalæri**
af nýslátruðu




**Lambahryggur**
af nýslátruðu



*Tómas bakari*

## Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fáir nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Bjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.

NÝBAKAÐ

























**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Komið að skuldadögum í Helguvík

Orkumál



Sigmundur Einarsson
jarðfræðingur

Álbræðsla í Helguvík hefur verið töluvert til umræðu undanfarið vegna fyrirsjáanlegra tafa á afhendingu orkunnar. Skýringar hagsmunahópa eru allar á sama veg. Stjórnvöld bregða fæti fyrir atvinnuuppbyggingu! HS Orka fær ekki leyfi til að stækka Reykjanesvirkjun! Seinagangur við afgreiðslu skipulagsáætlana! Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ lagður í pólitískt einelti! – O.s.frv.

Umfjöllun fjölmiðla er hefðbundin. Hvorki er vilji né geta til að fjalla um kjarna málsins og stjórnmálamenn óttast óvinsældir. Þeir eru hræddir um að verða kallaðir til ábyrgðar og þora ekki að viðurkenna að verkefnið hafi verið tálsýn frá upphafi.

**Aðdragandinn**

Þegar áform um dularfulla stálpípuverksmiðju í Helguvík gufuðu upp um miðjan þennan áratug var Norðuráli boðin þar aðstaða fyrir álbræðslu. Norðurál sló til og samdi um kaup á raforku. Skipulag og umhverfismat voru unnin fyrir álbræðslu, orkuver og háspennulínur. Svo kom kreppan og eyðilagði allt. Eða hvað?

**Orkan til álbræðslunnar**

Núverandi áform Norðuráls gera ráð fyrir að álbræðsla í Helguvík verði reist í fjórum jafnstórum áföngum sem hver framleiðir 90 þús. tonna á ári, alls 360 þús. tonn. Heildar orkuþörf er liðlega 600 MWe og þarf fyrsti áfanginn um 150 MWe. Árið 2007 var samið við Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Orka) og Orkuveitu Reykjavíkur um afhendingu allt að 250 MWe rafafls í fyrsta áfanga álbræðslunnar fyrir árslok 2010. Jafnframt gáfu fyrirtækin vilyrði fyrir allt að 185 MWe til viðbótar, samtals 435 MWe, en ekki hafa verið gerðir frekari orkusamningar.

**Brauðfætur Reykjanesvirkjunar**

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu vegna Helguvíkur frá árinu 2007 hyggst Hitaveita Suðurnesja tutla orku úr öllum háhitasvæðum á Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns til að næra álbræðsluna. Í Reykjanesvirkjun eru nú framleidd 100 MWe. Áformað er að stækka virkjunina í 200 MWe fyrir fyrsta áfangann í Helguvík. Í matsskýrslu um stækkunina frá júní 2009 er ítarleg umsögn Orkustofnunar um áformin en þessi sama stofnun veitir hið endanlega virkjunarleyfi. Þar kemur skýrt fram á hvílíkum brauðfótum framkvæmdin stendur.

Í umsögninni segir að þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu hafi á fyrstu þremur árum nýtingar orðið umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir. Þetta telur Orkustofnun að eigi að hvetja til varúðar við frekari orkuvinnslu úr svæðinu. Þá segir að þegar horft sé til stærðar (flatarmáls) vinnslusvæðisins á Reykjanesi sé það *fjarri því að standa undir fyrirhugaðri tvöföldun Reykjanesvirkjunar í 200 MWe til lengri tíma.* Að auki bendir Orkustofnun á að nýtingin bjóði heim hættu á gufusprengingum og að kaldur jarðsjór gæti komist inn í jarðhitageyminn þar sem undirþrýstingur er mikill. Bent er á að virkar jarðskjálftasprungur á jarðhitasvæðinu hafi hreyfst a.m.k. fjórum sinnum á síðustu öld.

> Auðvitað verður kreppu og fjárskorti kennt um. En ábyrgðin liggur fyrst og síðast í óábyrgum loforðum um orkusölu ásamt óraunsæjum væntingum stjórnvalda um orku úr iðrum jarðar.

Umsögn Orkustofnunar sýnir að hugmyndir HS Orku um stækkun Reykjanesvirkjunar hafa frá upphafi verið óraunsæjar svo ekki sé meira sagt og skýrir þann vanda sem nú er uppi við afhendingu orkunnar til Helguvíkur. Reyndar segist HS Orka nú hafa nýjar upplýsingar um jarðhitasvæðið og nú er bara að bíða og sjá hvað sérfræðingar Orkustofnunar segja þegar þær berast.

Af einhverjum undarlegum ástæðum sá Skipulagsstofnun ekki ástæðu til að taka afstöðu til ofangreindrar umsagnar Orkustofnunar í áliti sínu um mat á umhverfisáhrifum vegna Reykjanesvirkjunar.

**Vonbrigði á Hellisheiði**

Í umhverfismatsskýrslu um Helguvík frá 2007 segir að árið 2010 muni tvær 45 MWe vélar bætast við Hellisheiðarvirkjun, tvær í Bitruvirkjun og tvær í Hverahlíðarvirkjun, samtals 270 MWe. Orkan muni m.a. fara til Helguvíkur. Eftir að ljóst varð að boranir Orkuveitunnar á Skarðsmýrarfjalli skiluðu ekki þeim árangri sem vonast var eftir hefur lítið frést af orkuvinnslu á Hellisheiði. Bitruvirkjun hefur verið slegin af í bili og Hverahlíðarvirkjun er strand í skuldafeni Orkuveitunnar. Raforku til Helguvíkur er því vart að vænta úr þessari átt á þessu ári og ekki heldur því næsta.

**Engar háspennulínur**

Til að koma raforkunni frá Hellisheiði til Helguvíkur þarf Landsnet að reisa háspennulínur. Ekkert bólar á línunum en gert er ráð fyrir að þær liggi þvert um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Þetta hljómar líkt og Vatnsveita Reykjavíkur hafi týnst í Orkuveitunni. Hvort skyldi vera mikilvægara, neysluvatnið eða álbræðslan?

**Ber einhver ábyrgð?**

Fróðlegt verður að fylgjast með málinu næstu vikurnar. HS Orka fær líklegast ekkert virkjunarleyfi, engin er háspennulínan og engin orka frá Hellisheiði í sjónmáli. Nú er líklega rétti tíminn fyrir yfirvöld að rifja upp þær kröfur sem gerðar voru um sameiginlegt umhverfismat fyrir álbræðslu og tengdar framkvæmdir. Kröfur sem Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti höfnuðu á sínum tíma.

Hætt er við að nú sé farið að hilla undir dánarvottorð álbræðslunnar í Helguvík og komið að skuldadögum. En ber einhver ábyrgð? Og gagnvart hverjum? Hvað um allar framkvæmdirnar á kostnað Reykjanesbæjar og Helguvíkurhafnar? Hvað um orkufyrirtæki sem lofuðu upp í ermina á sér?

Auðvitað verður kreppu og fjárskorti kennt um. En ábyrgðin liggur fyrst og síðast í óábyrgum loforðum um orkusölu ásamt óraunsæjum væntingum stjórnvalda um orku úr iðrum jarðar.

**Skemmtistaður/matsölustaður**

Tælenskur matsölustaður og sér skemmtistaður á besta stað miðsvæðis í Reykjavík til sölu saman eða sitt í hvoru lagi. Öll leyfi og langtíma leigusamningar. Góður rekstur og tækifæri, upplýsingar í síma 660 3770 eða 6976333.




Plankaparket
Verð frá 7.990,- pr m²
Eik Sauvage plankar, lakkað, smellt, burstað og micro fasað,
Framleiðsluland: Þýskaland
HARO QUALITY FLOORING
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…

# Færi á allsherjaruppstokkun

Málefni geðfatlaðra



Sigursteinn Másson
formaður Geðhjálpar

Fyrir skemmstu gerði Ríkisendurskoðun alvarlegar athugasemdir við stöðu og stjórnun á málefnum fatlaðra. Geðhjálp tekur undir þá gagnrýni og sérstaklega það að stefnumótun og eftirlit með þjónustunni hefur verið í ólestri. Aðgreining ráðuneyta velferðarmála í heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti hefur lengi verið þyrnir í augum Geðhjálpar og höfum við lagt áherslu á að geðheilbrigðismál eru og verða ætíð heilbrigðis- og félagsmál sem líta verði heildstætt á. Þessi aðgreining er án efa stór hluti ástæðunnar fyrir því að svo er komið sem raun ber vitni og skýrsla Ríkisendurskoðunar varpar ljósi á. Þegar stefnan er óskýr, ábyrgð og stjórnun sömuleiðis er ekki von á góðu. Ráðuneytin hafa löngum kastað málefnum fatlaðra á milli sín eins og heitri kartöflu í því skyni að losna við kostnað. Þar að auki hefur verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verið óskýr. Sameinað velferðarráðuneyti getur og verður að breyta þessu. Geðhjálp styður einnig flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Málefni fatlaðra eiga heima sem hluti nærþjónustunnar rétt eins og þjónusta við aðra íbúa sveitarfélaganna. Þetta er grundvallaratriði og brýnt að hugmyndafræðin á bak við yfirfærsluna sé á hreinu. Þess vegna er það áhyggjuefni að ekki liggi fyrir skýrt markmið stjórnvalda með yfirfærslunni eins og Ríkisendurskoðun bendir á.

**Höfum hlutina á hreinu**

Markmiðið má ekki vera aðeins tæknilegt heldur verður það að snúast um að bæta þjónustuna og að koma á fót nýjum þjónustuþáttum í því skyni að skapa fötluðum tækifæri til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu. Allt sem gert er í stefnumótun í málaflokknum verður að miða að þessu. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) og talsmannakerfi er þar ofarlega á blaði. Þá skiptir líka miklu máli að skilgreining og skilningur á hugtökum sé á hreinu. NPA er ekki heimaþjónusta heldur persónubundin einstaklingsþjónusta sem tekur mið af þörfum hvers og eins þannig að viðkomandi geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og verið virkur þátttakandi í samfélaginu. Það má ekki gefa neinn afslátt af þessari hugsun. Talsmaður er sömuleiðis aðeins talsmaður hins fatlaða sem ekki getur gætt hagsmuna sinna af einhverjum ástæðum en ekki aðstandenda hans eða annarra. Í aðdraganda að yfirfærslunni á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga þarf að ræða þessi mál miklu meira og skapa til þess opinn vettvang í þjóðfélaginu þannig að sveitarfélögin verði sem best undirbúin þegar þar að kemur. Sérstaklega er brýnt að búið verði að koma á fót virku opinberu eftirlitskerfi í stað hins handónýta kerfis svæðisráða sem enn er við lýði. Þótt mikið verk sé að vinna við undirbúning yfirfærslunnar og ekki hafi verið nægilega vel að honum staðið hingað til er engin ástæða til að hverfa frá þeim áformum.

**Reynslan kennir okkur**

Staða fatlaðra í þeim sveitarfélögum þar sem yfirfærslan hefur þegar átt sér stað, Akureyri, Norðurþingi, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum, er mun betri en allajafna í öðrum sambærilegum sveitarfélögum á landinu. Reyndar liggur engin heildstæð úttekt á þessu fyrir eins og Ríkisendurskoðun bendir á og sýnir enn og aftur það sleifarlag sem ríkt hefur í málefnum fatlaðra. Af samtölum við aðila í þessum sveitarfélögum og þeim úttektum sem þó hafa verið gerðar má hins vegar draga þessa ályktun. Við þurfum að fara óhrædd inn í það breytingarferli sem framundan er, líta til tækifæranna en um leið gera ríkar kröfur um að allar breytingar leiði til framfara. Það kann að taka nokkurn tíma að fá margar hinar jákvæðu hliðar breytinganna fram í dagsljósið en ég er sannfærður um að það mun gerast og því megum við hvergi hvika frá framtíðarsýninni. Sú staðreynd að málefni fatlaðra eru að miklu leyti í ólestri á Íslandi er kerfislægur vandi. Hann snýst um vont stjórnskipulag sem leitt hefur til lélegrar stjórnsýslu, hentistefnu og ójafnræðis. Ein stærsta frumorsök þessa vanda hefur að mínu mati verið tvískipting velferðarráðuneytanna fram til þessa. Eftir höfðinu dansa limirnir. Þetta stendur nú til bóta og er Guðbjarti Hannessyni óskað velfarnaðar við að sameina ráðuneytin og endurskipuleggja málaflokkinn. Um leið skorar Geðhjálp á nýjan velferðarráðherra að taka aðfinnslur Ríkisendurskoðunar mjög alvarlega og kippa þeim tafarlaust í liðinn.

**Komið að samtökum fatlaðra**

Nú er komið að samtökum fatlaðra sjálfra að líta í eigin barm og endurskoða sína starfshætti og fyrirkomulag og þótt fyrr hefði verið. Við megum ekki gleyma því að á Íslandi leika félög fatlaðra óvenju stórt þjónustuhlutverk í samanburði við þau ríki sem við viljum bera okkur saman við. Það hefur aftur veikt samtök fatlaðra í hagsmunabaráttu sinni fyrir fólk með fötlun án nokkurs vafa. Það er ekki í anda nútímaviðhorfa og þeirra mikilvægu breytinga sem stjórnvöld standa nú fyrir að félög fatlaðra séu umsvifamikil á fasteignamarkaði og séu ábyrg fyrir útleigu hundraða íbúða til öryrkja. Í því felst augljós hætta á hagsmunaárekstrum. Húsnæðismál eru órjúfanlegur hluti af velferð hvers einstaklings og með réttu ættu hagsmunafélögin að berjast fyrir rétti fatlaðra til aðgengilegs húsnæðis á góðum kjörum í stað þess að hirða af þeim leigutekjur og spara viðhald. Það sama gildir um ýmsa aðra þjónustu sem lögum samkvæmt á að hvíla á ríki eða sveitarfélögum en félög fatlaðra hafa í hallæri tekið að sér. Það er oft mjög erfitt að breyta, sameina eða leggja niður stofnanir. Nú þegar ríkið virðist ætla að ganga á undan með góðu fordæmi er nauðsynlegt að aðrir skoði gaumgæfilega sína stöðu, endurskipuleggi sig frá grunni og móti stefnu sem er fólki með fötlun raunverulega til hagsbóta en ekki hindrun.

**Matardagar 2010** verða haldnir í Smáralindinni 23. til 26. september. Meðal fjölmargra skemmtilegra liða á sýningunni er Súpukeppni Knorr. Þar hafa keppendur 60 mínútur í eldhúsi til að laga fjóra lítra af súpu, einn sýningardisk og súpu til að gefa 25 gestum Smáralindar að smakka. www.freisting.is





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




**Hrefna Rósa Sætran eldar ekki aðeins í vinnunni heldur leikur einnig af fingrum fram á heimavelli.**

# Fær ekki nóg af því að elda



Hrefna Rósa segir marga smeyka við að djúpsteikja heima hjá sér en að það sé þó ekki mikið mál. Hér er hún með djúpsteiktan smokkfisk sem er einn af hennar uppáhaldsréttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matreiðslumeistarinn Hrefna Rósa Sætran fær aldrei leið á því að elda þrátt fyrir að gera varla annað. Hún rekur eigin veitingastað, er með eigin matreiðsluþátt á Skjá einum, keppir fyrir Íslands hönd í íslenska kokkalandsliðinu og var að enda við að gefa út nýja matreiðslubók. Mörgum þætti nóg um en Hrefna Rósa eldar ekki síður heima, er dugleg að bjóða í mat auk þess að vera með kveikt á BBC Lifestyle daginn út og inn.

Hrefna Rósa fagnar um þessar mundir útkomu sinnar fyrstu matreiðslubókar sem heitir Fiskmarkaðurinn eins og veitingastaðurinn hennar. „Þarna eru samankomnir uppáhaldsréttirnir mínir af Fiskmarkaðnum sem ég hef reynt að einfalda. Einkunnarorð mín eru ferskt, framandi og ógleymanlegt og legg ég því upp úr því að halda í bragðið þó ég hafi reynt að gera réttina aðgengilegri fyrir fólk.“

*vera@frettabladid.is*

## SMOKKFISKUR TEMPÚRA MEÐ VORLAUK OG HVÍTLAUK

Forréttur fyrir 4



400 g smokkfiskur
2 stk. vorlaukur
2 stk. jalapenó
2 msk. hvít sesamfræ
2 stk. hvítlauksrif
Olía til steikingar og djúpsteikingar
Salt

**Tempúradeig**
100 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
100 ml sódavatn

*Hreinsið smokkfiskinn og skerið hann niður í litla bita. Saxið vorlaukinn og jalapenóið fínt niður. Saxið hvítlaukinn mjög smátt og steikið hann á pönnu upp úr olíu. Setjið á bréf og leyfið honum að verða stökkum. Veltið smokkfisknum upp úr hveiti og setjið hann svo í tempúradeigið. Hitið olíu í potti upp í 180°c (gott að nota hitamæli). Takið smokkfiskinn upp úr deiginu og djúpsteikið í um það bil 4 mínútur. Setjið á bréf. Stráið vorlauknum, jalapenó, sesamfræjunum og hvítlauknum yfir. Kryddið með salti.*

**Jalapenódressing:**
1 stk. jalapenó
150 g mæjónes
1 stk. sítróna

*Setjið heilt jalapenóið í matvinnsluvél ásamt majónesinu. Smakkið til með sítrónusafa.*





**Tískuvikan í New York** er að hefjast. Stjörnurnar hrannast til borgarinnar af því tilefni og þegar hefur sést til Victoriu Beckham sem lætur sig sjaldan vanta á viðburði sem þessa.



Fyrirsætan Naomi Campbell mætti á sýningu Miral og lét ljós sitt skína að venju.



Natalie Portman var fögur í rauðu þegar hún mætti á myndina The Black Swan sem hún leikur í ásamt Vincent Cassel.

Bandaríska leikkonan Rebecca Hall mætti á myndina The Town í þessum bláa silkikjól.

Ítalska leikkonan, Isabella Ragnosi var konungleg þegar hún mætti á sýningu á The Black Swan.

Tilda Swinton minnti helst á gríska gyðju í bláu þegar hún mætti til sýningar á kvikmyndinni Venus noir.

# *Freyjur í Feneyjum*

**Sextugasta og sjöunda kvikmyndahátíðin í Feneyjum hófst 1. september síðastliðinn og stendur fram á laugardag. Hátíðin er elsta kvikmyndahátíð heims og ein sú virtasta. 24 kvikmyndir keppa í ár um aðalverðlaun hátíðarinnar sem er Gullna ljónið. Eins og hefðin er á öðrum viðlíka hátíðum mættu alþjóðlegar stjörnur í sínu fínasta pússi á rauða dregilinn.**





Tavi stíliserar stjörnur sem koma fram á einni af tískusýningum tískuvikunnar í New York.

# Tavi hjálpar stjörnunum baksviðs

**Hinn þrettán ára tískubloggari Tavi Levinson verður stjörnum til halds og trausts á tískuvikunni í New York sem er að hefjast.**

Tavi hefur vakið mikla athygli frá því hún byrjaði að blogga um tísku fyrir tveimur árum, þá aðeins ellefu ára. Hún heldur úti síðunni Style Rookie og þykir vera ótrúlega næm á nýjustu strauma og stefnur í tískunni.

Þrátt fyrir að hún sjálf líti út eins og lítil gömul kona, og hafi jafnvel litað hár sitt grátt, hafa menn trú á þessari tískupísl. Þannig hefur hún hannað stuttermaboli í samstarfi við bolaframleiðandann Borders&Frontiers.

Nýjustu fréttir herma að Tavi hafi fengið nýtt hlutverk á tískuvikunni í New York sem er að hefjast. Í fyrra sat hún á fremsta bekk við hlið heimsfrægra hönnuða, í ár mun hún taka virkan þátt. Sögur herma að hún muni stílisera stjörnur sem koma fram á sýningu Alice + Olivia. Þeirra á meðal eru söngkonan Amanda Blank og tónlistardúettinn The Pierces. *- sg*

# Lagerfeld hannar fyrir almúgann

**Tískukóngurinn Karl Lagerfeld kemur öllum á óvart rétt fyrir tískuvikuna í París.**

Þeir sem beðið hafa með óþreyju eftir að sjá samnefnda línu Karls Lagerfeld á tískuvikunni í París í byrjun október verða að bíða enn því tískukóngurinn hefur afboðað komu sína á pallana. Ástæðan? Jú, hann hefur einsett sér að vinna að nýrri og aðgengilegri fatalínu.

Kvisast hefur út að hin fína Karl Lagerfeld-lína muni framvegis verða hefðbundnari og laus við heimskunn áhrif hans sjálfs að mestu. Í staðinn áformar hann að kynna tískulínu sem sameinar orðstír hans og fjöldaframleiddrar tískuvöru, og selja á netinu. Vinna við þá línu er þegar langt komin og verður sýnd undir nýju nafni fyrir haust og vetur 2011.

Þetta þykja dásamleg tíðindi því með þessum viðsnúningi færir einn mesti snillingur tískuheimsins sig inn á almennan markað þar sem almúginn ætti að geta keypt sér spjarir með hans merki.



Þýski hönnuðurinn Karl Lagerfeld, hér með fyrirsætu sem sýndi hönnun hans fyrir Chanel í París 2007.

Karl hyggst þó samt verja heiður sinn á tískuvikunni í París því fyrir utan smotterí sem hann hannar fyrir Chanel, ætlar hann að frumsýna töskulínu sem hann hannaði fyrir Hogan. *- þlg*

## Valentino stígur í vænginn við Gap

HEIMSFRÆGT TÍSKUMERKI MUN FÁST Í ALÞÝÐLEGRI VERSLANAKEÐJU.

Valentino mun leggja Gap til ítalskt og íðilfagurt innsæi sitt í vetur með því að hanna fyrir keðjuna kvenfatalínu á sanngjörnu verði. Þessar fréttir koma strax í kjölfar tilkynningar um að Lanvin hafi ákveðið samstarf við H&M, en tónar vel við það trend ofurhönnuða nú að sameina lúxushönnun sína við götutísku og grunnfatnað.



Valentino-lína Gap verður fyrst sett fram í nýrri Gap-búð Mílanó-borgar í lok nóvember, nokkru áður en varan fæst í Colette í París, á Dover Street Market eða í Gap-búðinni í Lundúnum.

Hönnuðirnir Maria Grazia Chiui og Pier Paolo Piccioli hanna Gap-línu Valentinos, en áður hefur Gap unnið með Pierre Hardy í fyrra og Stellu McCartney að fádæma vinsælli barnafatalínu. *- þlg*

Unglingamenningin náði yfirhöndinni á sjöunda áratugnum og hafði áhrif á alla tískuhönnun. Hinn nýi markhópur vildi fatnað sem hægt var að kaupa á verði sem var í samræmi við venjulegar tekjur. Fatnaður og fylgihlutir hippatískunnar urðu að nýjum tískuvörum sem hægt var að kaupa ódýrt í vöruhúsum.

**Tíska aldanna**




**Nytjasveppir í náttúru Íslands** er yfirskrift fræðslufundar og göngu sem haldin verður í Sesseljuhúsi á Sólheimum í Grímsnesi á laugardaginn klukkan 13. Gestum er bent á að taka með sér hnífa og bastkörfur til að geta tínt sveppi.



## Flóamarkaður í Frostaskjóli

ÝMIS VARNINGUR VERÐUR TIL SÖLU Á FLÓAMARKAÐI SEM HALDINN VERÐUR Í HÚSNÆÐI FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVARINNAR VIÐ FROSTASKJÓL Á MORGUN.

Hefð hefur skapast fyrir flóamarkaði sem haldinn er í húsnæði Frístundamiðstöðvarinnar við Frostaskjól 2. Markaðurinn í ár er haldinn á morgun, 11. september, og stendur yfir frá kl. 13-16. Fyrirkomulagið er það sama og áður þar sem öllum er velkomið að koma og selja dótið sitt, svo sem kompumuni, föt, sultur, prjónavörur, eða annað sem fólk er að föndra, sér að kostnaðarlausu. Það er Frístundamiðstöðin Frostaskjóli sem stendur að flóamarkaðinum í samstarfi við KR og best er að senda póst á floamarkadur@gmail.com til að skrá þátttöku. *- jma*



Árleg fjölskylduganga á umhverfisdegi Kópavogs fer fram á morgun. Lagt verður af stað frá Náttúrufræðistofu Kópavogs klukkan 11 og gengið niður á Kópavogstún, síðan um Borgarholt og loks er hringnum lokað með heimsókn á Náttúrufræðistofu Kópavogs.



**www.kopavogur.is**



Mads Holm og kokkurinn Gunnar Karl Gíslason huga að jurtunum í matjurtagarði Norræna hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Norræn matjurtaveisla

**Gestum verður boðið að smakka á uppskerunni úr eldhúsgarði Norræna hússins og veitingastaðarins Dills á morgun á uppskeruhátíð í Norræna húsinu. Þeir sem vilja geta líka tekið þátt í sultukeppni.**

Uppskeruhátíð Norræna hússins verður haldin á morgun klukkan 14 en þá gefst gestum kostur á að bragða á hinum ýmsu matjurtum sem ræktaðar hafa verið í eldhúsgarðinum við Norræna húsið í sumar. Verkefnastjóri matjurtargarðsins er matfræðingurinn Mads Holm en hann verður einnig kynnir og stjórnandi hátíðarinnar.

„Þetta er annað árið sem ég er með matjurtagarðinn og við ræktum eingöngu norrænar matjurtir í honum. Við erum til dæmis með alls konar kál, danskar baunir, fjórar gerðir af íslenskum kartöflum, rófur, radísur og dill en kokkurinn á veitingastaðnum Dill sem er hérna í Norræna húsinu, Gunnar Karl Gíslason, notar eingöngu norrænt hráefni í sína matargerð og hann hefur notað efni úr þessum garði,“ segir Mads.



Á uppskeruhátíðinni verður líka sultukeppni og eru börn og fullorðnir hvött til að taka þátt. „Allir mega skila inn sultu en það er gaman þegar fjölskyldan gerir sultu saman,“ segir Mads. Dómari í sultukeppninni er kokkurinn Gunnar Karl en þeir sem ætla að taka þátt verða að skila sultunni inn fyrir klukkan 12 á morgun í íláti merktu nafni og heimilisfangi á botninum.

„Svo verður Felix Bergsson með okkur og það verður svona hátíðarstemning hérna,“ segir Mads og hvetur fjölskyldufólk sérstaklega til að líta við.

Nánari upplýsingar á www.nordice.is. *emilia@frettabladid.is*





Auglýsingasími
512 5401
Allt sem þú þarft...

Við þurfum fleiri sjálfboðaliða
Vertu með!

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til þess að sinna margvíslegum verkefnum deildarinnar.

**Kynningarfundur verður haldinn í húsnæði deildarinnar Hamraborg 11, 2. hæð mánudaginn 13. september kl. 18-19.**

Um er að ræða verkefni sem henta körlum jafnt sem konum og fólki á öllum aldri:

- Heimsóknavinir
- Föt sem framlag, prjónahópur
- Plúsinn, starf fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára
- Nýttu tímann, opið hús fyrir atvinnuleitendur
- Starf með innflytjendum, ýmis verkefni
- Námsaðstoð
- Átaksverkefni

Nánari upplýsingar í síma 554 6626 og á kopavogur@redcross.is
Áhugasamir hvattir til að mæta!

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Opið alla virka daga kl. 10-16 • raudikrossinn.is/kopavogur

vísir.is
„...ég sá það á vísi“




Krakkarnir í leiklistarsmiðjunni fá að klæða sig upp á í búninga ævintýravagnsins.

# Ferð í ævintýravagni

**Leiklistarsmiðja fyrir börn á aldrinum 8 til 12 ára verður haldin í Gerðubergi á sunnudaginn.**

Gerðuberg, í samvinnu við Möguleikhúsið, stendur fyrir leiklistarsmiðjunni sem fram fer í Gerðubergi á sunnudaginn frá 14 til 16.

Umsjón með smiðjunni hafa Pétur Eggerz og Alda Arnórsdóttir.

Smiðjan hefst með nokkrum kynningarleikjum en síðan er farið í gegnum ákveðna sögu eða ævintýri. Krakkarnir sem verða á aldrinum 8 til 12 ára spinna sína útgáfu af sögunni. Til að ljá upplifuninni enn meiri ævintýraljóma fá krakkarnir að velja sér búninga úr safni ævintýravagnsins. Leikritið er síðan æft í fullum skrúða og að lokum sýnt aðstandendum.

Einungis sextán krökkum býðst að taka þátt í hverri smiðju en skráning er á gerduberg@reykjavik.is. Þess má geta að smiðjan verður endurtekin 3. október og 14. nóvember.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 10. september 2010



## LEIKUR SKRÝTNU STELPUNA

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir stígur sín fyrstu kvikmyndaskref í kolsvörtu kómedíunni Sumarlandinu sem verður frumsýnd næsta föstudag.

+ SPEKÚLANTAR SPÁ Í HAUSTTÍSKUNA + HÁRFÍN PLATA FRÁ HAIRDOCTOR + AIRWAVES TEKUR FLUGIÐ + EYJA + ELDRI FYRIRSÆTUR NJÓTA VINSÆLDA


AMD TÖLVA 3

- AMD 3 Athlon II 250 3.0GHz
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 640GB SATA2 WD harðdiskur
- Geforce N240GT 1GB skjákort
- 22X +/- DVD skrifari
- 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium ofl.



FRÁBÆRT TURNTÖLVUTILBOÐ

Kr. 119.950

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

COOLER MASTER

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ Ísland í útlöndum

## HJALTI JÓN SVERRISSON TÓNLISTARMAÐUR OG GUÐFRÆÐINEMI

Föstudagurinn fer í rólegheit, enda verð ég enn að jafna mig eftir hlátrasköllin á uppistandi vinar míns, Pálma Freys Haukssonar, á Næsta bar. Svo ætla ég að reyna að grafa upp einhverja vel falda hæfileika í innanhúsarkitektúr á laugardaginn.



helgin MÍN

### Airwaves í London



30 til 40 blaðamenn frá mörgum af helstu tónlistartímaritum Bretlands voru væntanlegir á tónleika Iceland Airwaves í London í gærkvöldi. Tónleikarnir voru haldnir á tónleikastaðnum Kitchen á Hoxton Square, vel þekktum stað í bresku tónlistarsenunni, þar sem upprennandi stjörnubönd koma iðulega fram og mörg af stærstu popp- og rokkböndum heims hafa stigið sín fyrstu skref. Meðal bandanna sem komu fram í gær voru Retro Stefson, Snorri Helgason og bresku böndin Alex Metric og Factory Floor.

### Miðasalan á siglingu

Næsta föstudag verður leikurinn svo endurtekinn á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn. Þar koma meðal annars fram Dikta, Dj Margeir, Kaspar Bjørke og danska bandið Murder, sem öll koma fram á Airwaves-hátíðinni í Reykjavík. Hátíðin sjálf fer svo fram hér á landi dagana 13. til 17. október. Vel virðist ganga að trekkja tónlistaráhugafólk að, miðasalan komin á blússandi siglingu og hefur til að mynda farið mun betur af stað en í fyrra. Það er því þjóðráð að drífa í að tryggja sér miða hvað úr hverju.



Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur taka þátt í samsýningu þrjátíu skandinavískra hönnuða:

# FLOGNAR TIL LONDON

Hópur íslenskra listamanna og hönnuða tekur þátt í samsýningu í London í tengslum við tískuvikuna sem hefst þar í næstu viku. Á sýningunni verða verk þrjátíu ungra skandinavískra listamanna og hönnuða til sýnis. Þau sem taka þátt frá Íslandi eru systurnar Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur, grafíski hönnuðurinn Siggi Odds, Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður, Andrea Maack með ilmvatnið sitt og fatahönnuðurinn Eygló Margrét Lárusdóttir.

„Galleríið er á Berwick Street, sem er alveg niðri í Soho. Við opnum sýninguna á þriðjudaginn og hún verður svo opin fram yfir tískuvikuna í London," segir Katrín Alda. „Þetta verður örugglega mjög öflug kynning fyrir okkur og ekki síst gott tengslanet sem myndast þarna, hjá okkur sem tökum þátt í þessu."

þetta HELST

Skipuleggjandi viðburðarins heitir Merilyn Keskula og er frá Eistlandi. Hún kynntist Katrínu Öldu í London College of Fashion þegar þær voru þar saman í námi. Katrín hjálpaði henni að finna íslensku þáttakendurna. Þær Katrín Alda og Rebekka leggja af stað til London í dag til að aðstoða við uppsetningu sýningarinnar.

Áður en systurnar lögðu af stað til London áttu þær þó eftir að fylgjast með Sögu Sig taka ljósmyndir fyrir nýju fatalínuna þeirra. „Við erum nýbúnar að klára nýju línuna og Saga Sig er að fara að mynda hana fyrir okkur á eftir [á fimmtudagskvöldið]. Þannig að það er allt að gerast hjá okkur á sama tíma!"

Katrín segir nýju línuna að miklu leyti einkennast af ullarefnum og díteilum úr leðurólum. Í henni séu kjólar, jakkar, buxur og pils. Forvitnir geta barið ljósmyndir Sögu augum á vefsíðunni www.kalda.is fyrir þriðjudaginn í næstu viku. Línan er svo væntanleg í verslun þeirra systra, Einveru, í lok þessa mánaðar.

\- hhs



**Í nógu að snúast** Systurnar Rebekka og Katrín Alda Rafnsdætur eru á leið til London að sýna nýjustu línuna sína á samsýningu þrjátíu skandinavískra listamanna og hönnuða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**Með hár á heilanum** Önnur plata rafdúettsins Hairdoctor, Wish You Were Hair, er komin út.

Hairdoctor með nýja plötu, Wish You Were Hair:

# Hárfín og hressandi

„Mig dreymir hár," svarar hárgreiðslu- og tónlistarmaðurinn Jón Atli Helgason, annar helmingur rafdúettsins Hairdoctor, spurður hvort hann sé með hár á heilanum. „Hár er höfuðprýði og ég vil ekki vera mér til hárborinnar skammar," bætir hann við.

Hairdoctor er gæluverkefni Jóns Atla og Árna Rúnars Hlöðverssonar. Önnur plata þeirra er nýkomin út á vegum Brak-hljómplatna, sem er undir hatti Kimi Records. Hún ber nafnið Wish You Were Hair. Að sögn Jóns Atla er meiri hressleiki og minni ástarsorg á nýju plötunni en þeirri fyrri, Shampoo, sem kom út árið 2005. Plötuna tóku þeir Jón og Árni upp á árinu 2008, bæði í Reykjavík og Brooklyn í New York.

Þeir Jón Atli og Árni eru báðir tveir á kafi í öðrum verkefnum tengdum tónlist, Jón í Human Woman og Árni í FM Belfast, svo eitthvað sé nefnt. Það er því ekkert ljóst enn þá hvort þriðja platan líti einhvern daginn ljós. „Hver veit? Árni er snilli og kannski hendum við í eitt gott permanent session aftur."

\- *hhs*

✻ augnablikið



**STJARNA** Leikkonan Natalie Portman var glæsileg á rauða dreglinum á opnunarhátíð 67. kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum 1. september. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


NÝ SENDING
Vorum að taka upp glös og kerti
Er veisla í nánd? vantar þig ný glös í eldhúsið? Viltu nýjan lit?
390 - 490,-
NÝTT haust 2010
Herbergisilmir 1.190,-
1.990,-
NÝTT haust 2010
Borðstofu borð úr eik frábært verð!
Úrval af borðstofustólum
Ef þú ert með boðið þá eigum við borðið!
59.900,-
Papasan stóll
19.900,-
NÝTT haust 2010
Yndisleg ilmkerti og ilmjurtir 1.190,-
NÝTT haust 2010
1.190,-
Ódýra hornið
Glös 390,-
Glæsilegt úrval af ilmkertum og stjökum, dekraðu við þig með dásamlegum ilmum
verð frá 790 - 1490,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# tíðin
✻ dansaðu!



**SJAMPÓ Í SPREYFORMI** Batiste þurrsjampó er duft í spreyformi sem þurrkar upp umframfitu í hárinu, án þess að þurrka sjálft hárið. Hárið lítur út fyrir að vera nýþvegið, ilmar vel og fær flotta fyllingu. Það er með sjö mismunandi ilmum og með brúnum litatóni.

Alþjóðlegur hópur listamanna undirbýr nú dans- og tónlistarhelgi í Klassíska Listdansskólanum:

# INNSETNINGAR & ÞJÓÐSÖGUR

Það er klárt mál að þarna verður af nógu að taka, dansverk, gjörningar, innsetningar og tónlistaratriði og því eitthvað við allra hæfi,“ segir Hrafnhildur Einarsdóttir dansari, sem er um þessar mundir önnum kafin ásamt alþjóðlegum hópi listamanna við undirbúning á dans- og tónlistarhelgi sem fer fram í Klassíska Listdansskólanum dagana 17.-19. september.

Dans- og tónlistarhelgin er haldin að undirlagi Raven dans- og sviðslistahópsins sem var stofnaður árið 2008 og er skipaður danslistamönnum víðs vegar að úr heiminum og meðlimum hollensku hljómsveitarinnar ATOS. Ákveðið var að blása til viðburðarins í tilefni af því að meðlimir hópsins, sem hafa aðsetur í ólíkum löndum, eru nú í fyrsta skipti allir staddir á einum stað. Mismunandi verk verða sýnd, sem meðlimir hafa annað hvort unnið saman eða hvert í sínu lagi.

„Við ætlum til að mynda að sýna nútímadansverkið Huldu - falið verk, sem tengist íslenskri náttúru og sögum, aðallega sögum af hinu dularfulla huldufólki,“ bendir Hrafnhildur á og bætir við að danslistaverkið hafi fyrst verið frumsýnt í London árið 2008. Síðan þá hafi hópurinn unnið áfram með verkið sem verður sýnt í lengri útgáfu og með lifandi tónlist í Klassíska Listdansskólanum um aðra helgi. Hún getur þess að þetta verk ásamt sólóverki hennar Hrefnu verði sýnt á kvöldin en á sunnudaginn standi svo yfir sýningar allan daginn á gjörningum, spennandi tónlistaratriðum og vídeólistaverkum af ýmsum toga.

„Að gefnu tilefni vil ég geta þess að við stöndum fyrir námskeiði í Klassíska Listdansskólanum núna um helgina, bæði á laugardag og sunnudag, spunanámskeiði þar sem þátttakendum gefst færi á að kynnast því hvernig Raven-hópurinn vinnur. Áhersla er lögð á að draga fram listræna sköpun einstaklingsins í hreyfingum og túlkun í samvinnu við lifandi tónlist. Rúsínan í pylsuendanum er svo að þátttakendur í námskeiðinu fá að taka þátt í stuttu spunaatriði sem verður sýnt um dans- og tónlistarhelgina í næstu viku,“ segir Hrafnhildur og tekur fram að þótt einhver reynsla af dansi sé æskileg sé öllum velkomið að mæta og spreyta sig, en þátttökugjald er 2.000 krónur. Hún bætir við að allar nánari upplýsingar sé að finna á vefsíðu Raven hópsins www.raven.is. *- rve*



**Spuni** Hrafnhildur Einarsdóttir er meðlimur í Raven dans- og sviðslistahópnum sem stendur fyrir spunanámskeiði í Klassíska Listdansskólanum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Sérblaðið
Heimili og hönnun

Kemur út laugardaginn
11. september

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439




**Eyrún selur eigin hönnun ásamt því að vera með muni eftir aðra íslenska hönnuði í umboðssölu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný verslun með íslenska hönnun í Laugarnesinu:

# Leður, roð og heimilismunir

Verslunin Eyja opnaði í gær en þar er einungis boðið upp á íslenska hönnun. Þar selur eigandinn Eyrún Huld Árnadóttir eigin hönnun ásamt því að vera með vörur tíu annarra hönnuða í umboðssölu.

Eyrún býr til fylgihluti úr roði og leðri ásamt því að gera armbönd úr áli og strútsleðri. Hún hafði orðið vör við nokkra eftirspurn og ákvað því að láta slag standa og opna verslun. „Ég hef valið inn hluti sem mér þykja fallegir og tek mér til fyrirmyndar litlar sætar verslanir sem er að finna á víð og dreif erlendis.“

Búðin er staðsett að Hrísateig 19, í námunda við Frú Laugu. „Það á eftir að koma í ljós hvernig staðsetningin hentar en hér er í það minnsta mikil umferð enda Laugardalslaugin og Laugar steinsnar frá auk þess sem túristastraumurinn er mikill á sumrin. Eyrún býður aðallega upp á heimilismuni og fylgihluti í versluninni en sér svo fyrir sér að bæta við úrvalið þegar fram líða stundir. „Ég er svo með góða vinnuaðstöðu og ætla mér jafnvel að bjóða þeim hönnuðum sem eru með vörur hjá mér að nýta sér hana til-tekna daga. Þannig geta þeir hitt viðskiptavini og við jafnvel skipst á innblæstri.“ *- ve*



# ÍSLENSK GÆÐARÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

**30% AFSLÁTTUR**

**HAUSTÚTSALA**
**VIÐ FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

**Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?**
**Vaknarðu oft með verki í mjöðm?**
**Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?**
**Sefurðu illa vegna annara óþæginda?**

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis: slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



## 30% AFSLÁTTUR
**AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM**

**VERÐDÆMI:**

Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur:
80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-





## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# SKRÝTNA STELPAN
## SEM VILL VERÐA EÐLILEG

**Á næstu vikum munu mörg ný andlit skjóta upp kollinum í þeim mörgu íslensku bíómyndum sem verða frumsýndar á næstunni. Á meðal þeirra er andlit *Hallfríðar Þóru Tryggvadóttur*, sem leikur eitt aðalhlutverkanna í Sumarlandi Gríms Hákonarsonar sem verður frumsýnt næsta föstudag.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
*Myndir:* **Stefán Karlsson**

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir er ekki nema tvítug en hefur þó látið að sér kveða í leik, söng og dansi frá blautu barnsbeini. Í Sumarlandinu, fyrstu kvikmynd leikstjórans Gríms Hákonarsonar í fullri lengd, leikur hún átján ára stelpu, sem býr við nokkuð sérstakar aðstæður. „Ég leik dóttur Ólafíu Hrannar Jónsdóttur og Kjartans Guðjónssonar. Persónan sem Ólafía leikur er þekktur miðill og mjög sérstök, á meðan karakterinn hans Kjartans er svakalegur bissnesskall og alltaf að hugsa um að græða peninga. Hann rekur draugasafn í húsinu okkar. Svo er bróðir minn skyggn þar að auki. Ég leik stelpuna sem hefur alltaf verið dálítið nörd, sennilega strítt í skóla og svona, en langar ekkert meira en að vera bara eðlileg stelpa."

### HEFUR EKKI SÉÐ MYNDINA

Í myndinni kynnist stelpan strák, sem leikinn er af Snorra Engilbertssyni. Sá á eftir að breyta lífi hennar töluvert. „Ég held ég megi nú ekki segja neitt of mikið um þetta. En hann er nokkrum árum eldri en ég, algjör töffari, trúir ekki á neitt, býr í holu, gengur um í síðum leðurjakka og hefur lifað lífinu! Og ég verð náttúrulega dálítið skotin í honum…"

Myndin var tekin upp sumarið 2009, svo það er nokkuð um liðið síðan Hallfríður var alfarið með hugann við hana. Hún er orðin ansi spennt fyrir frumsýningunni næsta föstudag. „Ég hef ekki séð myndina í heild. Bara mínútu hér og þar. Hún lítur svakalega vel út og ég hlakka mikið til að sjá hana."

### DRAUMURINN AÐ RÆTAST

En hvernig kom það til að Hallfríður landaði hlutverkinu? „Grímur var víst búinn að leita og leita að stelpu í þetta hlutverk. Svo hafði hann samband við Ólaf S.K. Þorvaldz, sem leikstýrði mér í Nemendamótssýningunni Stardust. Þar lék ég reyndar úlf! En hann benti á mig og fleiri stelpur sem hann hafði leikstýrt. Ég fór í prufu og fékk svo hlutverkið."

Hún var ekki lítið ánægð með það, því innst inni hafði hana alltaf langað til að verða leikkona – þó hún sé reyndar ekki alveg tilbúin að kalla sig sjálfa því nafni enn þá. „Mér finnst skrýtið að heyra fólk segja við mig að ég sé leikkona," segir hún. „En mig hefur alltaf langað til að verða leikkona en hafði eiginlega aldrei trú á því að ég gæti orðið það. Þegar ég var sjö ára ætlaði ég að verða fræg söngkona og ofurfyrirsæta. Mig langaði líka að segja leikkona, en fannst það samt of fjarlægt til að vera að tala um það!"

### GÓÐUR TÍMI Í VERZLÓ

Úlfshlutverkið í Stardust-sýningunni er langt frá því að vera það eina sem Hallfríður tók að sér á Verzló-árunum, en hún tók líka þátt í leiksýningum Listafélagsins. Á síðasta árinu sínu þar var hún formaður þess félags, sem sér meðal annars um að setja upp aðrar leiksýningar en Nemendamótssýninguna. „Ég eyddi öllu míni lífi í Listafélagið síðasta árið mitt í skólanum. Við settum meðal annars upp leikritið Poppkorn eftir Ben Elton. Forvarnafulltrúunum í Verzló brá dálítið í brún þegar þeir fréttu af því. Það fjallar um fjöldamorðingja og snýst meðal annars um kynlíf og ofbeldi," segir Hallfríður og hlær. Það er greinilegt á henni að hún lét sér ekki leiðast á menntaskólaárunum. „Þetta var æðislegur tími. Ég er mjög aktív manneskja og stór ástæða fyrir því að ég fór í Verzló var að ég vissi að félagslífið væri svo gott þar. Mér finnst líka rosalega gott að hafa farið á hagfræðibraut. Ég lærði heilmikið um hvernig þjóðfélagið virkar. Ég held að hagfræðin nýtist manni alltaf, því það eru viðskipti í öllu sem maður gerir."

### KOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hallfríður útskrifaðist úr Verzló síðastliðið vor og er nú komin í Háskóla Íslands, þar sem hún ætlar að læra bókmenntafræði fram að áramótum. „Ég hef mjög mikinn áhuga á leiklistarsögunni. Ég er í tveimur leikritaáföngum núna og líka í nútímalistasögu. Ég er eiginlega bara að taka kúrsa sem ég hef áhuga á. Í menntaskóla hefur maður ekki nægan tíma til að rækta vel það sem maður vill gera. Ef ég mun starfa sem leikkona í framtíðinni finnst mér ég þurfa að hafa einhvern fræðilegan bakgrunn að byggja á."

### Á LEIÐINNI ÚR LANDI

Samhliða náminu er Hallfríður að vinna hjá Spúútnik, þar sem hún svalar áhuga sínum á tísku. Og ekki nóg með það, þá er hún nýbúin að stofna hljómsveit með hópi vina sinna. „Við erum meðal annars með blásara en tónlistin verður samt rafskotin líka," segir Hallfríður, sem að sjálfsögðu verður söngkona, enda liðtæk á því sviði ekki síður en í leiklistinni. Hún hefur meðal annars lært djasssöng og klassískan einsöng og var í þriðja sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna nú síðast.

Eftir áramótin ætlar Hallfríður að taka sér pásu frá öllu saman og flytja af landi brott. „Ég er ekki búin að ákveða enn þá hvert ég fer en New York heillar mikið. Ég ætla að fara á leiklistarnámskeið og gera allt sem mig langar til að gera!"





central
Full búð
af sjúúúkum haustvörum, endilega kíkið til okkar.
Þökkum frábærar móttökur í nýja húsnæðinu okkar í Síðumúla 3.
Erum á Facebook undir Central Rvk
central
Ármúli 42 (áður Hótel Selfossi) / Sími 481 2200



Tangónámskeið
í Kramhúsinu, sept. - des. 2010
Kennarar: Hany og Bryndís
Frábærir kennarar með víðtæka reynslu á alþjóðlegum vettvangi.
Fjögur stig eru í boði:
Byrjendur
Byrjendur+
Intermediate
Advanced
> Námskeiðin hefjast 13.-16. september
Upplýsingar og skráning á www.kramhusid.is og í síma 551 5103.
KRAMHÚSIÐ



FYRIRSÆTUR Í ELDRI KANTINUM OG ÞROSKAÐAR

# Reynsluboltar f

Tískuhönnuðum hefur oft verið legið á hálsi fyrir æskudýrkun í vali sínu á fyrirsætum. Þeir virðast undanfarið hafa tekið sig á í þeim efnum enda dæmi um að aðalfyrirsætur á tískupöllum hafi verið á virðulegum aldri.

Þannig má nefna Stellu Tennant 39 ára, Kirsty Hume 35, Kristen McMenamy 45 ára og Elle Macpherson sem orðin er 47 ára. Þær komu allar fram á svölum tískusýningum á borð við Louis Vuitton, Calvin Klein og Marc Jacobs. Tímaritið Dazed & Confused var með McMenamy á forsíðunni í ágúst og tímaritið 10 tileinkar allt septemberhefti sitt hinni 33 ára Guinevere Van Seenus. Þroskaðar Hollywoodleikkonur eru einnig vinsælar á forsíður helstu tískublaðanna. Þannig er Julia Roberts 42 framan á Elle, Halle Berry 44 framan á bandaríska Vogue og Jennifer Aniston 41 á forsíðu bandaríska Harper's Bazaar.

Auglýsendur eru heldur ekki fráhverfir eldri fyrirsætum. Christy Turlington 41 auglýsir fyrir Louis Vuitton, Stella Tennant fyrir Balenciaga og Calvin Klein og hin síunga Madonna 52 ára, kemur fram í auglýsingum Dolce & Gabbana. - *sg*





LEIKKONA MEÐ MEIRU
Þegar Hallfríður Þóra Tryggvadóttir var sjö ára ætlaði hún að verða söngkona eða ofurfyrirsæta. Innst inni langaði hana samt mest til að verða leikkona, en henni fannst það of fjarlægur draumur til að vera mikið að tala um hann.

## * bak við tjöldin



**Hlutverk sem þig langar að reyna við:**
Þau eru nokkuð mörg en meðal annars hlutverk Tamóru úr Títus Andróníkus, Öldu úr Dagur Vonar og loks Lína Langsokkur.

**Skemmtistaðurinn þinn:**
Öll skemmtileg kvöld annaðhvort byrja eða enda á Bakkusi.






**Ef þú byggir ekki í Reykjavík þá hvar:**
Hugur minn býr núna hálfpartinn í New York, það er bara að vona að líkaminn fái að fylgja með bráðlega.



**Land sem þú ætlar að heimsækja einn daginn:**
Argentína og læra að dansa tangó.

**Fyrirmyndin í lífinu:**
Er góð blanda af mömmu minni og pabba.


PIPAR\TBWA • SÍA • 102202

EGF

BIOeffect™ húðdropar



Gefa fallegri húð

- Vinna gegn öldrun húðarinnar
- Byggja á rannsóknum á líffræði húðarinnar
- Án ilm- og rotvarnarefna

*Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla*

www.sifcosmetics.is

Sif COSMETICS


R LEIKKONUR NJÓTA AUKINNA VINSÆLDA:

# fá að njóta sín




KENNARAR KRAMHÚSSINS Í VETUR:




SKRÁNING STENDUR YFIR
KRAUMANDI KRAMHÚS
www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860

KRAMHÚSIÐ

VELKOMIN Í FJÖRIÐ!

# TÍSKULÖGGUR LEGGJA LÍNURNAR

**Tískan verður á óformlegu nótunum en þó snyrtileg í haust og vetur. Köflóttar skyrtur verða vinsælar hjá karlmönnum á meðan konurnar klæðast síðum prjónapeysum sem þær reyra saman í mittið. Fylltir hælar, stígvél og reimaðir skór verða áfram áberandi. Föstudagur fékk nokkra vel valda spekúlanta til að lýsa hauststraumum tískunnar.**



Stefán Svan hjá GK segir herratískuna fremur afslappaða í haust og vetur. Kvenleg snið og fín efni munu hins vegar ráða ríkjum í kventískunni.

## Köflóttar skyrtur & koníakslitaðir skór

Afslappað og snyrtilegt. Þannig lýsir Stefán Svan Aðalheiðarson, starfsmaður hjá GK, herratískunni í haust og vetur.

„Tískan verður nokkuð óformleg á næstunni, mikið um köflóttar skyrtur og chinos-buxur, sem hafa notið nokkurra vinsælda. Við þetta er svo sniðugt að nota jakka og skó í fínni kantinum, einhneppta, aðsniðna og fremur stutta jakka og svo ljósbrúna eða koníakslitaða skó í svona „Camebridge-lúkki“. Reimuð ökklastígvél eru líka mjög heit.“ Jarðlitir, gráir og brúnir tónar í bland við sterkari liti á borð við rauðan og bláan og fjólubláan verða að hans sögn áberandi á næstunni og sömuleiðis gallaefni. „Hvað gallaföt varðar, þá heldur þessi ljósi litur sem var í sumar áfram og við bætist þessi eilítið dökki litur sem er vinsæll á veturna.“

Dömutískuna í haust og vetur segir Stefán einkennast af kvenlegum sniðum. „Við eigum eftir að sjá nokkuð af aðsniðnum kjólum úr fínu efni, svo sem silki og flaueli, sem ná niður að hnjám. Þetta er mjög klæðileg sídd sem hentar konum á öllum aldri. Svo eru það buxurnar sem ná hátt upp í mitti, eru svolítið „loose“ efst og mjókka svo niður. Við þær eða gott pils er tilvalið að klæðast fallegri blússu og girða ofan í. Nú, notalegar, víðar og fallegar prjónapeysur eiga alltaf vel við á veturna og ekki verra ef þær eru úr kasmír.“ Þá getur hann þess að gróf stígvél og „turna-hælar“ séu það sem verði áberandi í skótísku kvenna á næstunni.








**Svöl tíska** Stígvél og reimaðir skór með rúnaðri tá eru og verða áfram áberandi að sögn Sindra hjá Sautján í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Eyðimerkurstígvél & grófir klossar

Fylltir hælar, stígvél og hermannaklossar. Í stuttu máli sagt er þetta og á eftir að verða heitast,“ segir Hildur Guðrún Halldórsdóttir hjá GS skóm í Kringlunni, innt út í skótísku kvenna í haust og vetur. Stígvélin og hermannaklossana segir hún fást bæði í fínum og grófum afbrigðum sem henti jafnt við hversdagsleg sem og fínni tilefni. „Brúnt, hermannagrænt og grátt er í tísku og svo er svart alltaf inni.“ Þótt þetta séu vinsælustu skógerðirnar um þessar mundir segir Hildur margt fleira í boði. „Við erum ekki eingöngu bundin af þessari tísku hjá GS skóm heldur leggjum áherslu á að hafa úrvalið sem fjölbreytilegast svo allir fái eittvað við sitt hæfi.“

Fjölbreytnin ræður sömuleiðis ríkjum í skótísku herra að sögn Sindra Snæs Jenssonar, hjá Sautján í Kringlunni. „Auðvitað eru samt vissar gerðir heitari en aðrar og sem dæmi get ég nefnt að ökklastígvél og „desert boots“ frá Samso eru inni.“ Skóna segir hann henta við öll tilefni. „Svo eru líka í tísku sparilegir skór með reimum og rúnaðri tá, en támjóir skór eru úti.“ Svart og dökkbrúnt segir hann einkenna skóna, auk þess sem skór með mynstruðum tám þyki flottir. „Strigaskór frá Coverse standa svo alltaf fyrir sínu.“



Anna Soffía Árnadóttir og Svala Lind Þorva
segja hausttískuna einkennast af kósýheit

## Reyrð mitti

Tískan í haust verður fyrst og fremst kósý eftir því sem Anna Soffía Árnadóttir og Svala Lind Þorvaldsdóttir í Rokki og rósum komast næst. Stórar prjónapeysur verði áberandi og mittin reyrð saman með beltum.

„„Fifties“ tímabilið er að koma mikið inn núna, með áherslu á mittið. Litirnir verða camel, eldrauður, blár og brúnn og bolir, skyrtur og peysur verða bundin saman í mittið,“ segir Anna Soffía. Hún segir ullarslár og ponsjó einnig verða vinsæl í haust og samfestingar af öllum gerðum haldi vinsældum sínum, bæði stuttbuxna og síðir. Þá sé gott að vera í þykkum grófum ullarsokkabuxum við stuttbuxurnar.

- rat



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



...ldsdóttir, búðarkonur í Rokki og rósum, ...um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ...i & slár



# Háhælaðir skór & harem-buxur

Uppreimuð stígvél með hæl eru með því heitasta fyrir haustið að mati Ernu Oddsdóttur, afgreiðslustúlku í Gyllta kettinum. „Þeir eru að koma mikið inn hjá okkur auk þess sem þeir eru áberandi í erlendum tískutímaritum. Þá erum við með plattform-skó og skó með fylltum hælum sem eru mikið teknir,“ segir Erna.



**Erna á von á því að pelsarnir komi í auknum mæli inn þegar líða fer á veturinn.**

Hún á von á því að pelsarnir komi inn í auknum mæli þegar líða fer á veturinn en býst ekki við að kjólarnir fari nokkuð, enda alltaf klassískir. „Harem-buxur, sem eru víðar yfir mjaðmirnar og háar í mittið, þykja svo sérstaklega flottar við háa hæla en víðar „kærastabuxur“ hversdags. Þá er ekki hægt annað en að minnast á leðurpils sem mér finnst vera að taka mikinn kipp.“ *- ve*






# 4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA

fyrir konur og karla

## Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.












**Ertu að glíma við:**

- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

Nýtt námskeið

# 28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

- **Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 6:35 og 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

**Bæði námskeiðin hefjast 13. september**
Fyrirlestur 11. september
**Verð kr. 34.900**
Skráning er hafin í síma 444-5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA
WWW.NORDICASPA.IS

# núna

✻ Tímalaus klassík



**CHIE MIHARA** Þessi skór frá Chie Mihara heita Clotilde og myndu sóma sér vel á flestum fótum í haust. Þeir eru líka til í svörtu og fást í skóversluninni Kron.

SIGURÐUR ÁRNI JÓSEFSSON, ANNAR EIGENDA TÍSKUVÖRUVERSLUNARINNAR NOLAND Í KRINGLUNNI

# EINFALT OG ÞÆGILEGT

***Geturðu lýst þínum stíl?*** Já, hann er frekar einfaldur og þægilegur, svona „streetwear“ fílingur einhver.

***Hvað er nauðsynlegt að eiga í fataskápnum?*** Gallabuxur og stuttermaboli. Svo er ég sokkasjúkur! En þetta er samt yfirleitt í hrúgu á gólfinu en ekki inni í skáp.

***Tískutímabil sem þú vildir helst gleyma?*** Þegar ég var sirka 18 ára var ég hræðilega hallærislegur, í útvíðum gallabuxum, kaðlapeysu og með hring í eyranu ... nei, ég á mjög erfitt með að tala um þetta! Næsta spurning takk!

***Bestu kaupin?*** Foundation bolur og Shorty´s buxur sem ég fékk í póstkröfu til Akureyrar frá Týnda hlekknum breyttu lífi mínu.

***Verstu kaupin?*** Allt sem ég keypti frá 17 ára aldri til tvítugs var glatað og ekki peninganna virði.

***Áttu þér eftirlætis fatahönnuð?*** Já, það er klárlega hann Davíð Young hjá Atikin!

***Hvaða verslanir eru í uppáhaldi?*** HUMMM erfið spurning! Það er nú bara hún Noland mín. Svo finnst mér gaman að fara í Urban Outfitters þegar ég er erlendis.



1



2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...



1. Ég er skósjúkur og þetta er nýjasta parið mitt. Aðalmálið er að þeir eru svo þægilegir. Þægindin eru númer eitt tvö og þrjú hjá mér.

2. Ég er í nýju skónum mínum, gallabuxum, hvítum bol og gömlu vesti sem er ein af uppáhaldsflíkunum mínum. Ég keypti það fyrir mörgum árum, það passar við allt og er alltaf flott, bæði spari og hversdags.

3. Ég er alltaf með þrennar til fernar gallabuxur í gangi í einu – svartar, bláar, ljósar og gráar. Þessar eru geðveikt þægilegar.

4. Þetta er veiðiskyrtan mín, hún er algjör snilld. Afi minn átti næstum nákvæmlega eins fyrir svona þrjátíu árum síðan.

5. Ég er mikill skyrtukarl, ég á ábyggilega 20 pör af skyrtum. Þessi er skemmtileg á litinn og góð í sniðinu.

7. Ég er alltaf í hvítum bolum. Mér finnst það bara næs.

6. Þetta eru uppáhaldsskórnir mínir, ég fer helst ekki úr þeim. Þeir eru þægilegir og látlausir, en keðjan er rúsínan í pylsuendanum sem gerir þá svolítið kúl.



3



4



5



6



7




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR



**Lilja Kristín Jónsdóttir, nemi og verðandi móðir**



1 Sef út með elskunni minni, við vöknum svo saman og ræðum lengi um vísindi, tónlist, heimsmál og litla barnið okkar í góðu kúri.



2 Við fáum okkur æðislegan heimatilbúinn bröns og horfum á eitthvað skemmtilegt meðan við borðum. Svo gríp ég aðeins í prjónana.



3 Vinkonurnar birtast eins og fyrir töfra og drífa mig með í verslunarferð! Kaupi mér nýtt dress frá toppi til táar og yndislegar snyrtivörur. Auðvitað stoppað á kaffihúsi í smá slúður.



4 Geri mig æðislega fína, baka risastóra pitsu og býð öllum sem ég elska í mat – allir þurfa að vera spariklæddir. Tékka aðeins á RÚV til að sjá hvaða djók er á föstudagsdagskránni það kvöldið.

5 Sendi gestina glaða út á djammið og ríf mig úr nýju Kron by Kronkron-hælunum. Svo hlamma ég mér upp í rúm með súkkulaði og knúsa kallinn minn yfir góðri sci-fi mynd.











Hólmsárfoss er formfagur foss sem fellur úr Hólmsá, en í ferðinni verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum stíflumannvirkjum í Hólmsá við Atley.

# Á slóðir náttúruhamfara

**Um helgina verður farin vettvangsferð um eitt magnaðasta eldsumbrotasvæði veraldarsögunnar, en í henni gefst fólki kostur á að vega og meta fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir Landsvirkjunar og Magma.**

„Ferðina förum við til að kynna okkur hvað sé í pípunum í orkugeiranum, því það vill fólk vita. Lítið sem ekkert hefur verið kynnt um áform virkjana í Skaftá og Hólmsá og markmið að fólk átti sig á hvað menn hafa þar í huga, hvernig svæðið lítur út, hvernig virkjanatilhögun er, hvað fer undir lón og hvaða áhrif virkjanirnar hafa,“ segir Sigmundur Einarsson jarðfræðingur sem verður leiðsögumaður í vettvangsferð Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands og Græna netsins um eitt magnaðasta eldsumbrotasvæði veraldarsögunnar, Skaftárhrepp og nærsveitir um helgina.

„Við leggum af stað frá BSÍ klukkan 9 í fyrramálið og gerum ráð fyrir að koma heim klukkan 20 á sunnudagskvöld. Gisting verður í svefnpokaplássi í Hólaskjóli sem er fjallaskáli skammt frá Eldgjá og þar bjóðum við upp á ilmandi kjötsúpu og eftirrétt,“ segir Sigmundur sem ætlar með ferðafólk sitt um ægifagra náttúru.

„Á leiðinni fjalla ég um orkuvinnslu á Hellisheiði og eldgosið í Eyjafjallajökli, og í Mýrdalnum fer ég með fróðleik um Kötluhlaup og áhrif þeirra. Úr Skaftártungu ökum við að Hólmsárfossi sem er með fegurstu fossum þessa landsvæðis og aftur niður að fyrirhuguðu virkjunarsvæði milli Hólmsár og Kúðafljóts, sem áætlað er að verði fremur lítið eða 40 megavött,“ segir Sigmundur um Hólmsárvirkjun sem ekki er komin á framkvæmdastig en að henni standa Landsvirkjun og Rarik.



Sigmundur Einarsson jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Að fyrirhugaðri Búlandsvirkjun, sem áætluð er 130 megavött, sem er svipuð stærð og virkjanirnar í Hrauneyjum og Sigöldu, hefur Landsvirkjun staðið, þar til nýlega að hún seldi undirbúningsgögn til Suðurorku, sem öðru nafni heitir Magma. Það virkjanasvæði ætlum við að skoða á sunnudag, en svæðið teygir sig upp undir Hólaskjól þar sem Skaftá verður veitt yfir á Þorvaldsaura í allmyndarlegt miðlunarlón sem tekið verður í neðanjarðarvirkjun og útfall þaðan til Ása-Eldvatns, sem er kvísl úr Skaftá við Búland, efsta bæ í byggð við Skaftá,“ segir Sigmundur og bætir við að þar sé að finna stór tæknileg vandamál sem ekki hafi verið leyst í virkjanaáformum.

„Þar mun Skaftá klofna í Ása-Eldvatn og Skaftá sem rennur austur með Síðu, en útfall verður fyrst og fremst til Ása-Eldvatns. Það þýðir að náttúruleg skipti verða ekki lengur fyrir hendi heldur þarf að stýra ánni aftur í Skaftá ella þornar farvegur hennar upp að allverulegu leyti á löngum kafla. Þá hafa menn ekki heldur sýnt hvernig þeir ætla að leysa sín mál þegar koma Skaftárhlaup sem þarf að hleypa framhjá virkjunum og bera ógrynni af drullu og aur með sér, en í hlaupi hættir Skaftá að líkjast vatni heldur hnígur áfram í þungri og hæggengri leðju,“ segir Sigmundur sem ætlar í hlutlausa vettvangsferð þar sem menn mynda sér sjálfir skoðun, og ef tími gefst munu verða skoðaðar aðstæður við Skál þar sem fyrirhuguð er lítil virkjun í Skaftá.

„Báðar virkjanir yrðu á fremur fjölförnu landi sem um leið er óskaplega fallegt að ferðast um og njóta. Landið er enn í sumarbúningi og forvitnilegt að skoða hvað stendur til í okkar heimalandi, þótt ákvarðanir séu ekki endanlegar.“

Áhugasamir hafi samband við Landvernd í síma 552 5242.

*thordis@frettabladid.is*




TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500

## Rýmum fyrir nýjum vörum

**Útsala á föstudag, laugardag og sunnudag**
**20% - 40% afsláttur á efri hæð**
**40% - 70% afsláttur á barnafötum í kjallara**
Einnig ýmislegt til á konurnar á góðum verðum.



minymo®
Í grænni lautu
Laugavegur 25 • Sími 533-5500
Opið Mán-Fös frá 11.00 - 18.00
Lau frá 10.00 - 16.00
Sun frá 12:00 - 16.00

Auglýsingasími
512 54 01


Allt sem þú þarft...




VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR SOYA VÖRUR, NÝJA SKOKKA OG NÝJAR KVARTBUXUR.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINDX
Sími 534 0073
**Erum með opið á lau. kl. 11–16**
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR www.fjordur.is

DANSSKÓLI Heiðars ÁSTVALDSSONAR



**Krakkar**
Frábær 14 vikna námskeið fyrir ykkur. Yngst 5 ára.



**Skemmtileg hjóna- og paranámskeið**
Byrjendur og framhald.
Salsa-merenge,
gömlu dansarnir,
samkvæmisdansar og
upprifjunarnámskeið.

**Keppnisdansar**
Hinn frábæri danskennari Svanhildur Sigurðardóttir sér um þjálfunina.
Mæting 2x eða 3x í viku.



**Salsa**
Kennum Kúbu-salsa

**Freestyle**
Allt það nýjasta.
Yngst 9 ára.
Einnig námskeið fyrir 18+





**Konusalsa**
Sjóðheitt námskeið.
Hentar öllum konum,
ungum og öldnum,
liðugum og stirðum.

Reykjavík og Mosfessbær
Innritun og upplýsingar
**www.dansskoliheidars.is**
og í síma **551 3129**
milli klukkan 16 og 20 til 12. sept.
Kennsla hefst mánudaginn 13. sept.
**Systkinaafsláttur 2. barn hálft gjald 3. barn frítt**
**Reykjavík og Mosfellsbær styrkja dansnám barna**

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



VW GOLF COMFORTLINE SJÁLFSKIPTUR. Árgerð 2004, ekinn 77 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

SUZUKI



Eigum flestar stærðir af Suzuki utanborðsmótorum á lager til afgreiðslu strax. Traustir, sparneytnir og hljóðlátir mótorar á góðu verði.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100bilar.is



Hummer H3 SUV, árg. 2006, ek. 16þús. km, sjálfsk, 33" dekk, 2x felgugangar, Off road pakki, Þetta er sá flottasti, einn með öllu og litur út sem nýr!, Ásett verð 5790þús,kr, er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



Eigum nokkur hjól eftir á ótrúlega góðu verði, Intruder frá 1.790.000,- og RM-Z250 frá 950.000,-. Fullt af 2010 hjólum í salnum.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



### Isuzu D-Max Diesel NÝR

Árgerð 2010, sjálfskiptur, 3ja ára ábyrgð, skoðar öll skipti. Verð 4.590.000kr. Raðnúmer 130731. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.



### Suzuki Alto NÝR BÍLL!

Árgerð 2010, beinskiptur, 2ja ára ábyrgð, skoðar öll skipti. Verð 1.890.000kr! Raðnúmer 150830. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.



### Mitsubishi L200 Diesel

Árgerð 2003, ekinn 116þ.km, beinskiptur, bíll í toppstandi! Verð 1.450.000kr. Raðnúmer 130809. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐAHÖLLIN

Allt að 50% afsláttur af sölulaunum

Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



INFINITI FX45 4WD 45 Árgerð 2004. Ekinn 75 þ.km Verð kr. 3.690.000



### HYUNDAI TUCSON 4X4

Árgerð 2005. Ekinn 62 þ.km Nýskráður 4/2005. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 1.890.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

BÍLALIND.is



JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND LTD 4.7 H.O. Árgerð 2003, ekinn 108 þ.mílur, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 1.650.000. #192218 Bíllinn er á staðnum og er sérlega ljúfur og þægilegur!!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

TOYOTA SELFOSSI



HOBBY/FORD T 650 FLC, raðnr.138615, nýrsk. 05/2008, disel, 2402cc, ek. aðeins 11.000, bakkmyndavél-fluttur inn nýr af umboðinu-einn eigandi-glæsilegt eintak-stigbretti-heitt og kalt vatn-ofl o.f.l. ásett verð 10.990.000.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

TOYOTA Reykjanesbæ

Knaus Eifelland Holiday Kojuhús árg. 07.08 Svefnpláss fyrir 6. sólarsella markísa og fl.og fl. Húsið er mjög vel búið og litur út eins og nýtt. Verð 3,400,000,- góður staðgreiðsluafsláttur Húsið er í Toyota Reykjanesbæ 420-6600

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

## Óskum eftir bílum til sölu

óskum eftir bílum á skrá og á staðinn!

bíll.is bestir í bílum...

577 3777

## Bílar til sölu



Land Rover Freelander árg. ,00 ek. 165 þús. Ásett v. 650 þús. Tilboð óskast. S. 899 9760 & 771 3940.



Subaru Impresa 2.l ssk. ek.49.000 km árg.2006 ný dekk, verd 1.790.000 kr. Simi 693 2991.



MMC Pajero 2,8 disel. S. 869 8495.

SIXT rent a car

TIL SÖLU
Bílaleigubílar árgerð 2010
Allir í 3 ára ábyrgð
Eknir 5-16 þúsund
Gerðu frábær kaup!
Dæmi:

Árgerð 2010
CHEVROLET SPARK L
Nýskr. júní 2010. Ekinn 11,810 km.
Verð nýr bíll kr. 1.990.000
Tilboð kr. 1.699.000
Tökum þinn gamla upp í.
Lánamöguleikar - 30% útborgun og lán til 84 mánaða*.
Kr. 19.454 á mánuði*

Árgerð 2010
CHEVROLET LACETTI - sjsk
Nýskr. júní 2010. Ekinn 5,107 km.
Verð nýr bíll kr. 3.090.000
Tilboð kr. 2.699.000
Tökum þinn gamla upp í.
Lánamöguleikar - 30% útborgun og lán til 84 mánaða*.
Kr. 30.985 á mánuði*

Komdu í reynsluakstur
Bílar til sýnis hjá Bílabúð Benna Notaðir Bílar Bíldshöfða 10
Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18 og laugardögum frá kl. 12 -16.
587 1000




islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölur bílaframleiðenda. Keyptu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Einnig HYBRID sem eyða 40% minna eldsneyti. Eigum sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. Meira en milljón bílar á söluskrá. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com Sími 5522000

Peugeot 406. 1.6 l. Árg. 97'. Ek. 260 þús. km. Verð 130 þús. S. 846 1859.

Til sölu/ódýr. Nissan Almera 1.4. árg.2000., sem þarfnast smá lagfæringa á kr.190.þús. Uppl. 481 1037. Davíð.

## 0-250 þús.

Renauld senic 99' ek. 150þ.km Ný vetradekk fylgja. ásett 490þ stg 249þ s:698 6009

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
óska eftir bíl á 0-150 þús stgr má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

## Fornbílar



Farmall Cub, árgerð 1953. Verð tilboð. Uppl. Í síma 692 0211.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu KTM ,08 530exc. Götuskráð 8/2008 Vel með farið ekið 114t. Verð 950þ. Grétar S:6918282



Yamaha Dragstar árg. 2005. Ekið 7050 km. Mjög vel með farið, algjört dekurhjól. Nánari upplýsingar í síma 862-9558 Ásgeir

## Fjórhjól

Polaris 6 hjól til sölu. 500 cc. Ekið 1900 km. Árg. 2004. Lítið notað og í toppstandi. Uppl. hjá Gunnari í síma 693 7310.

## Hjólhýsi



**Sérhæfum okkur í sölu á Ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á söluskrá. 20 % afsláttur af sölulaunum í sept. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr. til 36 mán. Stórt útipláss.. ferdavagnamarkadur.is Höfðabakki 9, S: 445-3367.

## Fellihýsi

Fleetwood E 1 árgerð 2008, markísa,sólarsella,grjótgrind,heitt vatn, útvarp/cd,speglahilla & farangurspoki. Lítið notað. verð 2590.000 tilboð 2190.000 uppl. í síma 820 1418

## Vinnuvélar



Margar gerðir af borholudælum frá DEBE einnig dælur fyrir heitt og kalt vatn frá PERFECTA IMPEX.is S. 534 5300.

## Bátar

**Veiðivötn-Veiðivötn**
Nýkomin 3" - 4" silunganet. 5" - 6" stórfiskanet. Heimavik ehf. S. 892 8655. www.heimavik.is

Utanborðsmótor Mercury 3,3 hp til sölu nánast ótotaður uppl í S:6946054

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu.

PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir

ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR

Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!

Afhending á sérpöntunum frá USA tekur 4-7 vinnudaga. Hraðþjónusta líka í boði.

Getum útvegað hluti í m.a.:
- Toyota
- BMW
- Mitsubishi
- Nissan
- GMC
- Dodge
- Chevrolet
- Pontiac
- Ford
- Dodge
- Chrysler
- Jeep
- Cadillac
- Mercedes

Bílabúð Benna
Stofnað 1975
www.benni.is
590 2000

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.



ALLTAF BETRA VERÐ
TOSHIBA FARTÖLVA
11,6"
Toshiba Satellite T110-10K
1.3GHz Intel Pentium SU2700 örgjörvi • 2GB DDR3 minni • 250GB SATA diskur • 11,6" TFT WXGA LED breiðskjár • Intel GMA 4500M skjákort • VGA vefmyndavél • Li-ion rafhlaða - allt að 9 tíma ending • Windows 7 Home Premium 64-BIT
99.990
23"
SAMSUNG
LCD SKJÁR
Samsung P2370
23" LCD flatskjár með 1920x1080p uppl., 50.000:1 skerpu, 2ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.
39.990
FULLT VERÐ KR. 44.990
BORÐTÖLVA
MSI Wind Top AE2020
Intel Pentium T4500 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB SATA2 diskur • 20" Multi-Touch snertiskjár • NVIDIA Geforce 9300 skjákort • Slim DVD Super Multi drif • VGA vefmyndavél • Genuine Windows 7 Home Premium
20"
SNERTISKJÁR
msi
149.990
2TB WD
FLAKKARI
WD Elements 2TB
Flakkari með 2TB Western Digital GreenPower disk.
24.990
FULLT VERÐ KR. 29.990
ÓDÝRASTI LITALASERINN
SAMSUNG
Fæst þráðlaus á kr. 34.990
LASER LITAPRENTARI
Samsung CLP315
A4 litalaserprentari með 2400x600 punkta upplausn og USB 2.0. Prentar allt að 16 bls. á mínútu.
29.990
FULLT VERÐ KR. 34.990
msi GTX 460
SKJÁKORT
MSI GeForce N460GTX-M2D768D5
768MB skjákort með GDDR5 minni, 2x DVI, HDCP support, PCI Express 2.0, HDMI, VIVO ofl.
39.990
ALLT Í ÞRÍVÍDD 3D
23"
3D
3D LCD SKJÁR
Acer GD245HQabid
23" LCD skjár með 3D Vision 120Hz, 1920x1080p uppl., 80.000:1 skerpu, 2ms viðbragðstíma, Analog, DVI-I ofl.
3D gleraugu ofl. þarf til að 3D efni skili sér.
79.990
acer
FULLT VERÐ KR. 89.990
acer
3D SKJÁVARPI
Acer X1130P
DLP skjávarpi með SVGA 800 x 600p upplausn, 3000:1 skerpu, 2500 ANSI Lumens birtustigi, 2x Digital Zoom og Analog tengi.
Styður Nvidia 3D og 3D DLP.
3D
99.990
FULLT VERÐ KR. 119.990
NVIDIA
3D PAKKI
Nvidia 3D vision Kit
Þráðlaus þrívíddargleraugu og IR 3D sendir sem virkar með 120Hz skjám og 3D efni.
24.990
3D
FULLT VERÐ KR. 29.990
VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN
Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI
KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI
Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi
F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi
VELJUM ÍSLENSKT
SKÓLA TILBOÐ
TÖLVULISTINN
TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700
GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730
MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735
HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740
AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750

# Stofnun lagaráðs – tillaga til stjórnlagaþings

Lagaráð



Gunnar Alexander Ólafsson
stjórnmálafræðingur með meistaragráðu í stjórnsýslu og hagfræði

Það er hlutverk Alþingis að sjá um lagasmíð og setja lög. Lagasetningarvaldið er æðsta hlutverk Alþingis og eru lög sem sett eru á Alþingi skipulag og leiðarvísir samfélagsins. Framkvæmdarvaldið leggur oftast fram lagafrumvörp, þ.e. ríkisstjórn en auk þess leggja þingmenn fram lagafrumvörp á Alþingi. Öll lagasmíð og framsetning lagafrumvarps krefst nákvæmi, stoða í önnur lög og reglugerðir. Það er ekki til neinn óháður vettvangur sem skoðar lagafrumvarp út frá því hvort frumvarpsdrögin séu í samræmi við stjórnarskrá, önnur lög eða stangist á við mannréttindi.

Á Íslandi er þingræðisregla, sem þýðir að ríkisstjórn á hverjum tíma styðst við meirihluta á Alþingi. Því hefur ríkisstjórn, þ.e. framkvæmdarvaldið töluvert vald gagnvart Alþingi þegar kemur að smíði lagafrumvarpa, vegna sérfræðiþekkingar og lagaþekkingar hjá framkvæmdarvaldinu.

Það getur reynst erfitt fyrir Alþingi að standast kröfur um samþykki frumvarps sem kemur frá ríkisstjórn, þegar formenn þeirra flokka sem mynda meirihluta ríkisstjórna eru jafnframt forystumenn ríkisstjórnar.

Það er til nokkrar leiðir til að styrkja stöðu Alþingis hvað þetta atriði snertir og ein þeirra er stofnun sérstaks lagaráðs.

Hlutverk þess er að skoða öll frumvarpsdrög sem lögð eru fyrir Alþingi með tilliti til eftirfarandi:

- Hvort frumvarpsdrög eru í samræmi við stjórnarskrá og skipan réttarkerfisins almennt
- Hvort ákveði frumvarpsdraganna eru í samræmi við tilgang laganna
- Hvort lagafrumvarpsdrögin uppfylla kröfur um réttaröryggi
- Hvort samþykki frumvarpsdraganna skapi önnur réttarfarsleg vandamál

Lagaráðið á að skoða öll frumvarpsdrög áður en þau eru lögð fyrir alþingi. Lagaráðið verður óháð Alþingi og hafa þeir fulltrúar sem koma til með að sitja í ráðinu sömu stöðu og hæstaréttardómarar, þ.e. skipan fulltrúans er í samræmi við skipan hæstaréttardómara.

Í lagaráði eiga sæti þrír fulltrúar sem geta setið í ráðinu tvö ár í senn. Er það tillaga mín að þeir hæstaréttardómarar sem hafa hætt störfum, geti setið í lagaráði.

Fari svo að lagaráð hafni frumvarpsdrögum, verður flutningsaðili að draga frumvarpið til baka og gera þær lagfæringar sem lagaráð krefst að gerðar séu og leggja fram ný og breytt drög að lagafrumvarpi fyrir lagaráð.

Fyrirmynd að þessari tillögu sæki ég til svipaðs fyrirkomulags sem ríkir í Svíþjóð. Þar er til lagaráð sem fer yfir öll frumvarpsdrög sem lögð eru fyrir sænska þingið og eru til mörg dæmi þess að lagaráðið hefur hafnað frumvarpsdrögum og krafist breytinga.

Það er tillaga mín að stofnun lagaráðs verði eitt af þeim atriðum sem stjórnlagaþing mun fjalla um í störfum sínum. Eitt af ákvæðum nýrrar stjórnarskrár verður því um lagaráð.




# Rangtúlkun fjölmiðla

Eldhús Orkuveitunnar



Benedikt Jónsson
yfirmatreiðslumeistari eldhúss Orkuveitu Reykjavíkur

Það hefur sennilega ekki farið fram hjá mörgum þær fréttir að eldhús Orkuveitu Reykjavíkur sé ekkert nema bruðl og flottræfilsháttur. Starfsfólki eldhússins finnst nauðsynlegt að koma á framfæri leiðréttingu á þessari rangtúlkun.

### Starfsfólk og aðbúnaður

Fyrst ber að leiðrétta að starfsmenn eldhússins eru samtalst 17 en ekki 31 eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. Af þessum 17 eru 3 í hlutastarfi. Þessi starfsmannafjöldi skiptist á þrjár starfsstöðvar fyrirtækisins sem eru Nesjavellir, Hellisheiði og Bæjarháls. Meðalfjöldi starfsmanna í hádegismat er 520.

Þegar ákveðið var að byggja eldhúsið á sínum tíma var haft að leiðarljósi að Orkuveitan myndi hætta að kaupa tilbúinn bakkamat en í staðinn skyldi allur matur eldaður á staðnum. Það yrði ódýrara, heilnæmara og auðveldara að stjórna gæðunum. Í eldhúsið voru keypt hefðbundin eldhústæki sem voru valin eftir opið útboð

Í eldhúsinu er starfrækt vottað gæðakerfi þar sem öllum reglum er framfylgt og önnur sambærileg fyrirtæki hafa haft sem fyrirmynd. Það er því leiðinlegt að umræðan sé þannig að það sé kallað bruðl þegar aðeins er verið að framfylgja lögum um matvælaeftirlit og hollustuhætti.

Mikill misskilningur er að þetta sé á einhvern hátt tölvustýrt eldhús. Ofnarnir eru tengdir við HACCP gæðakerfi sem skráir allar aðgerðir, mælir og geymir kjarnhitastig sem er mjög mikilvægt þegar verið er að steikja t.d. kjúkling sem þarf að ná ákveðnu hitastigi við eldun. Ekkert sérstakt bakarí er í eldhúsinu þó svo að öll brauð séu bökuð á staðnum og er það mikill sparnaður.

### Myndbandið og leiðrétting á misfærslum

Myndbandið sem gert var um eldhúsið var að frumkvæði matreiðslumanna sem starfa í eldhúsinu. Mikill áhugi var á meðal fagfólks í matvælaiðnaði að skoða aðstöðuna en erfitt þótti að sýna eldhúsið þar sem takmarkaður aðgangur var leyfður. Það má alveg deila um hvort það hafi verið nauðsynlegt eða ekki að gera myndbandið en tilgangurinn var sá að sýna öðrum fagmönnum hvernig eldhús OR var að gera hlutina. Myndbandið hefur komið mörgum að góðum notum og álíka eldhús verið byggð á fyrirmynd þess, einkum vegna hagræðingar og góðra vinnuhátta.

Grænmetisþvottavélin hefur fengið mikla gagnrýni. Það er grundvallarregla við meðhöndlun grænmetis og ávaxta að skola vel upp úr hreinu vatni áður en þess er neytt, minni eldhús geta notast við vask og handvirka salatvindu en í stóreldhúsum eru önnur lögmál. Þetta tæki hefur sparað mörg handtökin. Þeir vinnustaðir sem skola ekki sitt grænmeti bjóða hættunni heim vegna hættu á óæskilegum aðskotadýrum og örverum.

Í myndbandinu er sagt frá því að 15.000 gestir hafi þegið veitingar árið 2003. Stór hluti af þessum fjölda er tilkominn vegna vígslu höfuðstöðva fyrirtækisins árið 2003 þegar fyrirtækið var með opið hús fyrir almenning sem taldi 10.200 manns. Aðrir hópar gesta voru t.d grunnskólanemar, háskólanemar, eldri borgarar og starfsfólk sem sótti vikulega deildarfundi. Árið 2009 var þessi fjöldi 3.215 og árið 2010 er fjöldinn óverulegur.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 1. september var viðtal við matreiðslumann á veitingastað. Þar bar hann saman eldhúsið sitt og eldhús OR. Ekki er réttlátt að bera saman þessi tvö eldhús þar sem þau þjóna engan veginn sama tilgangi. Eldhús veitingastaða er allt annar flokkur eldhúsa en stór framleiðslueldhús og því á engan hátt hægt að bera saman þessi tvö eldhús vegna ólíkra aðferða. Í sömu frétt er verið að bera saman eldhús OR við skólamötuneyti þar sem einn matreiðslumaður eldar fyrir 500 börn með ófullnægjandi aðstöðu. Vinnuumhverfið í eldhúsum skólanna ætti í raun frekar að vera fréttaefnið. Munurinn á eldhúsi OR og mörgum öðrum er fólgin í því að mikil áhersla er lögð á að maturinn er eldaður frá grunni á staðnum, engir tilbúnir réttir eru aðkeyptir, grænmetið er skorið og eldað á staðnum og áhersla lögð á hollustu og réttar matreiðsluaðferðir.

Starfsfólki eldhússins finnst afar dapurt að fjölmiðlar hafi dregið upp þá mynd af eldhúsinu að þar sé bruðlað í aðbúnaði og hráefni þegar meginmarkmið eldhússins hefur alltaf verið að fara eftir reglum um aðbúnað, hagkvæmni og aðferðir. Starfsfólkið telur að þessi góði vinnustaður hafi skaðast vegna rangs og óréttláts fréttaflutnings undanfarinna daga. Það er bæði rangt og óréttlátt að halda því fram að eldhúsið sé það sem mestu skiptir þegar rætt er um slæma fjárhagsstöðu Orkuveitunnar.

AÐALRÆÐISMANNSSKRIFSTOFA
LÝÐVELDISINS PÓLLANDS Í REYKJAVÍK

Í tilefni alþjóðlegs Chopin árs, mun Aðalræðisskrifstofa Lýðveldisins Pólland halda tónlistarkeppni fyrir nemendur tónlistarskóla á Íslandi. Keppnin snýst um bestu túlkun valinna tónverka Chopin.

**Keppnisreglur:**
Allir nemendur tónlistaskóla mega taka þátt. Hver þátttakandi undirbýr sína eigin túlkun á einu af tónverkum Chopin. Þáttakenda próf verða haldin í skóla nemenda og munu skólarnir velja sína fulltrúa í viðkomandi grein.

**Keppt verður í þremur greinum:**
1. Söngur með píanóundirleik.
2. Hljóðfæraleikur með píanóundirleik.
3. Einleikur á píanó

Þátttakendur geta fengið aðstoð mótshaldara við að finna rétt nótnablöð.

**Dómarar keppninnar eru:**
*Alina Dubik, Krystyna Cortes, Atli Heimir Sveinsson, Ewa Tosik-Warszawiak, Andrzej Kleina.*

**Úrslitakeppnin:**
Tónlistaskólar þurfa að skrá fulltrúa sína fyrir **17 okt. 2010.**
Úrslitakeppnin verður svo haldin í November 2010.
Sigurvegararnir koma síðan á tónleikum sem Aðalræðisskrifstofa Lýðveldi Póllands mun halda í Salnum í Kópavogi.

**Verðlaun:**
Í aðalverðlaun er helgaferð til Varsjá fyrir tvo með gistingu á lúxus hóteli.
Til þess að skrá sig í keppninna þarf að senda vefpóst á
reykjavik.info@msz.gov.pl

Chopin 2010
Polska

# Lærdómstregða valdhafanna

Stjórnmál



Jakobína Ingunn Ólafsdóttir
með doktorspróf í stjórnsýslufræðum

Þegar bankakerfið hrundi varð flestum ljóst að það hrundi fyrst og fremst vegna spillingar stjórnmálamanna, vanhæfni embættismanna og glæpastarfsemi í fjármálageiranum. Í kjölfarið fylgdi ringulreið, andúð almennings á valdhöfum og krafa um ábyrgð og lýðræði. Veik von vaknaði í brjósti margra að efnahagshamfarirnar myndu leiða af sér lærdóm. Að valdamenn færu kannski að tileinka sér hvatir eins og umhyggju, ábyrgðartilfinningu, framtíðarsýn og sannleiksást.

Þegar tvö ár eru liðin frá hruni sést lítið af þessum eiginleikum meðal ráðamanna. Mútaðir stjórnendur ráða enn ríkjum í lífeyrissjóðum, innherjasvikarar og þjófsnautar hafa ekki sagt af sér þingmennsku. Óæðri endar margra þingmanna og ráðherra eru sigggrónir eftir langa og viðvarandi setu í þingsætum og ráðherrastólum. Þeir eru ekki tilbúnir að sleppa takinu þrátt fyrir að þeir hafi fyrir löngu misst tengsl við tilgang þingmennsku, rökhugsun og þróað með sér ofstækisfulla trú á lögmæti þess að viðhalda sjálfum sér á valdastólum. Málpípur þeirra styðja þá við ofbeldisverkin og þöggun á röddum sem krefjast skynsemi, virðingar fyrir mannlegri reisn og réttlátra úrlausna á vandamálum samtímans.

Hver króna sem notuð er til þess að greiða fyrir hvort sem er nauðþurftir eða innfluttan lúxus er að hluta til tekin frá afkomendum okkar. Börnin sem eru að fæðast á Landspítalanum í dag fá í vöggugjöf erlendar skuldir sem núverandi valdhöfum þykir við hæfi að þau borgi til þess að halda uppi ásýnd velmegunar á Íslandi samtímans. Valdhöfum þykir við hæfi að krefjast þess að færa ábyrgð af ofurskuld Björgólfs Thors á axlir afkomenda og bera því við að það sé til þess að unnt sé að taka meiri erlend lán. Erlend lán sem komandi kynslóðum er ætlað að greiða.

Fjórðungur skatttekna ríkissjóðs er nú þegar notaður til þess að standa undir vaxtakostnaði af erlendum lánum. Þessir fjármunir eru teknir úr velferðarkerfinu. Fatlaðir, börn og sjúkir greiða þennan reikning. Það er þó ekki komið að eiginlegum skuldadögum. Hvernig verður staðan þegar standa þarf undir afborgunum af þessum lánum? Þrátt fyrir að 700 milljarðar liggi nú í gjaldeyrisvarasjóði og að sökum samdráttar bankageirans sé lítil þörf fyrir risavaxinn gjaldeyrisvarasjóð þráast stjórnmálamenn við að gera komandi kynslóðir að skuldaþrælum. Hvers vegna? Jú, það þarf að halda uppi ásýnd velmegunar í samtímanum á Íslandi. Ekki er hreyft við því hvað þessi stefna boðar fyrir framtíð þjóðarinnar. Árátta ríkisvaldsins til skuldsetningar komandi kynslóða minnir helst á villtrú en ber einnig vott um gegndarlaust ábyrgðarleysi gagnvart framtíð Íslands. Valdhafarnir leita til lausna fortíðar sem setti þjóðarbúið á hausinn vegna þess að þeir hafa ekkert lært.

# ÓDÝRT OG GOTT




**129.989 kr.**

**JVC LT42DA9**
42" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus sem fjölgar línum og punktum, 1.000:1 skerpu, HD Ready, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi ofl.



**6.989 kr.**

**Ariete 1357**
Kaffivél fyrir Senseo kaffi




**109.989 kr.**

**JVC LT32DR9**
32" HD LCD sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn, DynaPix Plus sem fjölgar línum og punktum, 7.500:1 skerpu, HD Ready, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi ofl.




**99.989 kr.**

**Vestfrost SW368C**
Vönduð 368 lítra frystikista. Mjög sparneytin með ljósi og 3 körfum. Orkuflokkur A+. Framleidd í Danmörku.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BRESKI LEIKARINN COLIN FIRTH** er fimmtugur í dag

*„Ég vil fá samþykki frá umhverfinu alveg eins og næsti maður en ég er þó ekkert gráðugur í það.“*



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingvi Einar Guðmundsson**

húsasmíðameistari,
Berjavöllum 6, Hafnarfirði,

sem lést á heimili sínu 4. september sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 13. september kl. 13.00.

**Halldóra Guðmunda Jafetsdóttir**
**Sigríður Guðný Ingvadóttir** **David L. Walters**
**Einar Ingvason** **Guðríður Sigurðardóttir**
**Jafet Egill Ingvason** **Hrönn Pétursdóttir**
**Baldur Ingvason**
**Inga Dóra Ingvadóttir** **Gunnar Þór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þórunn Gestsdóttir**

verður jarðsungin mánudaginn 13. september kl. 15.00 frá Bústaðakirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast Þórunnar er bent á Minningarsjóð FAAS (Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga) sem hægt er að nálgast á alzheimer.is eða í síma 533-1088.

**Elíza Guðmundsdóttir**
**Ari Guðmundsson** **Jóhanna Jóhannsdóttir**
**Gestur Ben Guðmundsson**
**Ingi Þór Guðmundsson** **Rannveig Haraldsdóttir**
**Hjördís Guðmundsdóttir** **Ómar Karl Jóhannesson**
**Eyjólfur Andri Arason**
**Viktor Ben Gestsson**
**Einar Ben Gestsson**
**Þórunn Hekla Ingadóttir**
**Aron Snær Ingason**
**Ísak Nói Ingason**
**Elísa Gígja Ómarsdóttir**
**Inga Lilja Ómarsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Haukur Haraldsson**

mjólkurfræðingur frá Húsavík,
Mýrarvegi 115, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 4. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. september kl. 10.30. Jarðsett verður í Húsavíkurkirkjugarði.

**María Sigríður Þórðardóttir**
**Guðný María Hauksdóttir** **Teitur Bergþórsson**
**Jóhannes Haukur Hauksson** **Ásdís Melsted**
**Þórður Gunnar Sigurjónsson** **Birgitta Lúðvíksdóttir**
**Steinn Oddgeir Sigurjónsson** **Áslaug Stefánsdóttir**
**Sigmundur Sigurjónsson**
**Ingi Rúnar Sigurjónsson** **Hildur Salína Ævarsdóttir**
**Guðmundur Sigurjónsson** **Bryndís Viggósdóttir**
**Sigurður Haraldsson** **Kristín Haraldsdóttir**
**afa og langafabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**ÞETTA GERÐIST:** ÁRIÐ 1911

## Stytta Jóns Sigurðssonar afhjúpuð



Minnisvarði um Jón Sigurðsson eftir myndhöggvarann Einar Jónsson, var afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík þennan dag fyrir 99 árum. Kristján Jónsson ráðherra afhjúpaði styttuna við hátíðlega athöfn. Árið 1931 var styttan flutt á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið, en upphaflega hafði staðið til að þar fengi hún stað.

Jón Sigurðsson var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld. Fæðingardagur hans 17. júní var valinn stofndagur Háskóla Íslands þetta sama ár og sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar Lýðveldið Ísland var stofnað hinn 17. júní árið 1944. Á þjóðhátíðardaginn hefur sú hefð skapast að forseti Íslands leggi blómsveig við styttuna með aðstoð Skátahreyfingar Íslands.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Valdimarsdóttir,**

Álfheimum 70, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 6. september. Útför hennar fer fram frá Áskirkju 14. september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsfélagið.

**Valdimar Svarasson** **Dorothe Gunnarsdóttir**
**Hjördís Svarasdóttir** **Skúli Sigurðsson**
**Sigurður Svarasson** **Erla Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Trausti Finnbogason**

prentari, Álfatúni 4, Kópavogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 4. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 14. september kl 15.00.

**Elín Traustadóttir** **Rúnar Björgvinsson**
**Snorri Traustason** **Helga Óskarsdóttir**
**Yrsa Rós Brynjudóttir** **Roger Young**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Þorsteinn Jónasson**

frá Oddsstöðum í Hrútafirði,

er lést þann 25. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 11. september kl. 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**börn hins látna.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbjartur Þorvarðarson**

Naustabúð 6, Hellissandi,

lést á Francisku sjúkrahúsinu í Stykkishólmi 7. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Þorvarður J. Guðbjartsson** **Auður Hilmarsdóttir**
**Sölvi Guðbjartsson** **Katrín Sigurjónsdóttir**
**Guðrún G. Guðbjartsdóttir** **Rafnar Birgisson**
**Elva B. Guðbjartsdóttir** **Þór Reykfjörð**
**Lilja B. Guðbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**FJÖRUG DAGSKRÁ** Hjónin Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir í Möguleikhúsinu en Pétur fer með hlutverk í Prumpuhólnum sem sýndur verður í Gerðubergi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÖGULEIKHÚSIÐ: TUTTUGU ÁRA

## Enginn niðurskurður í áhuga

Möguleikhúsið fagnar tuttugu ára afmæli í ár en það var stofnað árið 1990 af Pétri Eggerz, Bjarna Ingvarssyni og Grétari Skúlasyni. Í dag halda Pétur og kona hans, Alda Arnardóttir, um stjórnartaumana.

„Möguleikhúsið byrjaði smátt. Við bjuggum til litla leikþætti fyrir skemmtanir sem fljótlega þróuðust upp í sýningar. Við sýndum í leikskólum og grunnskólum en stefna Möguleikhússins frá upphafi var að vera barnaleikhús,“ útskýrir Pétur.

Starfsemin vatt upp á sig og árið 1994 opnaði hópurinn eigið leikhús við Hlemm. Áður höfðu æfingar farið fram hvar sem pláss fékkst en nú komust bæði æfingar og sýningar undir eitt þak. „Við gerðum tilraun til að reka barnaleikhús í Reykjavík. Það gerðum við í 14 ár þangað til við urðum fyrir harkalegum niðurskurði í opinberum stuðningi,“ segir Pétur en í úthlutun leiklistarráðs Menntamálaráðuneytis í ársbyrjun 2008 fékk Möguleikhúsið ekki styrk.

„Við þurftum að draga all verulega saman seglin og höfum dregið þau saman síðan. Í dag erum við nánast í sömu sporum og í upphafi. Ekki með fast húsnæði, sýnum aðallega í skólum og æfum þar sem við komumst inn hverju sinni. Manni finnst vanta talsvert upp á að þeir sem um pyngjuna halda hafi áhuga á að styðja við það sem gert er fyrir börn.“

Þrátt fyrir þröngan kost er þó fjörug dagskrá fram undan á afmælisárinu. Í tilefni tímamótanna verða „endurfrumsýnd“ nokkur eldri verk af sýningarskrá Möguleikhússins og á morgun klukkan 14 verður barnaleikritið Prumpuhóllinn eftir Þorvald Þorsteinsson sýnt í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Alls verða átta sýningar á dagskránni í vetur og meðal þeirra er verkið Völuspá sem Möguleikhúsið sýndi í Svíþjóð fyrir viku við góðar undirtektir. Yfir árið sýnir Möguleikhúsið milli 100 og 150 sýningar um allt land. Um miðjan mánuðinn fer sýningin Prumpuhóllinn um Vestfirði og um Norðurland í október.

„Við reynum að fara um allt landið að minnsta kosti einu sinni á ári og höfum heimsótt að ég held alla þéttbýlisstaði á landinu gegnum tíðina,“ segir Pétur og ítrekar að aðsóknin á sýningar Möguleikhússins hafi alltaf verið mjög góð. „Viðbrögð þeirra sem kaupa sýningar hjá okkur hafa ekki gefið ástæðu til að leggja árar í bát. Það er enginn niðurskurður í áhuga á sýningum Möguleikhússins.“

heida@frettabladid.is


Gott og skemmtilegt til heimilisins!
Toshiba
Toshiba 32" LCD HD ready 50hz
BH32AV733F
Upplausn: 1366x768
Dýnamísk skerpa: 12000:1
Endurnýjunartíðni: 50Hz
Móttakari: DVB-T
Tengi: 2x HDMI
99.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
LG
LG 32" HD 1080p LCD - LG 32LD420
Upplausn: 1920 x 1080 - Contrast: 60.000: 1
Tengi: 2 HDMI
119.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Samsung
Samsung 37" LE37C535F1W LCD full HD
SALE37C535F1W
Upplausn: 1920 x 1080
Endurnýjunartíðni: 50hz
Móttkakari: Háskerpa
FIFA 11
149.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
LG
LG 42" full HD 200hz LCD - LG 42LD650
Upplausn: 1920 x 1080 - Contrast: 200.000: 1
Svartími: 2 ms
Tengi: 3 HDMI
229.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
LG
LG 42" full HD LED 100hz - LG 42LE5300
Upplausn: 1920 x 1080 - Contrast: 3000.000: 1
Tengi: 4 HDMI
USB
239.999
Samsung
Samsung 46" LE46B555A5W LCD full HD
SALE37C535F1W
Upplausn: 1920 x 1080
Endurnýjunartíðni: 50hz
Móttkakari: Háskerpa
Viðbragðstími: 6 ms
249.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Vaxtalausar raðgreiðslur á sjónvörpum og heimilistækjum!
Þvottavél
ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG
HZ914 904 429
1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflokkur: A+
79.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Þurrkari
ZANUSSI ÞURRKARI
6KG - MEÐ BARKA
HZ916 093 090
Barkaþurrkari með tímarofa.
Lægra hitastig fyrir viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull eða gerviefni.
79.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Þvottavél
Samsung
SAWF0500NXWG
1.000 snúningar
tekur 5 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Extra grunn vél, tekur lítið pláss
74.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Þvottavél
Samsung
SAWF0602NXWG
1.200 snúningar
tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Extra grunn vél, tekur lítið pláss
84.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Uppþvottavél
ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
HVÍT
HZ911 549 035
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi
ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
GRÁ
HZ911 549 032
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
89.999
99.999
Kæliskápur
ZANUSSI KÆLISKÁPUR
140SM 19/44L
HZ920 403 264
Hæð: 140 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 61 sm
Orkunotkun: A
79.999
Kæliskápur
ZANUSSI KÆLISKÁPUR
185SM 249/110L
GRÁR
HZ925 032 159
Hæð: 185 sm
Breidd: 60 sm
Dýpt: 63 sm
Kælir: 249L
Frystir: 110L
Orkunotkun: A+
119.999
Frystiskápur
ZANUSSI FRYSTISKÁPUR
85SM HVÍTUR
HZ933 012 625
Hæð: 85 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 60 sm
91 lítra frystihólf
Orkunotkun: A
59.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
BT
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið:

### Tolli í Tíbet

Tolli fetaði slóðir pílagríma þegar hann gekk í kringum hið helga fjall Kailash í Tíbet.

### Sannir snillingar stela

Fær fræga fólkið í útlöndum lánað frá Íslendingum?

### Þeir ráku féð í réttirnar

Mikið var um að vera í Reykjahlíð við Mývatn þegar réttað var í Hlíðarrétt.



## Sérblaðið Heimili og hönnun:

### Stofan poppuð upp

Guðbjörg Magnúsdóttir innanhússarkitekt gefur lesendum góð ráð.







# Um það sem er bannað

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur



„Það má ekki pissa bak við hurð og ekki henda grjóti oní skurð," syngja leikskólabörn og læra þannig hvað má og hvað má ekki í laginu um það sem bannað. Allar þessar reglur eru til vegna þess að þeirra er þörf. Það er almenn kurteisi að pissa ekki bak við hurðir, og það er aldrei að vita hver er ofan í skurðinum eða hvað það er sem skvettist upp úr honum þegar steinninn lendir á yfirborðinu.

**ÖNNUR** bönn úr þessu lagi úreldast hins vegar hratt eftir því sem fólk eldist. Fullt af fullorðnu fólki veður út í sjó sér til heilsubótar oft í viku og les blóm skammarlaust úr blómabeðum í garðinum handa ömmu, sem launar fyrir sig með því að tína orma handa mömmu áður en sú síðarnefnda fer í veiðiferð. Og þá eru ótaldir allir snúðarnir sem úrgrasivaxnir litlir bræður þiggja glaðlega og sjálfráða af fullorðnum eldri systkinum sínum á degi hverjum.

**BIBLÍAN** er samsafn margra bóka og meðal margs annars handbók um hvernig best var að lifa af í eyðimörkum og hirðingjasamfélögum fyrir þúsundum ára. Margir nota þessa löngu úreltu handbók til að réttlæta sína eigin fordóma. Þeir segjast trúa því að hún flytji orð Guðs og þeim eigi að hlýða. En orð Guðs eru ekki öll jöfn. Svínakjöt skemmist hratt í steikjandi hita og skemmt svínakjöt getur verið banvænt. Það sama má segja um skelfisk, humar og rækjur. Þess vegna bannar Biblían neyslu á þessum matvörum. Fáir þeirra sem nota hana til að réttlæta skoðanir sínar neita sér um rækjusalat eða skinkusamloku milli predikana. Þeir hinir sömu eru reyndar merkilega oft sléttrakaðir, jafnvel þó að þriðja Mósebók leggi blátt bann við slíku. Fyrir þessum einstaklingum eru lögmál Biblíunnar konfektkassi fyrir þá til að velja úr en ekki alvöru boð og bönn. Og það er ekkert hægt að taka mark á þeim, því miður.

**REGLUR** eru settar af því að það er þörf fyrir þær. Það er hins vegar engin ástæða til að taka mörg þúsund ára gamlar reglubækur bókstaflega, því auðvitað úreldast þær eftir því sem mannkynið breytist, þróast og þroskast. Og það er engin ástæða til að kippa sér upp við það að einn sléttrakaður kall vilji ekki fara í veislu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ROSENDAHL



iittala





ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

stelton

**AFMÆLISVIKA #1 09. - 15. SEPTEMBER**

# Afmælis gjafverð

Á afmælinu okkar færðu allt að 50% afslátt af **gjafavörum**.

epal 35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



eva solo

Joseph Joseph



**AFMÆLISVIKA #1**
Gjafavara

**AFMÆLISVIKA #2**
Húsgögn

**AFMÆLISVIKA #3**
Ljós

**AFMÆLISVIKA #4**
Ýmislegt óvænt

marimekko®

GEORG JENSEN

menu





**!** **Klukkan 22**
*Hljómsveitirnar Bob, Nóra og Nolo ásamt raftónlistarmanninum Fukaisha halda tónleika á Venue, Tryggvagötu (neðri hæð gamla Gauks á Stöng). Húsið verður opið frá 21 en tónleikarnir hefjast klukkan 22.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Merkilegur og tímalaus fróðleikur

Bókaútgáfan Opna hefur endurútgefið grundvallarritið Íslenska þjóðhætti eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Bókin kom upphaflega út árið 1934 en hefur verið ófáanleg frá því fjórða prentun kom út fyrir um 35 árum.

Í bókinni má finna heildstætt yfirlit yfir íslenska þjóðhætti. „Þetta er gríðarlega mikill fróðleikur," segir Sigurður Svavarsson, forleggjari hjá Opnu, „og ótrúlegt til þess að hugsa að einn maður hafi tekið þetta allt saman, samhliða öðrum krefjandi störfum."

Bókin hefur vel staðist tímans tönn að mati Sigurðar. „Þarna er svo marga forvitnilega og skemmtilega fróðleiksmola að finna, sem margir eru algjörlega tímalausir," segir hann og tekur dæmi: „Skyrtur voru þvegnar á hálfsmánaðar- til mánaðarfresti, en nærbuxur miklu sjaldnar."

„Ég held að þessa bók hafi sárvantað mjög lengi," segir Sigurður „og hún sé kjörin til að fylgja eftir velgengni matreiðslubókar Helgu Sig, sem við gáfum út í fyrra."




**> Ekki missa af ...**

Endurfrumsýningu Möguleikhússins á barnaleikritinu Prumpuhóllinn eftir Þorvald Þorsteinsson í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, klukkan 14 á morgun. Verkið var frumsýnt 2002 og gekk í tvö leikár. Nú er það tekið aftur til sýninga í tilefni af 20 ára afmæli Möguleikhússins.



**FRÁ ÓPERUSMIÐJUNNI Í FYRRA** Fjórtán söngvarar tóku þátt í smiðjunni í ár.

## Óperusmiðja í Kirkjuhvoli

**Tvær óperusýningar verða haldnar í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ, í dag og á morgun. Sýningarnar eru afrakstur tveggja vikna óperusmiðju í Vídalínskirkju, undir stjórn Mörthu Sharp, prófessors við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg. Þátttakendur í ár voru fjórtán talsins, allir í framhaldsnámi eða ungir atvinnusöngvarar.**

**Á sýningunum verða settar upp senur úr ýmsum óperum, til dæmis Brúðkaupi Fígarós og Madömu Butterfly. Sýningin í dag er klukkan 20 en á morgun klukkan 16. Nánari upplýsingar má nálgast operaworkshop.org.**

# Víkingur lætur gamminn geisa

**Sinfóníuhljómsveit Íslands stefnir á að vera í sínu allra besta formi þegar hún flytur í Hörpu í vor. Hljómsveitin byrjar starfsárið af krafti í kvöld, þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson leikur meðal annars öndvegisverk eftir Liszt og Rakmaninoff.**

Fjölbreytt dagskrá er á upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í kvöld. Víkingur Heiðar Ólafsson leikur eitt af öndvegisverkum Franz Liszt fyrir píanó og hljómsveit, sem og Paganini-rapsódíu Rakmaninoffs. Litrík balletttónlist Stravinskíjs við Eldfuglinn setur endapunktinn við efnisskrána.

Að sögn Árna Heimis Ingólfssonar tónlistarstjóra vildi Sinfónían byrja starfsárið af krafti.

„Þetta eru glæsiverk af ýmsum toga," segir hann. „Víkingur Heiðar Ólafsson fær að láta gamminn geisa og við byrjum veturinn með trukki. Gefum tóninn fyrir árið og gefum svo í."

Þetta er síðasta árið sem Sinfóníuhljómsveitin verður til húsa í Háskólabíói en í vor flytur hún í tónlistarhúsið Hörpu. Árni Heimir segir mikla eftirvæntingu meðal hljómsveitarmeðlima.

„Þetta er auðvitað búin að vera löng bið. Háskólabíó hefur verið heimili hljómsveitarinnar í næstum því fimmtíu ár. Það er því mikið tilhlökkunarefni að fá loksins aðstöðu sem sæmir því starfi sem er unnið hér."



**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**

Árni Heimir segir stór og litrík hljómsveitarverk verða í öndvegi í vetur, þar sem mikill massi ólíkra hljóðfæra fái að njóta sín, til dæmis tvær sinfóníur eftir Mahler; Rómeó og Júlíu Prokofíevs, sinfóníur eftir Sjostakovitsj og Porgy og Bess eftir Gerswhin-bræður, sem hefur verið kallað fyrsta bandaríska óperan.

„Við ætlum að reyna að spanna eins vítt svið og við getum í ár," segir Árni Heimir. „Sýna eins margar hliðar á okkar starfsemi og mögulegt er. Við fáum líka fullt af frábærum hljómsveitarstjórum og einleikurum til liðs við okkur og stefnum á að vera í okkar allra besta formi þegar við flytjum í Hörpu í vor."

Uppselt er á upphafstónleika Sinfóníunnar í kvöld en þeim verður útvarpað á Rás eitt.

bergsteinn@frettabladid.is



**FRÁ ÆFINGU** Sinfónían byrjar vetrardagskrána með trukki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Uppskeruhátíð og sultukeppni fyrir fjölskylduna**

**í gróðurhúsi Norræna hússins laugardaginn 11. september kl. 14.00**



Tækifæri fyrir unga og eldri ræktendur að taka þátt í sultukeppni með afurðum úr eigin garði.

Leikreglur eru einfaldar:
- Keppt er í tveimur sultutegundum, súrri og sætri
- Hver keppandi getur skilað inn eins mörgum sultutegundum og hann vill
- Skila skal sultunni í Norræna húsið í síðasta lagi **kl. 12.00** þann 11. september í íláti með nafni, heimilisfangi og/eða netfangi keppandans á botninum
- Góð verðlaun í boði

Kynnir og stjórnandi er danski matfræðingurinn **Mads Holm**.
Dómari er meistarakokkur veitingahússins Dills í Norræna húsinu, **Gunnar Karl Gíslason**.
Tónlist og skemmtun, **Felix Bergsson** leikari og söngvari.

NORRÆNA HÚSIÐ
FJÖREGG Barnamenning í Norræna húsinu

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.norraenahusid.is




**FYRIRLESTUR Í DAG** Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur segir samfélagssýn frjálshyggjunnar ekki standast nánari skoðun.

## Rýnt í frjálshyggjuna

Manneskjan í gangverki sjálfgengissamfélagsins, er heitið á fyrirlestri sem Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur heldur í Háskóla Íslands í dag. Í erindi sínu fjallar Kolbeinn um samfélagssýn frjálshyggjunnar og þær hugmyndir um einstaklinginn sem hún hvílir á.

„Ég ætla að reyna að sýna fram á að þessar hugmyndir standast ekki nánari skoðun og fyrir vikið gengur samfélagssýn frjálshyggjunnar ekki upp."

Kolbeinn ritstýrði bókinni Eilífðarvélin – Uppgjör við nýfrjálshyggjuna, sem kom út fyrr á árinu. Frjálshyggjumenn gagnrýndu bókina fyrir að gera of mikið úr áhrifum hennar á Íslandi.

„Þetta svar byggir á þeirri hugmynd að Ísland hafi ekki verið hreint frjálshyggjusamfélag," svarar Kolbeinn. „Og það er alveg rétt í sjálfu sér, enda er ekki hægt að hrinda hreinu frjálshyggjusamfélagi í framkvæmd af því að það byggir á því að manneskjan sé eins og frjálshyggjumenn halda fram: alltaf skynsöm, alltaf sjálfselsk og alltaf hagsýn. En það breytir því ekki að helstu áhrifaþættir í íslensku samfélagi í undanförnum árum einkenndust af frjálshyggju."

Að erindinu loknu verða umræður. Kolbeinn vonar að frjálshyggjumenn mæti á fyrirlesturinn. „Það er eitt af einkennum íslenskrar umræðu að menn skiptast gjarnan í fylkingar, sem tala á hver aðra. Ég vona að frjálshyggjumenn mæti og það skapist raunveruleg samræða um þetta mál."

Fyrirlesturinn verður haldinn klukkan 12.30 í dag, í stofu 104 á Háskólatorgi. - bs


RICHARD O'BRIEN'S
THE ROCKY HORROR SHOW
FRUMSÝNT
10. SEPT.
2010
WWW.LEIKFELAG.IS
FRUMSÝNING
Í KVÖLD
10. SEPT.
ALLT AÐ VERÐA
UPPSELT ÚT OKT!
SÖLUMET Í
FORSÖLU!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
SALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.LEIKFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
VALITOR
MIÐASALA Á NETINU: LEIKFELAG.IS
NETFANG: MIDASALA@LEIKFELAG.IS
LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

# Eini rokksöngleikurinn þar sem hvert lag er öðru betra

**Rokksöngleikurinn Rocky Horror Picture Show verður frumsýndur hjá Leikfélagi Akureyrar í kvöld. Magnús Jónsson segir gamlan draum rætast að fá að bregða sér í leðurbrækur Frank N Furters.**



**ÚR ROCKY HORROR** Þetta er í þriðja sinn sem söngleikurinn fer á fjalirnar hér á landi. Magnús segist hafa fallið fyrir geggjuninni þegar hann sá myndina í Nýja bíói.

Þetta er í þriðja sinn sem rokksöngleikurinn Rocky Horror Picture Show eftir Richard O'Brian fer á fjalirnar hér á landi, fyrst í uppfærslu Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir tæpum 20 árum og í Loftkastalanum fyrir fimmtán árum.

Með hlutverk Franks N Furter, fer Magnús Jónsson. Hann fetar þar með í háhæluð fótspor Páls Óskars, Helga Björns og síðast en ekki síst Tims Curry, sem túlkaði klæðskiptinginn eftirminnilega í samnefndri kvikmynd.

„Þetta er algjört draumahlutverk fyrir mig," segir Magnús. „Ég man þegar ég sá myndina í Nýja bíói á sínum tíma. Ég varð alveg dolfallinn yfir Tim Curry í þessu hlutverki og féll fyrir allri þessari geggjun; sagan er skemmtileg og persónugalleríið er frábær og þetta er líklega eini rokkleiksöngurinn þar sem hvert lag er öðru betra. Ég starfa líka sem tónlistarmaður og það er mjög gaman að fá tækifæri til að sameina bæði leiklistina og tónlistina á sviði."

Magnúsi vex það ekki í augum að leika hlutverk sem má heita klassískt bæði á hvíta tjaldinu og sviði.

Ég hef ekki gaman af hermikrákuleik og ætla ekki að fara herma eftir Tim Curry eða öðrum, Ég reyni að finna flöt á þessum karakter sem kemur frá mér."

Magnús ber leikhópnum vel söguna. „Þetta er ótrúlega skemmtilegur og kraftmikill hópur; ótrúlega góðir söngvarar og mikið í lagt á öllum vígstöðvum. Ég held að ég hafi aldrei tekið þátt í svona umfangsmiklum söngleik áður."

Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson. Auk Magnúsar fara með helstu hlutverk Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Bryndís Ásmundsdóttir, Atli Þór Albertsson, Matthías Matthíasson og Andrea Gylfadóttir, sem er jafnframt tónlistarstjóri sýningarinnar.

bergsteinn@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 10. september 2010**

### ➜ Tónleikar

**12.15** Í Listasafni Reykjavíkur verður Tríó Reykjavíkur með hádegistónleika í dag kl. 12.15. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Í safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ verður Óperusmiðja Garðabæjar með tónleika í kvöld kl. 20.00 Aðgangseyrir er 1.500 krónur, 1.000 krónur fyrir námsmenn og eldri borgara.

**20.30** Ragnheiður Gröndal og Egill Ólafsson ásamt hljóðfæraleikurum flytja lög Sigurðar Flosasonar við ljóð Aðalsteins Á. Sigurðssonar. Tónleikarnir verða í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn og hefjast kl. 20.30.

**22.00** Hljómsveitirnar Nóra, Bob og Nolo spila á Venue, Tryggvagötu 22, í kvöld. Aðgangseyrir er 800 krónur og húsið opnað kl. 21.00. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00.

**23.00** Hvanndalsbræður verða með tónleika í Hvíta Húsinu Selfossi í kvöld kl. 23.00.

### ➜ Kynningar

**17.00** Útúrdúr kynnir í kvöld útgáfu tímaritsins FUKT. Kynningin stendur frá 17.00 til 21.00 og verður í húsakynnum Útúrdúrs að Austurstræti 6.

### ➜ Forsýning

**20.00** Bjartmar Þórðarson fer með einleikinn Skepna á vegum Norðurpólsins. Frumsýning verður í kvöld kl. 20.00 að Bygggörðum 5, Seltjarnarnesi. Miðaverð er 2.000 krónur, 1.500 fyrir námsmenn, aldraða og öryrkja.

### ➜ Markaðir

**11.00** Forlagið verður með lagersölu að Fiskislóð 39 í dag. Markaðurinn verður opinn alla daga frá kl. 11-19, nema fimmtudaga kl. 11-21, en aðeins í takmarkaðan tíma.

### ➜ Opnanir

**17.00** Íslenska bútasaumsfélagið opnar sýningu sína Bút fyrir bút í 30 ár í Perlunni í dag kl. 17.00.

**20.00** Sigtryggur Berg Sigmarsson og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir opna myndlistarsýninguna „Ofsjónaræði, Húmorsleysi og Verk Vinstri Handar, Hönd Tilfinninganna" í kvöld kl. 20.00 í Crymo Gallerí, Laugavegi 41a.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Jóhanna Jónsdóttir flytur erindi um Evrópuvæðingu á Íslandi. Fyrirlesturinn verður á Háskólatorgi, stofu 103 frá kl. 12.-13. Allir velkomnir.

### ➜ Listamannaspjall

**17.00** Lina Jaros, Geir Mosed og Jens Reichert bjóða til listamannaspjalls í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi, í dag kl. 17.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

ÚT ER KOMINN NÝR GEISLADISKUR MEÐ ÖRVARI KRISTJÁNSSYNI

!!! HARMONIKUBALL !!!




Í tilefni af útkomu nýjasta geisladisks Örvars Kristjánssonar verður útgáfudansleikur í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6, laugardaginn 11. september. Húsið opnar kl. 21.00 og dansleikurinn hefst kl. 21.30 og stendur til kl. 02.00.

Örvar mun m.a. leika lög af nýja disknum og árita hann. Hljómsveit Einars Guðmundssonar frá Akureyri leikur síðan fyrir dansi, ásamt Lofbelgjunum og fleiri góðum vinum.

Nú er tækifæri til að hitta meistara Örvar, sem enn er að og hlýða á hann leika á þann eina hátt sem honum er lagið og fá sér snúning í góðum félagsskap.

Allir velkomnir, meðan húsrúm leyfir.

EG TÓNAR

Akureyri: Mosateig 5 | Sími 462 7374 & 660 1648
Reykjavík: Álfalandi 7 | Sími 568 3670 & 824 7610

egtonar.is



Hristu þig í haustgírinn
með 5 Á RICHTER og LÍSU
föstudags- og laugardagskvöld
Leiftur frá liðinni tíð

Kringlukráin

512 5401 Auglýsingasími — FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...




Kennsla hefst 13. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620.

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara



# BÓKA LAGERSALA




Allir sem versla fyrir **5.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem versla fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

# Risalagersala Forlagsins er hafin á Fiskislóð 39

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## Opið alla virka daga frá kl. 11 til 19, nema fimmtudaga til kl. 21

Allir gestir fá glaðning frá MS, Frútína drykkjarjógúrt með nýju bragði
Allir kátir krakkar fá Kókómjólk og flott bókamerki að gjöf.






50% afsláttur

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.




36% afsláttur

MANNSLÍKAMINN
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 2.790 kr.




80% afsláttur

RADDIR Í GARÐINUM
**Nú: 390 kr.**
Verð áður: 1.990 kr.




52% afsláttur

SJÖ DAGA SAFAKÚRINN
**Nú: 1.690 kr.**
Verð áður: 3.490 kr.




67% afsláttur

HEIMSMETABÓK GUINNESS 2010
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 5.990 kr.




79% afsláttur

ÞÚSUND BJARTAR SÓLIR
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 4.680 kr.



2 fyrir 1 Takmarkað magn

Í MATINN ER ÞETTA HELST
+ SEINNI RÉTTIR (ÓINNBUNDNAR)
**Nú: 2.490 kr.**
Verð áður: 4.980 kr.




86% afsláttur

BETRUN
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 3.490 kr.




50% afsláttur

VIGDÍS
– KONA VERÐUR FORSETI
**Nú: 3.490 kr.**
Verð áður: 6.990 kr.




38% afsláttur

STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
**Verð nú: 2.490 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

> Á UPPLEIÐ

Leikkonan Christina Hendricks hefur landað hlutverki í kvikmyndinni Drive sem spáð er miklum vinsældum. Þar mun hún leika á móti Ryan Gosling, Carey Mulligan og Albert Brooks. Hendricks hefur slegið í gegn í Mad Men en er nú tilbúin að færa sig yfir á hvíta tjaldið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# K-Fed kemur Britney til varnar

Kevin Federline dúkkar upp í bandarískum fjölmiðlum með reglulegu millibili. Ekki þó vegna þess að þeir séu svo áhugasamir um dans-eða rappferil hans heldur af því að þeir vilja vita hvað honum finnist um hin og þessi mál sem tengjast fyrrum eiginkonu hans, popp-prinsessunni Britney Spears. Federline, eða K-Fed eins og hann er jafnan kallaður, hefur aldrei legið á skoðunum sínum en það kom mörgum á óvart þegar hann óvænt tók upp hanskann fyrir Britney.

Fyrrum lífvörður hefur kært Britney fyrir kynferðislega áreitni í sinn garð og vanrækslu barna sinna. Lífvörðurinn, Fernando Flores, heldur því fram að Spears hafi fimm sinnum sært blygðunarkennd hans með kynferðislegum hætti og þar að auki fóðrað syni sína á krabbakjöti þrátt fyrir að búa yfir þeirri vitneskju að þeir væru með ofnæmi fyrir slíkum mat.

Federline segir þessar ásakanir út í hött en hann fer með forræði yfir strákunum tveim. Lögfræðingur Federline, Mark Vincent Kaplan, sagði við fjölmiðla að í huga skjólstæðings hans væru þessar ásakanir eingöngu settar fram með peninga í huga. „Hann veit að þessar ásakanir eru tilhæfulausar með öllu," sagði Kaplan en Federline fór fram á það við barnaverndaryfirvöld í Los Angeles að þau rannsökuðu málið. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu ekkert saknæmt í ljós.





**TRÚIR BRITNEY** Kevin Federline segir að ásakanir á hendur fyrrum eiginkonu sinni, Britney Spears, eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Þær séu eingöngu settar fram til að græða peninga. NORDICPHOTOS/GETTY








NORDICPHOTOS/GETTY

**KRÍSUFUNDUR**

**Wayne Rooney** hefur samkvæmt fréttum bresku pressunnar hringt nokkrum sinnum í eiginkonu sína og beðist afsökunar á framferði sínu. Breskir fjölmiðlar eru hins vegar sannfærðir um að hjónabandi hans og æskuástarinnar, **Coleen Rooney**, sé nú lokið enda virðist leikmaðurinn ekki hafa verið við eina fjölina felldur.

# MEÐ MILLJARÐA Í LAUN OG BUXURNAR Á HÆLUNUM

**Wayne Rooney varð um helgina nýjasta íþróttastjarnan sem verður uppvís að því að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni. Hann er þar með kominn í ansi vafasaman hóp íþróttastjarna sem hafa átt erfitt með buxnastrenginn að undanförnu. Íþróttastjörnur eru miklar fyrirmyndir og stórfyrirtæki eru því ekki eingöngu að veðja á hæfileikana heldur einnig framkomu leikmanna utan vallar. Enda ljóst að foreldrar vilja helst ekki leggja lag sitt við íþróttastjörnu sem notfærir sér þjónustu vændiskonu á meðan eiginkonan er ólétt.**

## TIGER WOODS

Besti kylfingur heims breyttist á einni nóttu úr mestu fyrirmynd heims í versta skúrk allra tíma. Sá gríðarlegi fjöldi hjákvenna sem Tiger hafði lagt lag sitt við kom heimsbyggðinni í opna skjöldu enda héldu flestir að hann væri hinn fullkomni íþróttamaður og heimsins besti eiginmaður.



## FRANCK RIBERY

Frönsku útgáfunni af Lionel Messi hafði verið spáð frægð og frama. Öðru nær. Ribery hefur verið í nánast stanslausum yfirheyrslum vegna gruns um að hann hafi átt í sambandi við ólögráða vændiskonu og hefur verið kærður fyrir athæfi sitt. Ferill Ribery inni á vellinum hefur eingöngu legið niður á við.



## JOHN TERRY

Allt varð brjálað á Bretlandseyjum þegar upp komst að leiðtogi enska landsliðsins hefði gamnað sér með unnustu Wayne Bridge, liðsfélaga síns hjá bæði Chelsea og enska landsliðinu. Terry var í kjölfarið sviptur fyrirliðabandinu og hefur ekki náð sér almennilega á strik eftir fjaðrafokið



## ASHLEY COLE

Bakvörður Chelsea og enska landsliðsins er sennilega hataðasti maður Bretlandseyja. Ekki vegna þess að hann hélt framhjá, heldur vegna þess að hann sveik óskadóttur ensku þjóðarinnar, **Cheryl Cole**. Ashley sendi hjákonum sínum meðal annars símamyndir af sjálfum sér. Skilnaður hans og Cheryl gekk í gegn fyrir skemmstu.





## PETER CROUCH

Sláninn frá Tottenham komst í mikil vandræði þegar vændiskona á Spáni upplýsti að hún hefði veitt Crouch sína þjónustu en Crouch er kvæntur **Abbey Clancy**, velþekktri fyrirsætu á Bretlandseyjum.







AULINN ÉG
BOLIRNIR FÁST Í EYMUNDSSON
Austurstræti, Kringlunni, Smáralind, Hafnarfirði, Akureyri og Ísafirði



1.990 kr.

Hvítur bómullarbolir í barnastærðum.
Flottir bolir með prentun bæði að framan og aftan.

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira … gildir fyrir allar vörur

# 20% AFSLÁTTUR!

## Tilboðið gildir frá föstudegi til mánudags

Afslátturinn er veittur af Outlet-verðum!









## Verðdæmi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barnainniskór | 500 | Zara buxur | 1.000 |
| Barnabuxur | 1.000 | Champion herrastuttbuxur | 2.500 |
| Dömubuxur | 1.000 | HM barnabúningar | 2.500 |
| Dömuþíspeysur | 2.000 | Töskur dömu | 1.000 |
| Seafolly toppar | 2.000 | T-bolir með áprentun | 1.000 |
| Seafoolly buxur | 1.500 | Herraskyrtur | 1.500 |
| Zara peysur | 1.000 | Úrval af dömuskóm | 500-4.000 |

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

**MERKJA OUTLET**

KORPUTORGI

Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400











# Mamma Gógó fulltrúi Íslands

Kvikmynd Friðrik Þórs Friðrikssonar, Mamma Gógó, er framlag Íslands til evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Fjörutíu og þrjár myndir eiga möguleika á því að vera tilnefndar en þessi sjálfsævisögulega kvikmynd Friðriks hefur mælst einstaklega vel fyrir á kvikmyndahátíðum um allan heim. Einn af dagskrárstjórum Toronto-hátíðarinnar, Steve Gravestock, fór lofsamlegum orðum um myndina á heimasíðu norræna sjónvarps-og kvikmyndasjóðsins og sagði hana tvímælalaust eina af bestu myndum leikstjórans.

Valdís Óskarsdóttir, Kjartan Sveinsson og Karl Óskarsson eiga einnig stóran hlut í fjórum kvikmyndum af þessum 43, en evrópska kvikmyndaráðið tilkynnti nýverið hvaða kvikmyndir eiga möguleika á því að vera tilnefndar í flokknum besta myndin. Karl Óskarsson kvikmyndatökumaður var á bak við tökuvélarnar í tékknesku kvikmyndinni Three Seasons in Hell. Karl fékk tékknesku kvikmyndaverðlaunin fyrir störf sín í kvikmyndinni. Írska myndin Ondine eftir Neil Jordan er einnig í þessum hópi en Kjartan Sveinsson, liðsmaður Sigur Rósar, samdi einmitt tónlistina við þá mynd. Þá á danska kvikmyndin Submarino einnig möguleika en Valdís Óskarsdóttir og Andri Steinn klipptu myndina. Leikstjóri hennar er Thomas Winterberg. **- fgg**



**Í POTTINUM** Mamma Gógó þykir vera í hópi 43 bestu kvikmynda Evrópu þetta árið og gæti verið tilnefnd til evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Valdís Óskarsdóttir, Kjartan Sveinsson og Karl Óskarsson koma einnig að kvikmyndum sem eiga möguleika á sömu tilnefningu.

# Draumur Rúna Júl rætist í nýja Popppunktsspilinu

**Tónlistarmaðurinn og þúsundþjalasmiðurinn Dr. Gunni er með mörg járn í eldinum. Nýtt Popppunktsspil kemur í búðir í október og framhald bókarinnar Eru ekki allir í stuði? er í bígerð, ásamt nýrri barnaplötu.**

Glænýtt Popppunktsspil er í framleiðslu úti í Kína þessa dagana og kemur það í verslanir í október. „Það er miklu flottara en síðasta spil. Þetta verða allt nýjar spurningar, eins og gefur að skilja, og öll hönnunin er ný. Leikurinn verður samt svipað uppbyggður,“ segir höfundurinn Dr. Gunni en spilið er byggt á samnefndum sjónvarpsþáttum. „Það var uppi hugmynd um að vera með lítið sjónvarp inni í spilinu sem átti að henda út um lítinn hótelglugga en það gekk ekki alla leið,“ segir hann og hlær.

Fólk velur sér tónlistarmenn til að komast á milli reita í spilinu og þeir sem verða þess heiðurs aðnjótandi í þetta sinn eru Haffi Haff, Haukur Heiðar úr Diktu, Bjartmar Guðlaugsson, Gylfi Ægisson, Hera Björk, Ingó Veður-guð, Lay Low, Lóa úr FM Belfast og síðast en ekki síst Rúnar Júlíusson. „Hann átti að vera í fyrsta spilinu en svo fyrir undarleg mistök datt hann út. Hann var ekki nógu ánægður með þetta og minntist á það við mig þannig að núna er ég að uppfylla það sem átti að gerast fyrir fimm árum,“ segir Gunni.

Sjöttu þáttaröð Popppunkts lýkur á næstunni með úrslitaþætti milli Skriðjökla og Lights on the Highway, sem verður hundraðasti Popppunktsþátturinn. Fyrst verður þó óhefðbundinn þáttur sem verður keppni milli grínistanna í Fóstbræðrum og Mið-Íslandi á laugardaginn. Spurður hvort Popppunktur haldi áfram næsta vetur segir Gunni það fara eftir því hvað Sjónvarpið vilji. Þeir Felix Bergsson eru til í alla vega eina seríu í viðbót, enda eiga flytjendur á borð við Aminu, Diktu, Grýlurnar, Todmobile, Þursaflokkinn, Bubba og Megas enn eftir að láta ljós sitt skína.



**DR. GUNNI** Tónlistarmaðurinn og þúsundþjalasmiðurinn er með mörg járn í eldinum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunni er með fleiri bolta á lofti því fram undan eru endurkomutónleikar með gömlu hljómsveitinni hans SH draumi á Iceland Airwaves-hátíðinni 14. október þar sem Ham stígur einnig á svið. Tvöföld viðhafnarútgáfa á plötu sveitarinnar, Goð, frá árinu 1988 kemur út um svipað leyti.

> Ég nenni ekki að spila Prumpulagið endalaust.
>
> **DR. GUNNI**

Á næsta ári hyggur Gunni síðan á útgáfu nýrrar tónlistarbókar, framhaldsins á Eru ekki allir í stuði? sem kom út 2001 og hefur verið ófáanleg lengi. Um er að ræða endurbætta og uppfærða rokksögu sem verður töluvert frábrugðin fyrri bókinni. Eitís-kaflinn sem datt fyrir mistök út úr fyrri bókinni verður með í þessari auk þess sem síðustu tíu ár verða að sjálfsögðu með.

Fleiri verkefni eru í bígerð, þar á meðal ný barnaplata sem myndi fylgja eftir vinsældum Abbababb sem kom út 1997. Hugmyndir hafa verið uppi um að gera Abbababb-bíómynd eða setja Abbababb-söngleikinn aftur á svið en Gunni vill frekar horfa fram á veginn og prófa eitthvað nýtt. „Ég nenni ekki að spila Prumpulagið endalaust.“

**freyr@frettabladid.is**

# Jógvan syngur í kirkju

Jógvan Hansen syngur í Langholtskirkju 2. október ásamt kórnum 17 Sangarar frá Klaksvík í Færeyjum. Flutt verða færeysk lög ásamt íslenskri söngvasyrpu með lögum Sigfúsar Halldórssonar.

Færeyingurinn Pætur við Keldu, sem tók þátt í dönsku Eurovisionundankeppninni árið 2002 með laginu „Som en drøm“, stígur á svið með Jógvani auk þess sem hann leikur undir á píanó með kórnum. 17 Sangarar er einn stærsti kór Færeyja. Hann var stofnaður 1997 og hefur síðan þá haldið marga tónleika í Færeyjum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, auk Skotlands og Sviss. Kórinn kom hingað til lands í byrjun þessarar aldar og hélt vel heppnaða tónleika. Kórnum hefur einnig verið boðið á 100 ára afmælishátíð stórrar hótelkeðju í Sviss árið 2013. Aðgöngumiði á tónleikana í Langholtskirkju er 2.000 kr. og fæst hann við innganginn og á Midi.is. **- fb**



**SÖNGFUGL** Jógvan Hansen syngur í Langholtskirkju 2. október ásamt kórnum 17 Sangarar.

# VERÐHRUN

## Á VÖLDUM FATNAÐI!

# 500-1500kr.

fatamarkaðir í Kringlunni, Smáralind og Skeifunni
dömu- og barnafatnaður og skór.

## VERÐDÆMI:

| VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|
| 1.299 - 1.699 kr. | 500 kr. |
| 1.999 - 2.499 kr. | 750 kr. |
| 2.999 - 3.999 kr. | 1.000 kr. |
| 4.499 - 6.999 kr. | 1.500 kr. |

*Fyrstur kemur fyrstur fær!*

Gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**sport**
sport@frettabladid.is



**+4** **GRINDVÍKINGAR** hafa bestu markatöluna í uppbótartíma í leikjum sínum í Pepsi-deild karla í sumar. Grindvíkingar hafa skorað 4 mörk í uppbótartíma fyrri eða seinni hálfleiks og hafa á sama tíma ekki fengið á sig mark þegar hefðbundar 45 mínútur eru liðnar. FH-ingar eru aftur á móti neðstir á sama lista með 3 mörk í mínus.



**FLOGINN Á BROTT** Rúnar er hér í leik með Füchse Berlin. Hann leikur sinn síðasta leik fyrir félagið í kvöld. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Skyttan Rúnar Kárason farin frá Füchse Berlin:

# Þarf að fá að spila meira

**HANDBOLTI** Skyttan örvhenta Rúnar Kárason hefur verið seld frá þýska úrvalsdeildarfélaginu Füchse Berlin til 2. deildarliðsins Bergischer HC. Rúnar náði sér aldrei almennilega á strik hjá Degi Sigurðssyni í Berlin og hefur því ákveðið að róa á önnur mið.

„Ég hef ekki fundið mig alveg nógu vel hérna og er á þeim tímapunkti að ég þarf að spila meira. Þetta lið sem ég er að ganga til liðs við vantar örvhenta skyttu þannig að ég fæ að spila helling þar,“ sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær en hann leikur í kvöld kveðjuleik sinn fyrir Berlínarliðið.

„Ég er ekkert að svekkja mig of mikið á því að hlutirnir hafi ekki gengið upp hérna. Ég gerði mér alveg grein fyrir því að þetta yrði erfitt en það þarf margt að ganga upp til að maður slái strax í gegn. Mér líst vel á félagið sem ég er að fara í. Það varð í 2. sæti í fyrra og verður í toppbaráttu í ár. Þetta félag er fjárhagslega sterkt og vel mannað. Þetta á eftir að verða fínn vetur,“ sagði Rúnar sem semur við liðið út þessa leiktíð. Næsta sumar þarf hann því að skoða framhaldið upp á nýtt. - hbg

# Blikarnir í ham eftir hálfleiksræður Ólafs Kristjáns

**Fréttablaðið hefur skoðað hvenær í leikjunum liðin í Pepsi-deild karla stóðu sig best í fyrstu 18 umferðunum. Breiðablik er eitt af liðunum sem berjast um titilinn en það er ekki síst að þakka fyrsta hálftímanum í seinni hálfleik.**

**FÓTBOLTI** Fram undan eru fjórar síðustu umferðirnar í Pepsi-deild karla sem verða spilaðar á næstu tveimur vikum. Fréttablaðið nýtti tækifærið og skoðaði það hvenær í leikjunum liðin í Pepsi-deildinni eru hættulegust og hvenær þau eru veikust fyrir.

Breiðablik hefur skorað flest mörk í fyrstu átján umferðum Pepsi-deildar karla eða alls 40 eða 2,2 að meðaltali í leik. Helmingur markanna hefur komið á fyrsta hálftímanum í seinni hálfleik þegar hálfleiksræða þjálfarans Ólafs Kristjánssonar er enn fersk í huga leikmanna. Blikar eru nefnilega með 17 mörk í plús á 46. til 75. mínútu, þar af hefur liðið skorað 11 mörk gegn aðeins einu á fyrstu fimmtán mínútunum í seinni hálfleik. Það er ljóst á bæði sókn og vörn liðsins að Ólafur stillir strengi sinna manna kórrétt í hálfleiknum.

Blikar eru í algjörum sérflokki í deildinni á þessum hálftíma kafla en þeir hafa skorað langflest mörk á þessum kafla, hafa fengið á sig fæst mörk á þessum kafla og eru með 13 mörkum betri markatölu en næsta lið sem er FH sem hefur 4 mörk í plús á markatölu á 46. til 75. mínútu í sínum leikjum.

Aðalmarkaskorarar Blika, Alfreð Finnbogason (8 af 12 mörkum sínum) og Kristinn Steindórsson (4 af 10 mörkum sínum), hafa líka verið sjóðheitir á þessum kafla leikjanna en auk þess að skora saman 12 mörk á þessum 30 mínútna kafla þá hafa þeir einnig átt saman 5 stoðsendingar á þessum fyrsta hálftíma í seinni hálfleik.



Eyjamenn sitja á toppi Pepsideildarinnar með tveggja stiga forskot á Blika og það hefur mikið að segja að ekkert lið hefur endað hálfleiki betur en Eyjamenn. ÍBV-liðið hefur skorað átta mörkum meira en mótherjar þeirra á síðustu fimmtán mínútunum í bæði fyrri og seinni hálfleik. Markatala ÍBV á þessum kafla leikjanna er 14-6 en næstir koma KR-ingar með sjö mörk í plús og markatöluna 16-9. KR-ingar heimsækja einmitt Vestmannaeyjar á sunnudaginn.

KR og FH eru í þriðja og fjórða sæti í deildinni, fjórum og fimm stigum á eftir ÍBV en þau eiga bæði það sameiginlegt að byrja fyrri hálfleikinn illa en enda hann vel. FH er með 3 mörk í mínus á fyrstu fimmtán mínútum leikjanna en hafa skorað 6 mörkum meira en mótherjar þeirra á 16. til 45. mínútu. KR-ingar eru með 4 mörk í mínus á fyrstu 15 mínútunum en hafa endað hálfleikinn með 7 mörk í plús frá 16. til 45. mínútu.

Fylkir og Stjarnan byrja leikina best en bæði eru með 5 mörk í plús á fyrsta hálftímanum. Markatala Fylkis á 1. til 30. mínútu er 12-7 en markatala Stjörnumanna á sama tíma er 13-8. Stjarnan er ásamt ÍBV eina liðið sem er aldrei í mínus í markatölu á neinum fimmtán mínútna kafla í leikjunum.

Það vekur athygli hversu mikill munur er á markatölu Valsmanna og Fylkismanna eftir hálfleikjum. Þar er 17 marka sveifla hjá Fylki en 14 marka sveifla hjá Val. Fylkir er með 5 mörk í plús í fyrri hálfleik (16-11) en 12 mörk í mínus í seinni hálfeik (15-27) en Valur er með 4 mörk í plús í fyrri hálfleik (13-9) en 10 mörk í mínus í seinni hálfleik (13-23). ooj@frettabladid.is

**Markatala á 46. til 75. mín.**

| | |
|---|---|
| Breiðablik | Markatala: +17 (20-3) |
| FH | +4 (12 mörk-8 mörk á sig) |
| KR | +3 (9-6) |
| ÍBV | +3 (8-5) |
| Grindavík | 0 (5-5) |
| Fram | 0 (8-8) |
| Stjarnan | -1 (8-9) |
| Keflavík | -2 (5-7) |
| Valur | -5 (11-16) |
| Fylkir | -6 (9-15) |
| Selfoss | -6 (10-16) |
| Haukar | -7 (5-12) |

**Markahæstu leikmenn á 46. til 75. mínútu**

| | |
|---|---|
| Alfreð Finnbogason, Breiðabliki | 8 |
| Kristinn Steindórsson, Breiðabliki | 4 |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 4 |
| Guðmundur Kristjánsson, Breiðabliki | 3 |
| Almarr Ormarsson, Fram | 3 |
| Óskar Örn Hauksson, KR | 3 |
| Danien Justin Warlem, ÍBV | 3 |
| Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni | 3 |

**Besti og versti tími liðanna í Pepsi-deild karla í fyrstu 18 umferðunum 2010**

**1. til 15. mín.**
Bestir: Valur +5 Slakastir: KR -4
**16. til 30. mín.**
Bestir: KR +5 Slakastir: Fram, Valur, Keflavík -3
**31. til 45. mín.**
Bestir: FH +4 Slakastir: Selfoss -8
**46. til 60. mín.**
Bestir: Breiðab. +10 Slakastir: Fylkir, Valur -3
**61. til 75. mín.**
Bestir: Breiðablik +7 Slakastir: Haukar -5
**76. til 90. mín.**
Bestir: ÍBV +6 Slakastir: Haukar -8
**Fyrsti hálftíminn**
Bestir: Fylkir, Stjarnan +5 Slakastir: Selfoss -4
**Síðasti hálftíminn**
Bestir: Breiðab., ÍBV +9 Slakastir: Haukar -13
**Fyrsti hálftíminn í seinni**
Bestir: Breiðablik +17 Slakastir: Haukar -7
**Lok hálfleikja**
Bestir: ÍBV +9 Slakastir:: Haukar -7
**Upphaf hálfleikja**
Bestir: Breiðablik +9 Slakastir: Selfoss -5

KR-ingar segjast ekki treysta Erlendi Eiríkssyni sem dæmir leik ÍBV og KR:

# Þetta er allt á misskilningi byggt

**FÓTBOLTI** Á heimasíðu knattspyrnudeildar KR birtist í gær frétt þess efnis að félagið treysti ekki dómaranum Erlendi Eiríkssyni. Erlendur dæmdi tvö víti á KR í bikarúrslitaleik félagsins gegn FH og í kjölfarið var umræða um meint tengsl Erlends við FH á spjallsíðu stuðningsmanna félagsins.

KR-ingar eru mjög ósáttir við að Erlendur eigi að dæma leikinn í Eyjum um helgina. Á heimasíðu KR stendur meðal annars:

„Við treystum Erlendi ekki, svo það sé á hreinu. Við vissum ekki af tenglsum hans við FH fyrr en eftir bikarúrslitaleikinn í síðasta mánuði. Tengslin eru að okkar mati þess eðlis að Erlendur, eða KSÍ, áttu að gera okkur grein fyrir þeim, þó ekki væri nema í nafni háttvísinnar. Vegna tengslanna hefði hæfi hans eða vanhæfi átt að koma til skoðunar,“ segir meðal annars á heimasíðu KR-inga.



**EKKI VINSÆLL HJÁ KR-INGUM** Erlendur rekur hér KR-inginn Grétar Sigurðarson frá sér í bikarúrslitaleiknum fræga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Gylfi Þór Orrason, formaður dómaranefndar KSÍ, furðar sig á þessari yfirlýsingu KR-inga og fullyrðingum þess efnis að Erlendur sé tengdur FH á óeðlilegan hátt.

„Eldri sonur hans æfði einu sinni með FH í þrjá mánuði en býr nú erlendis. Hann lék aldrei með félaginu. Yngri sonur hans mætti svo einu sinni á æfingu hjá FH er hann var á leikskólaaldri. Það er nú allt og sumt. Þetta er algjör stormur í vatnsglasi,“ segir Gylfi Þór en sögusagnir þess efnis að Erlendur hafi unnið sjálfboðaliðastörf fyrir FH og jafnvel safnað dósum fyrir félagið eru úr lausu lofti gripnar.

Gylfi segir ekki hafa komið til greina að skipta Erlendi út sem dómara leiksins þrátt fyrir þessa uppákomu.

Ekki náðist í Kristin Kjærnested, formann knattspyrnudeildar KR, við vinnslu fréttarinnar. - hbg





**ENSKI BOLTINN** 11. SEPTEMBER 2010 — 1 X 2

1. Arsenal – Bolton (ÚRV.D.)
2. Fulham – Wolves
3. Man. City – Blackburn
4. Newcastle – Blackpool
5. W.B.A. – Tottenham
6. West Ham – Chelsea
7. Wigan – Sunderland
8. Q.P.R. – Middlesbro (1. D.)
9. Elfsborg – Mjallby (ÚRV.D.)
10. Helsingborg – Gefle
11. Trelleborg – AIK
12. Atvidaberg – Malmö FF
13. Syrianska FC – Norrköping (1. D.)

36. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 11. SEPT. KL. 13.00

**Stærstu nöfnin** eru í Enska boltanum og nú er **potturinn** orðinn **ennþá stærri**. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 á morgun.

**110.000.000** (13 R.)
**22.500.000** (12 R.)
**18.000.000** (11 R.)
**37.500.000** (10 R.)

1X2

**TIPPAÐU** Á **NÆSTA SÖLUSTAÐ** EÐA Á **1X2.IS**




**Puma Vibrant V**
herra, stærðir: 38-48,5
**19.990kr.**




**Puma Accelerate V**
herra, stærðir: 38-46
**24.990kr.**




**Adidas Court Rock**
herra, stærðir: 40-48
**12.990kr.**




adidas

**Adidas**
**Clima cool**
**æfingabolur**
herrastærðir

**5.990kr.**

adidas

**Adidas**
**Tabella**
**æfingabolur**
herrastærðir
litir: rauður/hvítur,
blár/hvítur, svartur/hvítur

**3.990kr.**

**Nike**
**þunn Dri fit**
**æfingapeysa**
dömustærðir
litir: svört, blá, bleik

**4.990kr.**



**Nike**
**Dri fit**
**æfingabolur**
dömustærðir
litir: svartur, hvítur, blár
**4.990kr.**



**Nike Air toppur**
**Dri fit**
litir: blár, svartur
**5.990kr.**



**Nike Glimmer III Mid sl**
dömu, stærðir: 36,5-42
**11.990kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 51500 09.2010

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**

## > Samuel L. Jackson

„Ég hugsa að versti dagur sem ég hef upplifað hafi verið þegar ég þurfti að standa upp í áfengismeðferð fyrir framan eiginkonu mína og dóttur og segja: „Hæ, ég heiti Sam og ég er alki“.

***Samuel L. Jackson, sem nú hefur verið edrú í fjöldamörg ár, fer með aðalhlutvek í spennumyndinni Snakes on a Plane sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 22.55 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HRÆÐIST STUÐBOLTANA

# *Kýlum þessar stelpur í klessu*

Ég veit ekki hversu margar greinar hafa verið skrifaðar um áhrif ofbeldis í sjónvarpinu á mjúka barnshuga – að ofbeldisfullir þættir eða tölvuleikir ali af sér ofbeldishneigða einstaklinga. Ég hef svo sem ekki lesið eina einustu þeirra. Margir hafa einnig bent á að myndirnar í almennum fréttatímum séu miklu verri fyrir börnin að horfa á, þar séu hlutirnir alvöru en ekki teiknaðir. Ábyrgir foreldrar segja líka að maður eigi að horfa á barnaefnið með börnunum og útskýra fyrir þeim það sem er í gangi. Ég gerði það um daginn. Settist yfir Stuðboltastelpunum eða „Powerpuffgirls“ með skottunni minni sem sagði mér glöð að þær gætu flogið! Þar fylgdist ég með vondum dímon í klofháum leðurstígvélum töfra upp þrjá andstæðinga stuðboltastelpnanna, stráka. Þeirra hlutverk var að gera út af við stelpurnar og upphófst einn ofbeldisfyllsti sjónvarpsþáttur sem ég hef séð. Strákarnir börðu stelpurnar með hnefa í andlitið svo tennur brotnuðu, þeir spörkuðu í hausinn á þeim, skölluðu þær í hausinn, héldu þeim niðri og kýldu aftur og aftur, hræktu á þær, rifu frá þeim fötin og tróðu inn á þær slímugum sniglum. Stuðboltastelpurnar grétu og reyndu í örvæntingu að finna á strákunum veikan blett, til að ná yfirhöndinni, og fundu hann að lokum. Ef þær kölluðu þá mömmustráka, krútt, elsku drengina og kjössuðu þá þvarr þeim máttur. Þeir fóru að grenja og gátu enga björg sér veitt. Þá tóku Stuðboltastelpurnar þá í bakaríið.

Ég sat sem steinrunnin og vissi ekki hvernig í ósköpunum ég ætti sem ábyrgt foreldri að útskýra fyrir skottunni hvað þarna hafði gengið á. Slökkti bara á sjónvarpinu og ákvað með sjálfri mér að kveikja aldrei aftur á Stuðboltastelpunum.



## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00** Daddy Day Camp
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Orpah's Big Give
STÖÐ 2 EXTRA





▶ **20.30** Meistaradeild Evrópu
STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.25** Uptown Girl
STÖÐ 2



▶ **20.10** Bachelor
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Þingvallavatn** Heimildarmynd eftir Valdimar Leifsson. Frá 1999. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fræknir ferðalangar** (62:91)

**17.55 Leó** (24:52)

**18.00 Manni meistari** (14:26)

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Áramótaskaup Sjónvarpsins 2007** Atburðir og persónur ársins 2007 í spéspegli. (e)

**21.00 Kanínuheld girðing** (Rabbit-Proof Fence) Áströlsk bíómynd frá 2002 um þrjár ungar frumbyggjastúlkur sem var rænt af heimilum sínum árið 1931.

**22.35 Barnaby ræður gátuna – Gamlar glæður** (Midsomer Murders: Dead Letters) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.

**00.10 Grænu slátrararnir** (De grönne slagtere) Dönsk bíómynd frá 2003. Svend og Bjarne vinna hjá slátrara í dönskum smábæ en fá nóg af hrokanum í honum og ákveða að opna sína eigin kjötbúð. (e)

**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 When Harry Met Sally**

**10.00 Rock Star**

**12.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**

**14.00 When Harry Met Sally**

**16.00 Rock Star**

**18.00 Land Before Time XIII: The Wisdom of Friends**

▶**20.00 Daddy Day Camp**

**22.00 The Kingdom**

**00.00 Alien: The Director's Cut**

**02.00 Phone**

**04.00 The Kingdom**

**06.00 The Cable Guy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 Beauty and the Geek** (8:10)

**11.50 Amne$ia** (5:8)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (14:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (234:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (235:300)

**15.25 Wonder Years** (11:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (4:25)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 American Dad** (12:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.

**19.45 The Simpsons** (12:21)

**20.10 Ameríski draumurinn** (4:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.

**20.55 Þúsund andlit Bubba** Einstakir þættir þar sem fylgst er með Bubba Morthens á tónleikaferð um landi í tilefni 30 ára starfsafmælis hans.

▶**21.25 Uptown Girl** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um unga konu, leikna af Brittany Murphy, sem þykir barnaleg í meira lagi, kærulaus og óþroskuð.

**22.55 Snakes on a Plane** Hörkuspennandi, glettilega fyndin og laglega ýkt hasarmynd með Samuel L. Jackson.

**00.40 Take the Lead** Stórgóð og dramatísk mynd með hjartaknúsaranum Antonio Banderas.

**02.35 Girl, Positive** Áhrifamikil mynd.

**04.00 Wrong Turn 2** Hrollvekja

**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Deutsche Bank Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**18.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.20 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu en til leiks mæta flestir af sterkustu kraftajötnum landsins.

**20.05 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum skoðaðir og hitað upp fyrir komandi leiki.

▶**20.30 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

**21.00 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.

**21.30 Players Championship** Sýnt frá Players Championship mótinu í póker.

**22.25 PCA Bahamas High Roller 1** Sýnt frá PCA Bahamas High Roller sem haldið er á Bahamas í Karabískahafinu.

**23.15 PCA Bahamas High Roller 2**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.45 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 PL Classic Matches: Liverpool - Arsenal, 1997**

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Allar helstu breytingarnar á liðunum skoðaðar, viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Football Legends - Zidane** Að þessu sinni verður fjallað um Zidane, fyrrum leikmann Real Madrid og Juventus og franska landsliðsins.

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku urvalsdeildina i knattspyrnu.

**23.00 Liverpool - WBA** Útsending frá leik Liverpool og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dr. Phil** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.20 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.05 Friday Night Lights** (1.13) (e)

**18.55 How To Look Good Naked - Revisited** (4.6) (e)

**19.45 King of Queens** (13.25) (e)

▶**20.10 Bachelor** (5.11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Jason býður stelpunum fimm sem eftir eru til heimaborgar sinnar, Seattle. Í lok þáttarins er ein send heim á meðan hinar fjórar fá tækifæri til að kynna Jason fyrir fjölskyldum sínum.

**21.40 Last Comic Standing** (1.14) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.

**23.05 Sordid Lives** (1.12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas. Aðalhlutverkin leika

**23.30 Parks & Recreation** (19.24) (e)

**23.55 Law & Order: Special Victims Unit** (5.22) (e)

**00.45 Life** (21.21) (e)

**01.35 Premier League Poker II** (6.15)

**03.20 Jay Leno** (e)

**04.05 Jay Leno** (e)

**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin skoðar nýjustu tíðindi.

**21.00 Golf fyrir alla** 12. og 13. braut með Fjólu móður Bjarka Klúbbmeistara og Júlíönu.

**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Ameríski draumurinn




Hörkuspennandi og spreng-hlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapp-hlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur. Villisveppirnir taka sig til og raka inn stigum í New Orleans og þeirra bíður heldur ógeðfelld áskorun. Á meðan eru 2 harðir á heimavelli í Los Angeles þar sem þeir þurfa að vanda sig við að gráta ekki yfir sinni næstu áskorun.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Þúsund andlit Bubba

**Stöð 2 kl. 20.55**

Einstakir þættir þar sem fylgst er með Bubba Morthens á tónleikaferð um landi í tilefni 30 ára starfsafmælis hans. Hér gefst fágætt tækifæri til að skyggnast bak við tjöldin og fylgjast með því sem gengur á bæði fyrir og eftir tónleika, svo ekki sé minnst á allar óborganlegu sögurnar sem Bubbi hefur að segja.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Fram á nótt
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Leynifélagið
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Oprah's Big Give** (8:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrgðis í gjafmildi.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS: Los Angeles** (4:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

**22.35 The Closer** (10:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson sem ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**23.20 The Forgotten** (8:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.

**00.05 Oprah's Big Give** (8:8)

**00.50 The Doctors**

**01.30 Ameríski draumurinn** (4:6)

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** After You've Gone **12.35** After You've Gone **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Fawlty Towers **14.35** Fawlty Towers **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** Harry and Paul **18.30** Little Britain **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Hustle **20.20** The Jonathan Ross Show **21.10** Harry and Paul **21.40** Come Dine With Me **22.05** The Jonathan Ross Show **22.55** Torchwood **23.45** After You've Gone

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Sporløs **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** AF1 - alle for 1 **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Chiro **15.30** Fredagsbio **15.40** Alfons Åberg **15.50** Lillefinger **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2010 **19.55** Næsten helt perfekt **22.00** Envy **23.35** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.35** Norge rundt **18.00** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Detektimen: Tause vitner **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hotel Babylon **22.15** Pop-revy fra 60-tallet **22.45** Hjerte til hjerte **23.30** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.10** Gomorron Sverige **13.00** Ishockey: Tv-pucken 2010 **15.30** Lyxkryssning i havskajak **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Offside **20.40** Elvis Costello med gäster **21.25** Me, Myself & Kubrick **22.50** Larry Sanders show **23.20** Veronica Mars **00.00** Avslöjad


# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

67%
Lesa bara Fréttablaðið



5%
Lesa bara Morgunblaðið

27%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
95%
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég horfi alltaf á So You Think You Can Dance og Two And a Half Men. Svo horfi ég líka á Fagur fiskur í sjó sem er skemmtilegur þáttur.“*

Irma Gunnarsdóttir, listdansari.

# Gagnrýnandi Kiljunnar gagnrýnir í Kiljunni

Haukur Ingvarsson, Illugi Jökulsson og Þorgerður E. Sigurðardóttir bætast í hóp gagnrýnenda Kiljunnar sem hefur göngu sína aftur á RÚV í haust. Páll Baldvin Baldvinsson og Kolbrún Bergþórsdóttir verða á sínum stað auk þáttastjórnandans Egils Helgason sem er ánægður með viðbótina. „Illugi verður fyrir áramót með Þorgerði og Haukur kemur síðan í staðinn fyrir hann og verður með okkur eftir áramót,“ segir Egill en ráðgert er að gagnrýnendapörin skipti þáttunum nokkuð bróðurlega á milli sín.

Það vekur hins vegar mestu athyglina að Haukur, þekktastur fyrir snarpa menningarrýni sína í útvarpsþættinum Víðsjá, skuli hafa orðið fyrir valinu því hann fór ekki fögrum orðum um bókmenntagagnrýnina í Kiljunni fyrir rösku ári í áðurnefndum útvarpsþætti. Egill kveðst ekki hafa heyrt þá gagnrýni. „Nei, mér finnst Haukur fyrst og fremst skemmtilegur og snjall strákur. Ég hef lesið eftir hann og hann hefur komið í þáttinn til mín,“ segir Egill.

Haukur er nú í rithöfundarleyfi og á þar að auki von á sínu fyrsta barni. Hann segist aldrei hafa haft neinn sérstakan áhuga á að fara í sjónvarp. „En það hefði líka verið hallærislegt að taka ekki þessu boði. Maður getur ekki bara setið og gagnrýnt út í eitt án þess að vilja sjálfur taka þátt.“ - fgg

### NÝTT FÓLK Í KILJUNNI







**Haukur Ingvarsson**, Illugi Jökulsson og Þorgerður E. Sigurðardóttir verða í gagnrýnendasveit bókaþáttarins Kiljunnar. Haukur gagnrýndi þáttinn fyrir rösku ári en viðurkennir að það hefði verið hallærislegt að taka ekki boðinu frá **Agli Helgasyni**.



LÁRÉTT
**2.** malur, **6.** strit, **8.** skrá, **9.** sarg, **11.** í röð, **12.** leikur, **14.** arkarbrot, **16.** guð, **17.** eyrir, **18.** ýlfur, **20.** þurrka út, **21.** titra.

LÓÐRÉTT
**1.** viðskipti, **3.** pot, **4.** málmur, **5.** angan, **7.** hindrun, **10.** kvk nafn, **13.** vætla, **15.** rænuleysi, **16.** magur, **19.** til.

LAUSN

**LÁRÉTT: 2.** poki, **6.** at, **8.** tal, **9.** urg, **11.** lm, **12.** parís, **14.** fólið, **16.** ra, **17.** aur, **18.** ýla, **20.** má, **21.** riða.
**LÓÐRÉTT: 1.** kaup, **3.** ot, **4.** kalsíum, **5.** ilm, **7.** trafali, **10.** gró, **13.** íla, **15.** óráð, **16.** rýr, **19.** að.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Alice Cooper.
2. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA.
3. Á Lewis-eyju í Skotlandi.

MAGNÚS ÞÓR GYLFASON: GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU SÓLÓPLÖTU

# Keypti þjónustu rándýrra erlendra tónlistarmanna

Bandaríski rapparinn Chino XL er í gestahlutverki á fyrstu sólóplötu Authentic the Exception, sem heitir réttu nafni Magnús Þór Gylfason.

„Það kostaði hálft ár í bið og 1.500 dollara að fá hann. Það þurfti mikið af símtölum og mikið að „fiffa“ til að fá hann,“ segir Magnús, sem hoppaði hæð sína þegar hann samþykkti að taka þátt. „Þetta var stund sem ég var búinn að bíða eftir. Þegar ég fékk símanúmerið og gat verið í beinu sambandi við hann vissi ég að þetta var hann. En að bíða svona lengi var mjög erfitt.“

Chino er stórt nafn innan neðanjarðar hip hop-senunnar í Bandaríkjunum. Hann var uppgötvaður þegar hann var sextán ára af hinum virta upptökustjóra Rick Rubin. Árið 2007 samdi hann við Machete Music sem er í eigu risans Universal.

Hópur gestarappara kemur við sögu á plötu Magnúsar, Thoughts Words & Actions, og eru þeir allir bandarískir nema einn, hinn íslenski S. Cro. „Þegar ég gerði plötuna og vildi fá ákveðna listamenn vissi ég að þeir kostuðu 1.000 dollara og sumir meira. Ég vildi fá listamenn sem hafa haft áhrif á mig,“ segir Magnús, sem vann baki brotnu hjá Símanum til að láta drauminn rætast enda var platan algjörlega borguð úr eigin vasa. „Ég vann bara eins og naut til að fjármagna þetta. Ég þurfti að taka mikið af aukavöktum.“ Helmingur taktanna var fenginn frá íslenska upptökuteyminu Fonetic Simbol og hinn frá taktsmiðum frá Tyrklandi, Kólumbíu, Svíþjóð og bandaríska upptökuteyminu Da Beatminerz sem hefur unnið með rapparanum Nas.

Magnús Þór, sem er 27 ára Reykvíkingur, leggur mikla áherslu á textagerð í tónlist sinni en lögin sjálf eru undir áhrifum frá Wu-Tang Clan. Hann segist kannast við marga í íslensku hip hop-senunni en vegna enskra texta sinna hefur hann verið þar hálfgerður utangarðsmaður.

Magnús flytur til Kanada í nóvember þar sem hann ætlar í hljóðblöndunarnám. Þar ætlar hann að ná enn lengra í rappinu. „Þetta er eins árs nám og síðan ætla ég að reyna að finna vinnu úti og láta tónlistina ganga upp.“ freyr@frettabladid.is



**AUTHENTIC THE EXCEPTION** Rapparinn fékk góða hjálp frá bandarískum kollegum við gerð nýju plötunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### MUN FÁ GÓÐA ATHYGLI ERLENDIS



„Ég veit ekki um neinn sem er jafnduglegur í rappsenunni hérna,“ segir **Ómar Ómar**, sem hefur verið virkur í íslensku hip hopi, um Magnús Þór. „Hann er að gera tónlist sem gengur í marga úti. Að vinna með svona nöfnum gerir mikið fyrir plötuna hvað varðar athygli. Með því að gera svona hluti getur hann klárlega farið að spila á tónleikum erlendis. Það eru margir sem eiga eftir að tékka á plötunni, sem er fyrsta skrefið fyrir hann.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nú styttist óðum í að Ingólfur Þórarinsson, best þekktur sem Ingó úr Veðurguðunum, þreyti frumraun sína á leiksviði en söngleikurinn um Buddy Holly verður frumsýndur í næsta mánuði. Færri vita hins vegar að það er **Jóhannes Haukur Jóhannesson**, en hann ættu margir að kannast við úr sjónvarpsþáttunum um Martein sem sýndir voru á RÚV, sem þýðir söngleikinn og nýtur þar góðrar aðstoðar frá Davíð Þór Jónssyni sem þýðir söngtexta.



Það eru ekki bara tóm leiðindi sem eiga sér stað í hinni opinberu heimsókn **Jónínu Leósdóttur** og Jóhönnu Sigurðardóttur til Færeyja. Ummæli færeyska þingmannsins Jenis av Rana hafa hlotið mestu athyglina en á meðan heimsótti Jónína færeyska bókaforlagið Bókadeildina og fékk eintak af færeysku útgáfunni af smásagnasafninu Elskar mig, elskar mig ekki en hún inniheldur sextán norrænar smásögur um ástina. Jónína samdi titilsöguna og spurning hvort Jenis fái ekki áritað eintak frá forsætisráðherrafrúnni.

Stúlknasveitin **The Charlies** er nú á fullu við æfingar fyrir mikla kynningarveislu í Los Angeles. Þær Klara, Steinunn og Alma hafa sungið frá sér allt vit á æfingum í hljóðveri og þær eru svo sannarlega umkringdar stórstjörnum. Í hljóðinu á þeim hefur barnastjarnan Justin Bieber þanið raddböndin en að sögn stúlknanna er að hann undirbúa sig fyrir VMA-verðlaunin í Ameríku. - fgg



# Vandasamasta verkefni Einars

Heimildarmyndin Norð Vestur sem fjallar um snjóflóðið á Flateyri 1995 verður frumsýnd í október.

Einar Þór Gunnlaugsson leikstýrir myndinni, sem tók þrjú ár í vinnslu. „Ég er fæddur þarna og þekkti flestalla sem fórust. Þetta eru mínar æskustöðvar,“ segir Einar Þór, sem síðast leikstýrði kvikmyndinni Heiðinni. „Ég er ekkert sérstaklega örlagatrúar en stundum hefur maður spurt sig af hverju maður fór út í þetta. Á endanum komst maður að því að kannski er þetta eitthvað sem maður þurfti að gera.“

Í Norð Vestur er blandað saman sögulegu efni teknu á 8 mm filmu, fréttum úr fjölmiðlum, ljósmyndum heimafólks og atvinnuljósmyndara, og þrívíddar-módelum. Sagt er frá útköllum bæði í byggðunum vestra sem og Almannavarna ríkisins sem urðu ein af þeim umfangsmestu í sögunni. Björgunar- og fjölmiðlafólk, heimamenn sem björguðust úr flóðinu og aðstandendur segja frá atburðarásinni þessa örlagaríku daga. „Þetta er örugglega vandasamasta verkefni sem ég gert í mínu starfi og þarna er gríðarlega mikið af viðtölum,“ segir Einar Þór. „En þetta var í rauninni ekkert erfiðara en mörg önnur verkefni, þegar maður hugsar um tilganginn. Hann er fyrst og fremst fyrir komandi kynslóðir. Að þær kynnist þessum atburðum og við lærum eitthvað af þessu áður en önnur stórslys koma.“



**EINAR ÞÓR GUNNLAUGSSON** Heimildarmyndin Norð Vestur eftir Einar Þór Gunnlaugsson verður frumsýnd í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrri hluti myndarinnar, sem er um 100 mínútna langur, verður frumsýndur í október. Seinni hlutinn, sem er ætlaður fyrir sjónvarp og mynddisk, er um þriggja klukkustunda langur með aukaefni. Tónlistina fyrir myndina sömdu þau Gunnar Tynes og Silla úr hljómsveitinni múm. -fb


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 11/9 kl. 13:00 U | Lau 18/9 kl. 15:00 Ö | Sun 26/9 kl. 13:00 |
| Lau 11/9 kl. 15:00 U | Sun 19/9 kl. 13:00 Ö | Lau 2/10 kl. 13:00 |
| Sun 12/9 kl. 13:00 U | Sun 19/9 kl. 15:00 U | Lau 2/10 kl. 15:00 |
| Sun 12/9 kl. 15:00 U | Lau 25/9 kl. 13:00 | Sun 3/10 kl. 13:00 |
| Lau 18/9 kl. 13:00 U | Lau 25/9 kl. 15:00 Ö | Sun 3/10 kl. 15:00 |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 11/9 kl. 20:00 Ö | Sun 19/9 kl. 20:00 Ö | Fim 30/9 kl. 20:00 |
| Sun 12/9 kl. 20:00 Ö | Fim 23/9 kl. 20:00 Ö | Fös 1/10 kl. 20:00 Ö |
| Fim 16/9 kl. 20:00 U | Fös 24/9 kl. 20:00 Ö | Lau 2/10 kl. 20:00 |
| Fös 17/9 kl. 20:00 Ö | Lau 25/9 kl. 20:00 Ö | Fös 8/10 kl. 20:00 |
| Lau 18/9 kl. 20:00 U | Sun 26/9 kl. 20:00 Ö | Lau 9/10 kl. 20:00 |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10/9 kl. 19:00 Ö | Fös 24/9 kl. 19:00 U | Fös 8/10 kl. 19:00 |
| Fös 17/9 kl. 19:00 Ö | Lau 25/9 kl. 19:00 Ö | Lau 9/10 kl. 19:00 |
| Lau 18/9 kl. 19:00 Ö | Fös 1/10 kl. 19:00 Ö | Sun 17/10 kl. 19:00 |
| Sun 19/9 kl. 19:00 Ö | Lau 2/10 kl. 19:00 Ö | Sun 24/10 kl. 19:00 |
| Mið 22/9 kl. 19:00 U | Sun 3/10 kl. 15:00 | Mið 27/10 kl. 19:00 Ö |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 21/10 kl. 20:00 Ö | Fim 4/11 kl. 20:00 |
| Fös 29/10 kl. 20:00 | |

**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 11/9 kl. 20:00 Ö U | Fim 16/9 kl. 20:00 Ö |
| Sun 12/9 kl. 20:00 U U | Fös 17/9 kl. 20:00 síð.sýn. Ö |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.



# Outlet

*Vorum að fylla búðina af nýjum vörum..*

# 60-80%

*afsláttur*



*Andersen & Lauth*

*Reykjavik*

*established 1934*

outlet, vintage & one off, Laugavegur 86-94, sími 552 6067

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Brim á RIFF



Dagskrá kvikmyndahátíðarinnar RIFF er smátt og smátt að smella saman. Fjöldi góðra viðburða verður í boði en stóru tíðindin hljóta að vera þau að hin íslenska Brim verður frumsýnd á hátíðinni. Margir hafa beðið með mikilli eftirvæntingu eftir henni en Vesturports-leikhópurinn fer með öll stærstu hlutverkin. Leikstjóri er **Árni Ólafur Ásgeirsson** en myndin er byggð á samnefndu leikverki Jóns Atla Jónassonar sem Vesturport setti einmitt upp fyrir nokkrum árum.

### Jónína í predikunarstólinn

**Jónína Benediktsdóttir** reynir fyrir sér í nýju hlutverki á sunnudaginn kemur. Þá mun hún predika fagnaðarerindið fyrir liðsmenn Krossins í Kópavogi. Jónína og Gunnar Þorsteinsson í Krossinum gengu sem kunnugt er í hjónaband fyrir stuttu og hefur Jónína verið virkur liðsmaður Krossins undanfarið. Þetta verður þó hennar fyrsta predikun. Á vef safnaðarins segist hún iðulega hafa stigið út fyrir þægindarammann, út í óvissuna, látið reyna á hugrekkið og tekist á við óttann. Þetta sé liður í því. „Það hefur verið mér margt átakamikið að giftast Gunnari í Krossinum en innri átök mín hafa ekki síður verið gagnvart þeim fordómum sem ríkja á Íslandi út í Krossinn," skrifar Jónína.



- fgg, sh

### Mest lesið vísir.is

1. Klámnotkun Jóns Gnarr rædd í borgarráði
2. Formaður velferðarráðs: Klám er gróft ofbeldi
3. Jón Gnarr: Klám er dýrslegt og ógeðfellt
4. Suðurnesjamorðið: Grét þegar hann lýsti morðinu
5. „Birgitta er atvinnustjórnmálamaður og einstæð móðir"
6. Bannað að hlæja að þessu myndbandi





# Hver er þinn haustilmur?



Ný sending • Ilmkerti • Ilmstrá • Ilmpokar



Ilmur mánaðarins
25% afsláttur
Macintosh Spice

YANKEE CANDLE®
a passion for fragrance®

Ilmstráin komin aftur!



## Dorma býður betur



ÓTRÚLEGT VERÐ
30x30 cm kr. 99,-
50x100 cm kr. 499,-
70x140 cm kr. 995,-
Baðmottur 50x85 cm kr. 1.090,-



20% afsláttur
Serta heilsurúm



149.000,-
Interbed 160x200



69.900,-
Frábær svefnsófi með rúmfatageymslu!



69.900,-
Hægindastóll í taui



14.900,-
Dúnsæng

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-16

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is